BEINT FRÁ BÝLI

OPINN LANDBÚNAÐUR

ferðaþjónusta bænda

Upp í sveit 2011

Gisting, matur og afþreying um allt land

Icelandic Farm Holidays

Farm Visits - Farm Food Direct

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS 2011

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá TM*

*Samkvæmt niðurstöðum könnunar Capacent á ánægju viðskiptavina íslenskra fyrirtækja 2010.

TM Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**

Ef þú ert tryggður þá færðu það bætt

Ferðaþjónusta bænda
Icelandic Farm Holidays

Gisting, matur og afþreying um allt land

Innan vébanda Ferðaþjónustu bænda eru 164 bæir út um allt land sem bjóða upp á gistingu, mat og afþreyingu. Gistingin er fjölbreytt, allt frá einfaldri heimagistingu upp í gistihús, sveitahótel, sumarhús og tjaldsvæði. Uppbúin rúm og svefnpokagisting. Máltíðir að hætti heimamanna. Ýmis afþreying er í boði eins og t.d. hestaferðir, veiði, gönguferðir, siglingar, sund, golf, fjórhjóla- og snjósleðaferðir. Í bæklingnum er einnig að finna upplýsingar um bæi sem eru þátttakendur í Beint frá býli og Opnum landbúnaði. Þetta er samstarfsverkefni Ferðaþjónustu bænda, Bændasamtaka Íslands og Beint frá býli.

Experience nature and local culture in the Icelandic countryside

Icelandic Farm Holidays is an association of 164 farms all around Iceland offering accommodation, meals and all kinds of activities. The accommodation is diverse; farmhouses, guesthouses, country hotels and cottages. In made up beds and sleeping bag. The farmers are known for their excellent traditional cooking and hospitality. Various activities are offered at the farms such as: horse riding, fishing, hiking, golf, etc. In this brochure you will find a list of our farmhouses and information about farms involved in „Farm food direct“ and „Open agriculture“ (Farm visit).

sveit.is - farmholidays.is

Útflutningsverðlaun forseta Íslands 2011

Ferðaþjónusta bænda

PRESIDENT OF ICELAND AWARD FOR EXPORT ACHIEVEMENT

Útflutningsverðlaun forseta Íslands eru veitt í viðurkenningarskyni fyrir markvert framlag til eflingar á útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar. Í úthlutunarreglum er kveðið á um að verðlaunin skuli veitt fyrirtækjum eða einstaklingum, íslenskum eða erlendum, fyrir árangursríkt starf að útflutningi á íslenskum vörum eða þjónustu á erlendum markaði.

Vörumerkið er íslenski burstabærinn.

Um Ferðaþjónustu bænda

Félagsskapur ferðaþjónustubænda fór að myndast fyrir 1970 þegar ferðaskrifstofur fóru að kynna og selja bændagistingu sem sérstaka vöru fyrir erlenda gesti. Félag ferðaþjónustubænda varð til formlega 1980 og starfrækti félagið ferðaskrifstofu og sinnti sölumálum sjálft um árabil. Þá var mjög mikilvægur grunnur lagður að félagsskapnum með markvissri vinnu í gæðamálum. Ferðaskrifstofan Ferðaþjónusta bænda var stofnuð árið 1991 um sölustarfsemina en þar með færðist öll starfsemi tengd markaðssetningu og sölustarfsemi frá félaginu sem nú starfar sem hagsmunafélag þeirra bænda sem stunda ferðaþjónustu. Enn í dag er fyrirtækið Ferðaþjónusta bænda - Bændaferðir eru að stórum hluta í eigu félaganna. Það er markmið ferðaþjónustu bænda að vörumerkið íslenski burstabærinn standi ávallt fyrir gæði í þjónustu og aðbúnaði með sjálfbæra ferðaþjónustu að leiðarljósi.

Útgefandi: Ferðaþjónusta bænda – Bændaferðir
Umsjón með útgáfu og prófarkalestur: Berglind Viktorsdóttir
Ábyrgðarmaður: Sævar Skaptason
Auglýsingar: Júlíana Erlendsdóttir
Hönnun: Þór Ingólfsson, Hörður Kristbjörnsson og Ragnheiður Ágústsdóttir
Forsíðumynd: Jón Páll Vilhelmsson ljósmyndari
Ljósmyndir: Thorstein Henn o.fl.

Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Ekki má afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Síðumúla 2 – 108 Reykjavík
Sími: 570 2700 – Fax: 570 2799
Netfang: sveit@sveit.is – Veffang: www.sveit.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2010

Ferðaþjónusta bænda

Ferðaþjónusta bænda/ Icelandic Farm Holidays 3
Efnisyfirlit 4
Þjónustumerki – Symbols 6–7
Íslandskort 8–11
Flokkun gististaða – categories 12
Upplýsingar um bæi 13
1 Þóroddsstaðir 13
3 Minna Knarrarnes 13
4 Elliðahvammur 13
5 Gistihúsið Kríunes 13
6 Gunnarshólmi 13
10 Kiðafell 13
11 Hjalli í Kjós 15
12 Eyrarkot 15
14 Bjarteyjarsandur 15
15 Hlíð 15
17 Beitistaðir 15
22 Hvítárbakki 15
24 Fossatún 17
25 Brenna 17
30 Brennistaðir 17
38 Nes 17
39 Steindórsstaðir 17
40 Signýjarstaðir 17
60 Fljótstunga 19
95 Bjarg 19
100 Ensku húsin 19
102 Hraunsnef 19
105 Snorrastaðir 19
120 Gistihúsið Langaholt 19
125 Kast Gistihús 21
131 Hótel Hellnar 21
141 Suður-Bár 21
152 Stóra-Vatnshorn 21
162 Miðjanes 21
175 Rauðsdalur 21
178 Hótel Látrabjarg 23
180 Breiðavík/Látrabjarg 23
183 Hótel Núpur 23
187 Kirkjuból í Bjarnardal 23
190 Heydalur í Mjóafirði 23
200 Urðartindur 23
233 Kirkjuból við Steingrímsfjörð 25
234 Snartartunga 25
240 Staðarskáli 25
260 Brekkulækur 25
266 Neðra-Vatnshorn 25
268 Gauksmýri 25
275 Dæli í Víðidal 27
280 Húnavellir 27
282 Stekkjardalur 27
285 Hof í Vatnsdal 27
290 Stóra-Giljá 27
300 Geitaskarð 27
320 Ferðaþjónustan Steinsstöðum 29
334 Sölvanes 29
335 Glæsibær 29
336 Keldudalur Gestahús 29
344 Bjarnargil 29
349 Sveitasetrið Hofsstöðum 29
350 Hofsstaðir 31
353 Lauftún 31
354 Flugumýri 31
357 Engimýri 31
360 Syðri-Hagi 31
370 Ytri-Vík 31
373 Dæli í Skíðadal 33
374 Skjaldarvík 33
375 Sílastaðir 33
380 Pétursborg 33
382 Lónsá 33
383 Öngulsstaðir III 33
384 Leifsstaðir 35
385 Ytra-Laugaland 35
387 Hrafnagil 35
395 Hléskógar 35
398 Safnasafnið 35
399 Bjarnargerði 35
400 Hótel Natur / Þórisstöðum 37
401 Sveinbjarnargerði 37
402 Draflastaðir 37
403 Fosshóll 37
404 Stóru-Laugar 37
405 Gistihúsið á Narfastöðum 37
406 Kiðagil 39
408 Rauðaskriða 39
415 Gistiheimilið Stöng 39
420 Skútustaðir 39
425 Vogafjós 39
430 Eldá/Reykjahlíð 39
450 Þinghúsið Hraunbær 41
451 Hagi I 41
455 Garður í Aðaldal 41
456 Brekka 41
457 Klambrasel/Langavatn 41
458 Árdalur 41
460 Hóll 43
461 Keldunes II 43
475 Ytra-Áland 43
478 Grímstunga I 43
485 Sireksstaðir 43
490 Syðri-Vík 43
498 Skjöldólfsstaðir 45
500 Hótel Svartiskógur 45
503 Ferðaþjónustan Ekru 45
504 Borg í Njarðvík 45
505 Gistiheimilið Álfheimar 45
520 Eyvindará II 45
530 Skipalækur 47
532 Gistihúsið Egilsstöðum 47
536 Útnyrðingsstaðir 47
538 Eyjólfsstaðir 47
540 Hafursá 47
542 Fljótsdalsgrund 47
545 Aðalból II 49
550 Sólbrekka 49
555 Skarð 49
560 Hótel Staðarborg 49
584 Árnanes V 49
586 Brunnhóll 49
587 Lambhús 51
588 Hólmur 51
589 Nýpugarðar 51
591 Skálafell 51
592 Smyrlabjörg 51
595 Gerði 51
596 Hali 53
599 Litla-Hof 53
600 Hof í Öræfum 53
630 Hótel Laki/Efri-Vík 53
635 Geirland 53
636 Hunkubakkar 53
637 Mið-Hvoll 55
638 Höfðabrekka 55
639 Steig 55
640 Hótel Dyrhólaey/Brekkum 55
641 Vellir 55
642 Eystri-Sólheimar 55
644 Sólheimahjáleiga 57
645 Hótel Anna/Moldnúpi 57
646 Drangshlíð 57
647 Vestri Pétursey 57
648 Ásólfsskáli 57
649 Stóra-Mörk III 57
650 Smáratún 59
651 Fagrahlíð 59
652 Hellishólar 59
654 Búðarhóll 59
656 Vestri Garðsauki 59
662 Hestheimar 59
665 Heimaland 61
670 Hrauneyjar Hálendismiðstöð 61
671 Hótel Háland 61
680 Efra Sel – Kaffi Sel 61
683 Dalbær III 61
684 Hestakráin 61
685 Hótel Hekla/Brjánsstöðum 63
686 Vorsabær 63
687 Vatnsholt 63
688 Friðheimar 63
689 Hrosshagi 2 63
690 Sel 63
691 Efsti-Dalur 65
692 Hótel Gullfoss/Brattholti 65
693 Hótel Geysir 65
696 Skálabrekka 65
710 Geirakot 65
722 Núpur 65
725 Hótel Eldhestar/Völlum 64

Litirnir segja til um meginháherslu í ferðaþjónustunni á hverjum stað. Á mörgum stöðum getur einnig verið um annars konar gistingu að ræða, t.d. sumarhús. Einnig fjölbreytt afþreying.

Beint frá býli

Um beint frá býli 67

Suðvesturland
Háls 67
Bjarteyjarsandur 67
Neðri Háls 78

Vesturland og Vestfirðir
Grímsstaðir 68
Háafell 68
Norðtunga 3 68
Örnólfsdalur 68
Ystu – Garðar 68
Hundastapi 68
Álftártunga 69
Foss 69
Erpsstaðir 69
Þurranes 69
Staður 69
Skálholt 69
Höfði 70
Gemlufall 70
Núpur II (Rani) 70
Æðey 70
Húsavík 70
Glitstaðir 78
Leirulækur 78
Ytri – Fagridalur 78
Brjánslækur 78
Fremri – Hjarðardalur 78
Miðhús 78

Norðurland
Dæli 70
Gil 71
Laugarmýri 71
Stórhóll 71
Garður 71
Holtsel 71
Litli-Dunhagi 71
Skjaldarvík 72
Krossar 72
Skarðaborg 72
Vogafjós 72
Hella 72
Möðrudalur á Fjöllum 72
Lón II 73
Brekkulækur 78
Auðkúla I 78
Bólstaðarhlíð 78
Hafnir 78
Litla – Hlíð 78
Finnastaðir 79
Höfði I 79

Austurland
Ytra – Áland 73
Sírekstaðir 73
Aðalból II 73
Klausturssel 73
Blöndubakki 73
Miðhús 74
Vallanes 74
Borg 74
Egilsstaðir I 74
Setberg 74
Seljavellir 74
Miðsker 75
Árbær 75
Smyrlabjörg 75
Straumur 79
Ásgarður 79

Suðurland
Sólheimar 75
Garðyrkjustöðin Engi 75
Garðyrkjustöðin Akur 75
Böðmóðsstaðir 76
Efsti - Dalur II 76
Fossnes 76
Langholtskot 76
Egilsstaðakot 76
Þjórsárnes 76
Kaldbakur 77
Hrólfsstaðahellir 77
Hestheimar 77
Vestra – Fíflholt 77
Eystri -Torfastaðir II 77
Smáratún 77
Ormsstaðir 79
Vegatunga 79
Laxárdalur 79
Langamýri 79
Lágafell 79
Miðey 79
Önundarhorn 79
Þorvaldseyri 79

■ Býli með söluaðstöðu heima ■ Fjarsala eingöngu

Opinn landbúnaður

Íslandskort BFB / OL 80
Heimsókn á opið býli-leiðbeiningar 81

Suðvesturland
Bjarteyjarsandur 82
Grjóteyri 82
Hraðastaðir 82
Miðdalur 82

Vesturland og Vestfirðir
Bjarnarhöfn 82
Erpsstaðir 82
Ferjukot 82
Helgavatn 82
Hvanneyri 82
Skáney 83
Ytri-Fagridalur 83
Hænuvík 83

Norðurland
Gauksmýri 83
Keldudalur 83
Syðra-Skörðugil 83
Garður 83
Krossar 83
Skarðaborg 84
Stóri-Dunhagi 84
Ytra-Lón 84

Austurland
Sírekstaðir 84
Egilsstaðir I 84
Gilsárteigur II 84

Suðurland
Arnarholt 84
Árbakki 84
Ásólfsskáli 84
Egilsstaðakot 85
Engi 85
Espiflöt 85
Fagridalur 85
Friðheimar 85
Hrosshagi 85
Sólheimar 85
Stóra-Mörk III 85
Vorsabær II 85

Þjónustumerki – Symbols

Þjónusta

Máltíðir, aðrar en morgunmatur eru í boði ef pantað er fyrirfram	Meals available if booked in advance
Eldunaraðstaða	Cooking facilities
Máltíðir og/eða léttar veitingar	Restaurant/coffee-house
Vínveitingar	Licenced dining room/bar
Hefðbundinn búskapur	A working farm
Húsdýr til sýnis	Farm animals accessible by guests
Leiksvæði fyrir börn	Playground for children
Tjaldsvæði	Camping site
Stæði fyrir húsbíla	Facilities for RVs

Afþreying

Veiðileyfi seld	Fishing permits
Hestaferðir	Horseback riding
Hestasýningar	Horse show
Heitur pottur er á bænum	Hot pot/Jacuzzi
Sundlaug	Swimming pool
Golfvöllur er við bæinn eða í næsta nágrenni	Golf course in the neigbourhood
Snjósleðaferðir	Glacier tours
Bátaleiga	Boat rental
Merktar gönguleiðir	Marked walking trails or guided tours
Hjólaleiga	Bike rental
Fuglaskoðun	Bird watching
Fjórhjólaferðir	ATV tours (All Terrain Vehicle)
Aðstaða til funda- og ráðstefnuhalda	Facilities for meetings/conferences

Meðan á dvöl stendur

Ef þið eruð ekki ánægð með gistinguna eða þjónustuna meðan á dvölinni stendur, þá endilega látið gestgjafana vita. Þannig er hægt að leiðrétta það sem miður fer á staðnum og komast hjá óþarfa óþægindum.

During your stay

If you are not satisfied with your accommodation or the service, please inform the hosts so that they can react and rectify the situation while you are there.

Þjónustumerki – Symbols

Aðstaða

Áhugavert umhverfi	Place of interest
Verslun er á bænum eða í næsta nágrenni	Shop at the farm or in the neigbourhood
Bensínsala er á bænum eða í næsta nágrenni	Petrol station at the farm or in the neigbourhood
Reykingar bannaðar í hluta eða öllu gistirými	Non-smoking area either in all or part of the facilities of the farm
Handverk sýnt og/eða selt á bænum	Handicraft centre
Kreditkort (Visa/Euro/Mastercard)	Credit cards accepted (Visa/Euro/Mastercard)
Aðstaða fyrir fatlaða	Facilities for disabled
Aðgangur að nettengdri tölvu	Internet access
Þráðlaust netsamband	Wireless Internet
Sjónvarp inni á herbergjum / í bústöðum	Television in rooms / cottages

Annað

Beint frá býli – Félagsaðild	Farm food direct – Membership
Opinn landbúnaður – Verkefni á vegum Bændasamtaka Íslands	Farm visit - Information at the farms
Gististaður flokkaður eftir stjörnuflokkun Ferðamálaráðs Íslands	Accommodation rated by the Icelandic Tourism Board starsystem
Tjaldsvæði flokkuð eftir stjörnuflokkun Ferðamálastofu	Camping rated by the Icelandic Tourist Board star system
Svanurinn, norræna umhverfismerkið	The Nordic Ecolabel Swan
Vottun á aðgengi	www.accessIceland.is

Eftir ferðalagið

Ábendingar frá ykkur um það sem vel er gert og það sem betur má fara innan vébanda Ferðaþjónustu bænda eru vel þegnar. Við hvetjum þig til að senda línur á sveit@sveit.is eða bréfleiðis til Ferðaþjónustu bænda, Síðumúla 2, 108 Reykjavík.

After the stay

We would appreciate receiving comments from you about the stay with us. E-mail: ifh@farmholidays.is or visit the website: www.farmholidays.is

Norðvesturland

Suðvesturland
Snæfells-jökull
125.Kast
120.Gistihúsið Langholt
131.Hótel Hellnar
105.Snorrastaðir
102.Hraunsnef
Hveravellir
Hofsjökull
60.Fljótstunga
40.Signýjarstaðir
38.Nes
39.Steindórsstaðir
22.Hvítárbakki
30.Brennistaðir
23.Jaðar
100.Ensku húsin v/Langá
24.Fossatún
95.Bjarg
Borgarnes
25.Brenna
Langjökull
FAXAFLÓI
17.Beitistaðir
15.Hlíð
14.Bjarteyjarsandur
Akranes
12.Eyrarkot
10.Kiðafell
11.Hjalli
Geysir
Gullfoss
693.Hótel Geysir
692.Hótel Gullfoss
Þórisvatn
696.Skálabrekka
691.Efsti-Dalur
REYKJAVÍK
Þingvalla-vatn
689.Hrosshagi
688.Friðheimar
671.Hótel Háland
670.Hrauneyjar
690.Sel
680.Efra-Sel
683.Dalbær
1.Þóroddsstaðir
Garður
Kópavogur
5.Krýsuvík
6.Gunnarshólmi
Sandgerði
4.Elliðahvammur
Keflavík
3.Minna-Knarrarnes
686.Vorsabær 2
Hveragerði
684.Hestakráin
722.Núpar
685.Hótel Hekla
665.Heimaland
725.Hótel Eldhestar
Landmannalaugar
Bláa lónið
Selfoss
662.Hestheimar
710.Geirakot
Grindavík
Þorlákshöfn
687.Vatnsholt
Hella
Hvolsvöllur
651.Fagrahlíð
656.Vestri-Garðsauki
650.Smáratún
652.Hellishólar
Þórsmörk
649.Stóra-Mörk
Mýrdals-jökull
654.Búðarhóll
648.Ásólfsskáli
645.Hótel Anna
644.Sólheimahjáleiga
646.Drangshlíð
640.Hótel Dyrhólaey
642.Eystri-Sólheimar
637.Mið-Hvoll
639.Steig
Vík
647.Vestri-Pétursey
638.Höfða-brekka
641.Vellir
Vestmannaeyjar
TÁKN
Heimagisting
Gistihús bænda
Sveitahótel
Sumarhús
Önnur þjónusta en gisting
Kortagerð: Ólafur Valsson Copyright ©



Norðausturland


Suðausturland
VATNAJÖKULL
Hofsjökull
Sprengisandur
Þórisvatn
Mýrdals-
jökull
555.Skarð
560.Hótel Staðarborg
Breiðdalsvík
Djúpivogur
587.Lambhús
588.Hólmur
584.Árnanes
Höfn
586.Brunnhóll
589.Nýpugarðar
591.Skálafell
592.Smyrlabjörg
596.Hali
595.Gerði
Jökulsárlón
Skaftafell
600.Hof
599.Litla-Hof
635.Geirland
636.Hunkubakkar
Kirkjubæjarklaustur
630.Hótel Laki
Ingólfshöfði
TÁKN
Heimagisting
Gistihús bænda
Sveitahótel
Sumarhús
Önnur þjónusta en gisting
Kortagerð: Ólafur Valsson Copyright ©

Flokkun gististaða – Categories

Flokkun gististaða

Ferðaþjónusta bænda býður upp á fjölbreytta gistimöguleika um allt land. Hver bær er einstakur og endurspegla því bæirnir mikla fjölbreytni í ferðaþjónustu í dreifbýli Íslands. Allsstaðar er lögð áhersla á persónulega þjónustu og þá kyrrð sem fylgir íslenskri sveitasælu. Flokkun gististaða innan Ferðaþjónustu bænda er þessi:

- **Heimagisting:** Gestir dvelja inni á heimili gestgjafans. Herbergin eru einföld en þægileg.
- **Gistihús bænda:** Herbergin geta verið í séríbúð í húsi gestgjafanna, íbúðarhúsi eða öðru rými sem breytt hefur verið í gistihús, sérhúsum, smáhýsum og sumarhúsum. Í þessum flokki er bæði að finna herbergi með og án sér baðherbergis.
- **Sveitahótel:** Fyrir þá sem vilja aukin þægindi og hærra þjónustustig. Meirihluti herbergja er með sér baðherbergi auk þess sem meiri kröfur eru gerðar til húsbúnaðar og þjónustu á staðnum en í heimagistingu og í gistihúsum bænda.
- **Sumarhús:** Sumarhúsin eru leigð út sem ein heild til lengri eða styttri dvalar (yfirleitt með sængum og koddum). Hægt að leigja sængurver. Hér getur bæði verið um að ræða hefðbundna sumarbústaði eða hús sem áður hafa verið notuð sem íbúðarhús.

Flokkun herbergja:

Uppbúin rúm I.-IV. flokkur:

I: Gisting í einföldum herbergjum, án baðs og handlaugar. Búið er um rúm gesta og herbergi ræst daglega. Handklæði fylgir hverju rúmi. Morgunverður í boði.

II: Skilyrði I. flokks eru uppfyllt en að auki eru í herberginu handlaug.

III: Skilyrði I og II flokks eru uppfyllt en að auki er hvert herbergi með sérbaðherbergi.

IV: Skilyrði I, II og III flokks uppfyllt. Þessi herbergi eru að finna á sveitahótelum þar sem gerðar eru meiri kröfur varðandi aðbúnað í herbergjum auk hærra þjónustustigs en í heimagistingu og í gistihúsum bænda.

Svefnpokapláss:

Þessi aðstaða getur verið í herbergjum af venjulegri stærð (1-4ra manna) eða í sal. Svefnpokagisting er aðallega í rúmum þó svo dýnur séu oft notaðar í sal eða ef þarf að bæta inn aukarúmi.

Sumarhús: A, B, C og D

Öll sumarhús eiga að uppfylla kröfur Ferðaþjónustu bænda varðandi snyrtimennsku bæði innanhúss og utan. Fjöldi gesta í bústað miðast við fjölda rúma en auk þess kemur fram í bæjartextanum fjöldi svefnherbergja og hvort um svefnsófa og svefnloft sé að ræða. Sængur og koddar fylgja hverju rúmi og hægt er að leigja sængurver. Eldunaraðstaða, eldhúsáhöld og borðbúnaður fyrir skráðan fjölda gesta. Reykskynjari og slökkvitæki. Munurinn á flokkum A-D liggur helst í aðstöðu og þægindum. Oft uppfylla húsin að einhverju leyti meiri kröfur en flokkur þeirra segir til um en til þess að komast í hærri flokk þurfa öll skilyrði hans að vera uppfyllt. Þrif á bústað eru ekki innifalin.

A: Þetta eru lítil hús, eitt rými, þ.e. stofa með eldunar- og svefnaðstöðu auk snyrtingar.

B: Í þessum húsum er a.m.k. eitt svefnherbergi með rúmum. Setustofa og eldhús.

C: Auk skilyrða A og B er eitt svefnherbergi vel búið, snyrting með sturtu, bakaraofn/örbylgjuofn, verönd, garðhúsgögn og grill.

D: Auk skilyrða A, B og C er lögð áhersla á góðan heildarsvip og húsbúnað. Sjónvarp, geislaspilari og heitur pottur við húsið.

Talan fyrir aftan flokkunina við hvern bæ segir til um fjölda gistirúma.

Farm categories

Icelandic Farm Holidays offers a variety of accommodation around the country. Each farm is unique and therefore shows difference in rural tourism in Iceland. Each place has personal service and the tranquility of Icelandic nature. The categories within Icelandic Farm Holidays consist of:

- **Farmhouse:** The guests stay in the home of the hosts. The rooms are simple but comfortable and adequate.
- **Farmer´s guesthouse:** The rooms can be in the house of the hosts, but separated from their home, in another country-house, unit cottages or cottages. Rooms with both shared and private facilities.
- **Country hotel:** More luxury in comfort and service available. Most of the rooms have private facilities.
- **Cottage:** All cottages have cooking facilities and the necessary kitchen utensils and crockery for the registered number of guests. Bed linen rental if required.

Room categories:

Made up beds category I.-IV:

I: These rooms are simple, comfortable and adequate. The beds are made and rooms cleaned daily. Towels are supplied. Guests have access to communal sitting room. Breakfast available.

II: In addition to category I, all rooms have hand basins.

III: In addition to categories I and II, rooms have private facilities. These rooms can be in farmhouses, guesthouses and cottages.

IV: Better equipped rooms with private facilities in country hotels.

Sleeping bag accommodation:

Sleeping bag accommodation can be in ordinary sized rooms or dormitories (1-4 persons) and is mostly in beds, although mattresses are sometimes provided when extra beds are needed. Breakfast is not included.

Types of cottages: A, B, C and D

The cottages are rented both on daily and weekly basis. Duvets are supplied but guests must rent bed linen. All cottages have cooking facilities and the necessary kitchen utensils and crockery fo the registered number of guests. The difference between the classification A, B, C and D is mainly a question of extra facilites and comfort. Cleaning of the cottage upon departure is not included in the rental price.

A: These cottages are simple and need only be one room and WC facilities.

B: These cottages have at least one separate bedroom. Living room and kitchen.

C: In addition to the requirements of A and B, there is a shower in the cottage, one well equipped bedroom with bedside table and wardrobe. Baking-oven. Outside the cottage is a veranda with garden furniture and barbeque.

D: In addition to the requirements of A, B and C there should be comfortable and tasteful furniture. Television, CD-player and a hot tub by the house.

Suðvesturland

1 Þóroddsstaðir v/Sandgerði, 245 Sandgerði

S: 423-7748, 893-7523 – Netfang: putti@simnet.is

3 x 4ra manna sumarhús (30 m²) með 2 svefnherbergjum (tvíbreitt rúm og kojur). Svefnsófi í stofu, fullbúið eldhús og snyrting með sturtu. Sjónvarp og útvarp. Heitir pottar. Staðsett við sjávarsíðuna. Blómlegt fuglalíf og útsýni yfir innsiglinguna í Sandgerði. Við veg 45. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli:** Garður 2 km, Sandgerði 2 km. **Sundlaug:** 2 km. **Golf:** 400 m. 10 km út á Keflavíkurflugvöll. **Gestgjafi:** Ingimar Sumarliðason.

D:12 TV

3 Minna Knarrarnes á Vatnsleysuströnd, 190 Vogum

S: 424-6766, 898-6760 - Netfang: birgir.thorarinsson@gmail.com

Vel útbúin íbúð á neðstu hæð í fallegu íbúðarhúsi með sér inngangi, aðeins nokkra metra frá ströndinni. Lágmarksdvöl 2 nætur. Eldhús, stofa, baðherbergi og eitt svefnherbergi (einnig gisting fyrir tvo í stofunni). Húsið var upprunalega byggt 1929 en 1999 var húsið stækkað og tekið í gegn. Fallegt útsýni í allar áttir. Tilvalin staður til fuglaskoðunar. Einnig hægt að kafa við ströndina. Góð staðsetning til skoðunarferða bæði á Reykjanesi og í nágrenni Reykjavíkur (30 mín. akstur í miðbæ Reykjavíkur. Minna Knarrarnes er við veg 420. **Opið:** Allt árið. **Sund:** Vogar 4 km, Bláa lónið 15 km. **Þéttbýli/verslun:** Vogar 4 km. **Golf:** Kálfatjarnarvöllur 2 km. **Gestgjafar:** Birgir Þórarinsson og Anna Rut Sverrisdóttir.

D:4 TV Wi Fi

4 Elliðahvammur við Vatnsenda, 203 Kópavogur

S: 862-0260 – Netfang: hvammur@hvammur.is – Veffang: www.hvammur.is

Í boði er gisting í gamla bænum. Á neðri hæð eru 2x2ja manna herbergi í fl.I og á efri hæð eru 3 herbergi Í svefnpokaplássi (1x3ja manna og 2x2ja manna). Hægt að leigja allt húsið. Bærinn stendur á fallegum stað við Elliðavatn, ágætis gönguleiðir og möguleiki á fuglaskoðun. Stutt er í alla þjónustu bæði í Kópavog og Reykjavík strætó nr. 28 stoppar rétt hjá. Sundlaug, verslun og bensínstöð í næsta nágrenni. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Eggja og kjúklingaframleiðsla. **Gestgjafi:** Aðalheiður Þorsteinsdóttir.

I:4 7 CREDIT CARD Wi Fi

5 Gistihúsið Kríunes við Elliðavatn, 203 Kópavogur

S: 567-2245 – Netfang: kriunes@kriunes.is – Veffang: kriunes.is

Kríunes er fallegt gistiheimili í suðrænum stíl, staðsett rétt við bæjarmörkin vestanvert við Elliðavatn í landi Vatnsenda. Stutt er í alla þjónustu á höfuðborgarsvæðinu s.s verslanir, sundlaugar, banka o.fl. Boðið er upp á 8 falleg herbergi með baðherbergi. Einnig er boðið upp á svítur sem eru t.d. vinsælar fyrir brúðkaupsnótt. Fundaraðstaða er á staðnum, boðið er upp á veitingar þ.m.t. kvöldverð. Veiðileyfi í Elliðavatn og bátaleiga er á staðnum og margar merktar gönguleiðir í nágrenninu. 1 púttvöllur og 3 stuttar holur. Kríunes er við veg 410. **Opið:** 02.01-19.12. **Verslun/sund/golf:** 3 km. **Gestgjafi:** Björn Ingi Stefánsson.

III:16 IV:8 Wi Fi @

6 Gunnarshólmi v/Suðurlandsveg, 203 Kópavogur

S: 867-2100, 567-6886 - Netfang: guesthouse@gunnarsholmi.is - Veffang: gunnarsholmi.is - icelandicnaturetravel.com

Gunnarshólmi er staðsettur 15 km frá Reykjavík og býður upp á gistingu í húsi með 6 x 2ja m. herbergjum, 2 baðherbergjum, eldhúsi og setustofu. Einnig er stór garður og verönd með heitum potti. Aðgangur að þvottaaðstöðu. Gunnarshólmi er með hestarækt. Skíðasvæðið í Bláfjöllum er í næsta nágrenni og í Hólmsá er lax- og silungsveiði, hægt er að kaupa veiðileyfi og leigja veiðibúnað á bænum. Margvíslegar jeppaferðir í boði, allt eftir óskum viðskiptavina. Gunnarshólmi er við veg nr. 1. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar. **Golf:** Grafarholtsvöllur 7 km. **Sundlaug:** Árbæjarlaug 7 km. **Gestgjafar:** Jóna Margrét Kristinsdóttir og Gunnar Haraldsson.

I:12 Wi Fi CREDIT CARD

10 Kiðafell í Kjós, 270 Mosfellsbær

S: 566-6096 – Netfang: kidafell@dagfinnur.is – Veffang: dagfinnur.is/kidafell

Gisting í uppbúnum rúmum í 4 herbergjum á efri hæð. Svefnpokapláss. Stuttar hestaferðir, góðir hestar, fallegar reiðleiðir. Gönguleiðir: t.d. Eyrarfjall, Esja og fossinn Glymur. Kiðafell er 200 metra frá vegi 47. Reykjavík 38 km. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli:** Mosfellsbær 18 km, Akranes 12 km. **Sundlaug:** Kjalarnes 8 km. **Golfvöllur:** Hvammsvík 15 km, v/Leiruvog 18 km. **Gestgjafi:** Guðbjörg Þorvarðardóttir.

I:8 CREDIT CARD

Elding

- Ævintýri á sjó allan ársins hring frá Reykjavík

Sími **555 3565**

Tour Operator
Authorised by Icelandic Tourist Board

elding.is

SAFNASVÆÐIÐ Á AKRANESI

- Steinaríki Íslands
- Íþróttasafn Íslands
- Byggðasafn Akraness og nærsveita
- Í rétta átt – Sýning Landmælinga Íslands
- Upplýsingamiðstöð ferðamanna
- Vinnustofa handverkfólks
- Safnbúð
- Garðakaffi – veitingastofa

Opnunartími:

15. maí – 14. sept.: Kl. 10 – 17 alla daga
15. sept. – 14. maí: Kl. 13 – 17 alla daga
Á öðrum tíma eftir samkomulagi

Sími: 431-5566 • museum@museum.is
www.museum.is

Landbúnaðarsafn Íslands Hvanneyri

– þar sem gamla og nýja sveitin mætast –

Opið daglega júní – ágúst kl. 12-17
Á öðrum tímum eftir samkomulagi

Upplýsingar í síma
433 5000 og 844 7746

www.landbunadarsafn.is

Verið velkomin upp í sveit!

www.beintfrabyli.is

www.bondi.is

www.sveit.is

Suðvesturland

11 Hjalli - Kaffi Kjós, 276 Mosfellsbær

S: 566-7019, 897-2219 - Netfang: hjalli@kaffikjos.is - Veffang: www.kaffikjos.is

Gisting í 1 x 4 manna smáhýsi (koja 140 cm á breidd). Einnig góð aðstaða fyrir fundi, ráðstefnur og minni ættarmót. Tjaldsvæði með salernis- og sturtuaðstöðu. Ágætis göngusvæði og veiði í Meðalfellsvatni. 1 km frá Hjalla er Kaffi Kjós þar sem gestir geta fengið sér hressingu eða máltíðir. Fallegt útsýni yfir vatnið. Hjalli og Kaffi Kjós eru við veg 461, 5 km frá vegi 47. **Opið:** Gisting opin allt árið. Kaffi Kjós opið frá 01.06. - 31.08. Helgaropnun frá og með páskum, einnig í september. **Búskapur:** Hestar, kindur og hundar. **Næsta þéttbýli:** Mosfellsbær 28 km. **Sundlaug:** Kjalarnes 24 km. **Golf:** Hvammsvík 12 km. **Veiði:** Meðalfellsvatn. **Gestgjafar:** Birna Einarsdóttir og Hermann Ingólfsson

A:4 | CREDIT CARD

12 Eyrarkot, Kiðafelli 2 í Kjós, 270 Mosfellsbær

S: 566-7051, 692-3025 — Netfang: begga@emax.is

Snoturt gamalt sveitabýli í Kjósinni sem gert hefur verið upp. Tilvalið fyrir smærri hópa og einstaklinga sem vilja komast í friðsæld, ró og sveitastemmningu. Stórt útigrill og góð aðstaða til borðhalds. Morgunverður í boði ef pantað er fyrirfram. Aðstaða til fundarhalda í gömlu hlöðunni. Fyrir neðan húsið er fjara sem er vinsælt útivistarsvæði. Fjölbreytt fuglalíf og mikil náttúruparadís, sjávarföll mjög áberandi. Veiðileyfi í Hvammsvík (10 km). Kræklingafjörur í Hvalfirði og skemmtilegar gönguleiðir. Eyrarkot er við veg 47. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar og íslenskar hænur. **Næsta þéttbýli:** Mosfellsbær 15 km. **Sundlaug:** Kjalarnes 13 km. **Golf:** Hvammsvík 10 km. **Gestgjafar:** Bergþóra Andrésdóttir og Sigurbjörn Hjaltason.

C:10 | WI FI

14 Bjarteyjarsandur, Hvalfjarðarströnd, 301 Akranes

S: 433-8851, 862-1751 – Netfang: bjartey@bjartey.is – Veffang: bjartey.is

Bjarteyjarsandur er jörð á fallegum stað í innanverðum Hvalfirði. Gisting í vel útbúnum sumarhúsum, öll með heitum potti. Ýmislegt fleira er í boði m.a.: gönguferðir með leiðsögn, móttaka skólahópa, leikjanámskeiða og annarra ungmennahópa. 60 manna salur til útleigu með eða án tjaldsvæðis. Gallerý Álfhóll – opið allt árið um kring. Við veg 47. **Þjónusta í nágrenninu:** Sundlaug, golfvöllur, kajak siglingar, veiðivötn, veitingaskáli og hótel. **Gestgjafar:** Kolbrún Eiríksdóttir, Sigurjón Guðmundsson, Arnheiður Hjörleifsdóttir og Guðmundur Sigurjónsson.

D:11 | TV

15 Hlíð, Hvalfjarðarsveit, 301 Akranes

S: 433-8938, 892-4010 – Netfang: hlid@sveit.is – Veffang: hlid.net

Notaleg gisting í fögru umhverfi með frábæru útsýni, góð staðsetning til útivistar og skoðunarferða á Suður og Vesturlandi. 2 x 4ra manna heilsárshús (1 svefnh.) og 10 m² gestahús. Húsið stenst kröfur gerðar til 6 manna húss en er verðlagt sem 4ra manna. Uppbúin rúm og svefnpokapláss. Heitur pottur, sjónvarp. Lágmark 2 nátta leiga. Ýmsir möguleikar í veiði. Hlíð er við Svínadalsveg, 1 km frá vegi 47, 55 km frá Reykjavík. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur, hestar. **Næsta þéttbýli:** Akranes 19 km. **Sund:** Hlaðir 7 km. **Golf:** Þórisstaðir 14 km, Akranes 19 km, Borgarnes 26 km. **Gestgjafar:** Eyjólfur Jónsson og Ingibjörg Pétursdóttir.

D:4 | TV

17 Beitistaðir, Hvalfjarðarsveit, 301 Akranes

S: 897-6273, 431-2678 - Netfang: s.vigl@aknet.is - Veffang: beitistadir.com

Gisting á bænum í 3 x 2ja manna herbergjum á efri hæð. Baðherbergi, eldhús og setustofa sameiginlegt. Í nágrenninu er að finna fallegar gönguleiðir í Hvalfirðinum, m.a. að fossinum Glym, hæsta foss Íslands og Grunnafjörð, friðlýst svæði þar sem eru viðáttumiklar leirur með miklu fuglalífi. Bændamarkaður á sumrin á Laxárbakka, 1 km frá Beitistöðum. Beitistaðir eru við veg 1. **Opið:** 15.04. – 31.10. **Búskapur:** Hestar, kindur, hænur og hundur. **Sundlaug:** Hlaðir 7 km, Akranes 16 km, Borgarnes 20 km. **Þéttbýli/verslun/þjónusta:** Akranes 16 km, Borgarnes 20 km. **Gestgjafar:** Valdís Inga Valgarðsdóttir og Sæmundur Víglundsson.

I:6 | CREDIT CARD

22 Hvítárbakki í Borgarfirði, 311 Borgarnes

S: 435-1530, 893-3260 og 861-3260 – Netfang: millivina@millivina.is – Veffang: millivina.is

Gisting í fallegu tveggja hæða húsi í þægilegri fjarlægð frá Reykjavík. Boðið er upp á gistingu í 5 x 2ja m. herb. og 1 x 3ja manna herbergi. Aðgangur að rúmgóðri setustofu, borðstofu, sjónvarpshóli, þremur baðherbergjum og eldhúsi. Við húsið er fallegur gróinn garður með heitum potti. Gestir hafa einnig aðgang að snókerborði í fullri stærð. Tilvalið fyrir 10-16 manna hópa. Stutt í náttúruperlur Borgarfjarðar. Við veg nr. 514. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/golf:** Borgarnes 26 km. **Sundlaug:** Kleppjárnsreykir 12 km. **Gestgjafar:** Inga Stefánsdóttir og Sigurður Ragnarsson.

I:13

Snorrastofa

Menningarmiðstöð í Reykholti
s. 433 8000
www.snorrastofa.is

Gestastofa Snorrastofu:
Veitir ferðamönnum upplýsingar og þjónustu. Annast sýningar og minjagripaverslun og sér um útleigu á gestaíbúð og ráðstefnuaðstöðu Snorrastofu. Útvegar fyrirlestra um sögu staðarins og annast tónleika í Reykholtskirkju.

Opnunartími sýninga:
1. maí - 31. ágúst kl. 10-18 daglega.
1.sept. - 30. apr. kl. 10-17 virka daga.

SÝNINGAR OG VEITINGAHÚS OPIÐ ALLT ÁRIÐ

1. júní - 31. ágúst frá kl. 11 - 21 og
1. sept - 31. maí frá kl. 10 - 17.

Opið utan þessa tíma ef viðburðir eru í húsinu eða ef bókað er fyrirfram.

FERÐAMENN!

Tökum öll þátt í sjálfsagðri umhverfisvernd.

Hirðum um umhverfið - hendum ekki verðmætum.

Flestar drykkjarvöruumbúðir eru skilagjaldsskyldar. Skilagjaldið, fjórtán krónur á einingu, fæst endurgreitt við móttöku umbúðanna hjá Endurvinnslunni hf., eða hjá umboðsmönnum hennar um land allt.

ENDURVINNSLAN HF

Gjafabréf Ferðaþjónustu bænda

Tilvalin tækifærisgjöf

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Sími 570 2700 Síðumúla 2 - 108 Reykjavík
sveit@sveit.is • www.sveit.is

Suðvesturland

24 Fossatún í Borgarfirði, 311 Borgarbyggð

S: 433-5800 – Netfang: info@fossatun.is – Veffang: fossatun.is

Fossatún er staðsett í afar fallegu umhverfi svo að segja í miðjum Borgarfirði við veg nr. 50. Veitingahús með áherslu á kaffihúsaveitingar og heimilislegan mat með stíl, 5 stjörnu tjaldsvæði skv. flokkun Ferðamálastofu og gisting í húsi með fjórum herbergjum sem hægt er að bóka sitt í hvoru lagi eða húsið sem heild. Tröllagarðurinn í Fossatúni býður upp á tröllagöngu og tröllaleiki fyrir alla aldurshópa. Einnig leikjastétt, barnaleiksvæði, mini-golf og margvíslegar gönguleiðir til að njóta óviðjafnanlegrar náttúrufegurðar og útsýnins. Í Kaffi Vinyl er einstakt plötusafn eiganda og gestum gefst kostur á að skoða hina frábæra sýningu: Hljómfagra Ísland. **Opið:** 15.05.- 15.09 (á öðrum árstímum er veitingastaðurinn opinn eftir samkomulagi). **Næsta þéttbýli:** Borgarnes 18 km. **Golf:** Borgarnes 18 km, Reykholtsdalsvöllur 22 km. **Sundlaug:** 5 km. **Gestgjafar:** Steinar Berg Ísleifsson og Ingibjörg Pálsdóttir.

I:8 | WiFi | CREDIT CARD

25 Brenna í Lundarreykjardal, 311 Borgarnes

S: 435-1379, 895-1379 – Fax: 435-1478 – Netfang: jbb@vesturland.is

1 x 5 manna sumarhús, 3 svefnherbergi (2 hjónaherbergi og 1 kojuherbergi), rúmgóð stofa, eldhús og baðherbergi. Heitur pottur á verönd. Fallegar gönguleiðir. Vel staðsett fyrir dagsferðir á Snæfellsnes, Kaldadal, Langjökul og um Suðurland. Brenna er við veg nr. 52. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli/verslun:** Borgarnes 40 km. **Sundlaug:** Brautartunga 5 km. **Golf:** Borgarnes 40 km, Reykholtsdalsvöllur 42 km. **Gestgjafi:** Jón Böðvarsson.

C:5

30 Brennistaðir í Flókadal, 320 Reykholt

S: 696-1544, 435-1565 – Fax: 435-1499 – Netfang: brennistadir@emax.is

Gisting í heimahúsi 2 x 2ja m. og 1 x 1 m. herbergi. Einnig íbúð (fl. III) með einu svefnherbergi, baðherbergi, setustofu og eldunaraðstöðu (aðgangur að heitum potti), 3 x 4 manna sumarbústaðir (2 svefnh.). Húsin eru staðsett skammt frá bænum. Lítil á með fallegum fossi rennur rétt við húsin. Brennistaðir við veg 515 – Flókadalsveg. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar, kálfar, kindur, geitur, endur, hænur og gæludýr. **Næsta þéttbýli:** Reykholt 15 km. **Sundlaug:** Kleppjárnsreykir 9 km. **Golfvöllur:** Reykholtsdalsvöllur 15 km, Borgarnes 35 km. **Gestgjafar:** Vigdís Sigvaldadóttir, Þóra Árnadóttir og Hafsteinn Þórisson.



I:5 III:2 | B:12 | CREDIT CARD

38 Nes í Reykholtsdal, 311 Borgarnes

S: 435-1472, 893-3889. Fax: 435-1472. Netfang: bgnes@vesturland.is.

Golf og gisting í miðjum dal 3 km frá Reykholti. Reykholtsdalsvöllur er 9 holu golfvöllur á jörðinni Nesi. Í golfskálanum er boðið upp á léttar veitingar auk þess sem hægt er að taka salinn á leigu fyrir allt að 60 manns í sæti (aðstaða til sýninga á myndum og texta á sýningartjaldi). Nuddkona með aðstöðu í skálanum og hægt er að fara í heitan pott. Morgunverður í boði ef pantað er fyrirfram. Gisting í herbergjum án baðs í tveimur íbúðarhúsum. Margir áhugaverðir staðir í nágrenninu. Nes stendur við veg 518. **Opið:** Gisting allt árið. **Sundlaug:** Kleppjárnsreykir 6 km. **Verslun/veitingastaður:** Reykholt 3 kmm, Borgarnes 37 km. **Gestgjafar:** Bjarni Guðráðsson og Sigrún Einarsdóttir.

I:7 | 4 | CREDIT CARD

39 Steindórsstaðir í Reykholtsdal, 311 Borgarnes

S: 435-1227, 867-1988 - Netfang: steinda@emax.is - Veffang: www.steindorsstadir.is

Gisting í 6 herbergjum í sérhúsi á bæjarhlaðinu (eins, tveggja og þriggja manna herbergi). Handlaug er inni á herbergjum. Nýuppgert eldhús og 3 baðherbergi. Heitur pottur og aðgangur að þvottavél. Margir áhugaverðir staðir í nágrenninu, s.s. Reykholt 5 km, Deildartunguhver 9 km, Hraunfossar 15 km og Húsafell 30 km. Steindórsstaðir eru við veg nr. 517. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, kindur, hestar og hundur. **Golf:** Reykholtsdalsvöllur í Nesi 6 km, Húsafell 30 km. **Sundlaug:** Kleppjárnsreykir 9 km, Húsafell 30 km. **Verslun/veitingastaður:** Reykholt 5 km. **Næsta þéttbýli:** Borgarnes 45 km. **Gestgjafar:** Guðfinna Guðnadóttir og Þórarinn Skúlason.

II:11 | CREDIT CARD

40 Signýjarstaðir í Hálsasveit, 320 Reykholt

S: 435-1218, 893-0218 – Fax: 435-1218 – Netfang: signyjarstadir@simnet.is

Tvö sumarhús; 1 x 2 manna (22m^2: 1 herbergi og svefnloft) og 1 x 4 manna (47m^2: 2 herbergi og svefnloft). Silungsveiði í Hvítá. Stutt í jöklaferðir á Langjökul. Áhugaverðir staðir í nágrenninu: Hraunfossar, Barnafoss, Húsafell, Reykholt og Deildartunguhver. Signýjarstaðir eru við veg 518. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, kindur, hestar. **Verslun og veitingar:** Reykholt 7 km. **Sundlaug:** Kleppjárnsreykir 12 km, Húsafell 15 km. **Golf:** Reykholtsdalsvöllur í Nesi 8 km, Húsafell 15 km. **Gestgjafar:** Svandís Þorsteinsdóttir og Páll Jónasson.

C:6 | CREDIT CARD | TV

ÞJÓÐGARÐURINN SNÆFELLSJÖKULL

Komdu í ævintýri neðanjarðar með landvörðum í Vatnshelli
Sími 665 2818 / 436 6888

Daglega ævintýraferðir frá Stykkishólmi

Sæferðir bjóða upp á daglegar ævintýraferðir á Breiðafirði. Í ferðunum okkar færð þú tækifæri til að smakka skelfisk beint af hafsbotninum og njóta einstaks umhverfis Breiðafjarðar.

Á leiðinni til Vestfjarða getur þú stoppað í Flatey og notið kyrrðarinnar í eyjunni þar sem tíminn stendur kyrr.

- Suðureyjasigling
- Ferjan Baldur og Flatey
- Sjóstangveiði

Bókunarsími 433 2254

Frítt fyrir börn 15 ára og yngri í fylgd með foreldrum

www.seatours.is
seatours@seatours.is

Sæferðir - Smiðjustíg 3 - Stykkishólmi - Snæfellsnesi

Sæferðir

Suðvesturland

60 Fljótstunga í Hvítársíðu, 320 Reykholt

S: 435 1198, 865 4060. Netfang: fljotstunga@fljotstunga.is. Veffang: www.fljotstunga.is.

Sveitabærinn hefur verið í eign sömu fjölskyldunnar síðan 1877. Í landi Fljótstungu er Viðgelmir, einn af heimsins stærstu hraunhellum og stærsti hellir Íslands. Hellirinn er friðlýstur og bjóðum við upp á ferðir í hellinn með leiðsögn. Við bjóðum upp á herbergi heima á bæ, sumarhús, smáhýsi, tjaldsvæði og samkomusal þar sem gestir geta borðað og slakað á. Í Fljótstungu má finna fiskveiðiár, fossa og gönguleiðir. Bærinn er innst í dalnum, nálægt Langjökli og frábær staður til að sjá norðurljósin, og er einn af hinum fimm upprunalegu bæjum sem hófu ferðaþjónustu á Íslandi. Við veg 518. **Opið:** 01.04-01.10. **Sundlaug/verslun:** Húsafell 10 km. **Golf:** Húsafell 10 km, Reykholtsdalsvöllur 30 km. **Búskapur:** Hestar og hundur. **Gestgjafar:** Halldór og Lilían.

A:2 C:4 | I:4 | 13 | CREDIT CARD

95 Bjarg í Borgarnesi, 310 Borgarnes

S: 437-1925, 864 1325 – Netfang: bjarg@simnet.is

Bjarg er gamall bóndabær í útjaðri Borgarness, þar hafa gömul útihús verið innréttuð sem gistihús. Gisting er í sérbúð fyrir 4 með eldunaraðstöðu og baði og í íbúð með 3 herbergjum, 1 x 2ja og 2 x 4ra manna (2 rúm og koja), með sameiginlegri eldunaraðstöðu og baði. Einnig gisting í húsi á bakvið bæinn með 2 x 2ja m. herbergjum sem hægt er að leigja sem bústað. Bjarg er staðsett á kyrrlátum stað, þar sem útsýni er einstakt. Í nágrenninu eru margar skemmtilegar gönguleiðir. Vel staðsett fyrir skoðunarferðir um Vesturland. Bjarg er 400 m frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Borgarnes 1 km. **Hestaleiga:** 7 km. **Gestgjafar:** Heiður Hörn Hjartardóttir, Þorsteinn Arilíusson, Guðrún Eggertsdóttir.

I:10 III:4 | CREDIT CARD | TV | Wi Fi

100 Ensku húsin við Langá, 311 Borgarnes

S: 437-1826, 865-3899 – Fax: 437-1734 – Netfang: enskuhusin@simnet.is – Veffang: enskuhusin.is

Gisting og veitingasala í hinu aldargamla fyrrum veiðihúsi við Langá, Ensku húsunum. Einnig gisting í Lambalækjarhúsi endurnýjuðu friðuðu húsi frá sama tíma, 1 km frá Ensku húsunum og í Meyjaskemmunni heima við bæ (5 km frá Ensku húsunum). Aðstaða til veislu- eða minni fundarhalda. Práðlaust netsamband í aðalhúsinu. Lögð er áhersla á hið aldargamla yfirbragð húsanna, enda hefur saga þeirra verið vel varðveitt. Vel staðsett til skoðunarferða hvort sem er vestur á Snæfellsnes eða um byggðir Borgarfjarðar. Góðar gönguleiðir í nágrenninu. Við veg 533, 200 m frá vegi 54. **Opið:** Allt árið, en eingöngu fyrir gistingu á Lambalæk 01.10-01.05. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Borgarnes 6 km. **Gestgjafar:** Anna Dröfn Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Jóhannesdóttir og Stefán Ólafsson.

II:17 III:23 | CREDIT CARD

102 Hraunsnef í Norðurárdal, 311 Borgarnes

S: 435-0111 – Netfang: hraunsnef@hraunsnef.is – Veffang: www.hraunsnef.is

Gistihús með 10 herbergjum með baði. Einnig gisting í 3 smáhýsum. Leiksvæði fyrir börn ásamt aðgengi að hundum, hestum, hænum og svínum. Skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu auk þess sem boðið er upp á sérstakar álfagöngur. Sveitamarkaður á staðnum. Góð staðsetning fyrir dagsferðir á Vesturlandi. Hraunsnef er við veg 1. **Opið:** 01.02-30.12. **Næsta þéttbýli/verslun:** Borgarnes 35 km. **Gestgjafar:** Jóhann Harðarson og Brynja Brynjarsdóttir.

III:4 IV:20 | A:4 | CREDIT CARD | TV | Wi Fi | @

105 Snorrastaðir í Kolbeinsstaðarhreppi, 311 Borgarnes

S: 435-6628, 863-6628 – Fax: 435-6627 – Netfang: snorrastadir@simnet.is – Veffang: www.snorrastadir.is

4 x 5 m sumarbústaðir (2 svefnherbergi – annað með hjónarúmi, hitt með koju). Heitur pottur við hvern bústað. Svefnþokagisting fyrir 24 manns í sérhúsi með eldunaraðstöðu og heitum potti. Matsalur f. 40 manns og rúmgóð setustofa, þar að auki stór salur til leigu á sumrin, tilvalið fyrir ættarmót. Tjaldsvæði með snyrtiaðstöðu. Aðgangur að þvottaaðstöðu. Hestaleiga, góðar reiðleiðir, m.a. á Löngufjörur. Skemmtilegar gönguleiðir t.d. á eldgíginn Eldborg – gott útsýni. Snorrastaðir eru 1 km frá vegi 54. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar, kýr, kindur og hundur. **Næsta þéttbýli/golf/sundlaug:** Borgarnes 38 km. **Gestgjafar:** Branddís Hauksdóttir og Kristján Á. Magnússon.

D:20 | 24 | CREDIT CARD | TV

120 Gistihúsið Langaholt, Görðum Staðarsveit, 356 Snæfellsbær

S: 435-6789, 898-8823 – Fax: 435-6889 – Netfang: langaholt@langaholt.is – Veffang: www.langaholt.is

Gistihúsið Langaholt. Rúmgóð herbergi með baði. Svæðistengdur sjávarrétta-veitingastaður og vínveitingaleyfi. **9 holu golfvöllur**, vinsælt tjaldsvæði. Löng gullin strönd með fjölbreyttu fuglalífi. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir um Snæfellsnes. Langaholt eru við veg 54. **Opið:** 14.04-15.11. **Næsta þéttbýli:** Ólafsvík 33 km. **Sundlaug/ölkeldulaug:** Lýsuhóll 6 km. **Gestgjafi:** Þorkell Símonarson.

III: 40 | CREDIT CARD

www.sveit.is

Vinnum saman **Græðum Ísland**

Landgræðslufræ

Ef þú þarft að græða upp mela og rofabörð eða rækta fallegan grasflöt eigum við fræið handa þér.

Hagstætt verð.

Ráðgjöf um val á fræi við mismunandi aðstæður.

Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholti, 851 Hellu
Sími 488 3000 – www.land.is

Norðvesturland

125 Kast Gistihús, 356 Snæfellsbær

S: 693-4739 - Netfang: kast@kastguesthouse.is - Veffang: www.www.kastguesthouse.is

Kast gistihús er nýtt gistihús staðsett rétt hjá Lýsuhólslaug sem er þekkt fyrir ölkelduvatnið. 10 x 2ja manna herbergi með sérbaðherbergi og 6 x 2ja manna herbergi sem deila 3 baðherbergjum (möguleiki á aukarúmi). Veitingastaður og tjaldsvæði. Mikil náttúrufegurð og fjölbreytt afþreying í boði fyrir alla fjölskylduna. Stutt er í þjóðgarðinn Snæfellsjökull. Kast er við veg 54. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/verslun:** Ólafsvík 30 km. **Sundlaug:** Lýsuhólslaug 400 m. **Hestaleiga:** Lýsuhóll skammt frá. **Golf:** Langaholt 6 km, Ólafsvík 30 km. **Gestgjafi:** Lydía Fannberg Gunnarsdóttir.

I:12 III:20 CREDIT CARD

131 Hótel Hellnar, Hellnum – 356 Snæfellsbæ

S. 435-6820 – Fax: 435-6801 – Netfang: hotel@hellnar.is – Veffang: www.hellnar.is

Fyrsta umhverfisvottaða ferðaþjónustufyrirtækið á Íslandi, vottað frá 2002. Staðsett í faðmi hins dulmagnaða Snæfellsjökuls. Í stuttu göngufæri frá Gestastofu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Hellnum. Frábært útsýni á Jökulinn og út á hafið. Getum skipulagt jöklaferðir og hestaferðir fyrir gesti. Merkir sögustaðir og orkulínur í nágrenni hótelsins. Hluti af hráefni til matargerðar er af lífrænum uppruna. Hótel Hellnar er við veg 574. **Opið:** 10.05-15.09. **Næsta þéttbýli/golf:** Ólafsvík 40 km. **Sundlaug:** Lýsuhóll 30 km **Gestgjafi:** Hjalti Sverrisson.

IV:40 TV CREDIT CARD @ WI FI

141 Suður-Bár við Grundarfjörð, 350 Grundarfjörður

S: 438-6815, 847-8759 – Netfang: sudurbar@sveit.is – Veffang: www.sudur-bar.is

Gisting í uppbúnum rúmum með morgunverði. Herbergi með og án baðs. 9 holu golfvöllur við bæinn. Tilboð á gistingu og golfi. Stuttar hestaferðir í boði. Reiðkennsla í reiðgerði. Stutt niður í fjöru og góðar gönguleiðir í nágrenninu. Suður-Bár er við veg 576, 4 km frá vegi 54. **Opið:** 01.05-15.09. **Búskapur:** Kindur og hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Grundarfjörður 7 km. **Gestgjafar:** Erna Guðný Jónsdóttir, Marteinn Njálsson.

II:11 III:3 @ WI FI CREDIT CARD

BEINT FRÁ BÝLI

152 Stóra-Vatnshorn í Haukadal, 371 Búðardalur

S: 434-1342, 894-0999, 847-9598 – Fax: 434-1342 – Netfang: storavatnshorn@islandia.is

Tvö 3ja manna sumarhús. Einnig hús fyrir 8-10 manns, tilvalið fyrir litla hópa og fjölskyldur. Tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu. Söguslóðir Laxdælasögu. Eiríksstaðir lifandi safn Eiríks rauða er í 500 m fjarlægð, fæðingarstaður Leifs heppna. Endurgerð víkingaskála er á Eiríksstöðum. Gönguleiðir í nágrenninu og veiðileyfi í Haukadalsvatni. Stóra-Vatnshorn stendur við veg 586. **Opið:** 15.05–15.09. **Búskapur/gæludýr:** Kindur, hundur, köttur og hestar. **Næsta þéttbýli:** Búðardalur 17 km. **Sundlaug:** Laugar 35 km. **Gestgjafar:** Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Valberg Sigfússon.

I:9 B:6 CREDIT CARD

162 Miðjanes í Reykhólasveit, 380 Reykhólahreppur

S: 434-7787, 893-7787 – Netfang: loajat@simnet.is

Gistiaðstaða fyrir 4 í íbúð með sérinngangi (1 svefnherbergi, eldhús, stofa og baðherbergi). Gisting í uppbúnum rúmum og í svefnpokaplássi. Morgunverður í boði ef óskað er. Eldunaraðstaða. Nýtt tjaldsvæði opnar í byrun júlí. Miðjanes er landnámsjörð þar sem nam land langafi Leifs heppna, Úlfur skjálgi. Mjög fallegt útsýni er yfir Breiðafjörðinn. Miðjanes er við veg nr. 607. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, kindur og hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Reykhólar 5 km. **Gestgjafi:** Halldóra Játvarðardóttir.

I:4 @

175 Rauðsdalur á Barðaströnd, 451 Vesturbyggð

S: 456-2041, 694-5099 – Fax: 456-2061 – Netfang: raudsdal@vortex.is

Gisting í sérhúsi með 6 herbergjum án baðs. Eldunaraðstaða. Einnig svefnpokagisting í 5 x 2ja manna herbergjum. Vel staðsett fyrir farþega Baldurs og fyrir skoðunarferðir um Vestfirði – Látrabjarg, Flatey. Hin sérstöku Reiðsskörð alveg í næsta nágrenni. Einstök sandströnd – tilvalin fyrir gönguferðir. Rauðsdalur er við veg 62. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur og kýr. **Næsta sundlaug:** Krossholt 5 km, Flókalundur 10 km. **Golf:** Patreksfjörður 40 km. **Gestgjafar:** Gísli Ásberg Gíslason og Nanna Áslaug Jónsdóttir.

I:11 12 CREDIT CARD

Bændaferðir 2011

Sumarnótt við hafið

Klettafjöllin í Kanada

Leyndarmál Egyptalands

Hafblær við Eystrasalt

Sigling frá Moskvu til Pétursborgar

Töfraheimur Tékklands

Ævintýraheimur Kína

Tíbet – þak veraldar

Gondólahátíð í Feneyjum

Vínbændur & Kastalar

Trítlað um Tíról

Aðventuferðir

Spör ehf.

bokun@baendaferdir.is

www.baendaferdir.is

s: 570 2790

ferðaþjónusta bænda

Norðvesturland

178 Hótel Látrabjarg í Örlygshöfn, 451 Patreksfjörður

S: 456-1500, 825 0025 – Netfang: info@latrabjarg.com – Veffang: http://www.latrabjarg.com

Fjölskylduhótel, herbergi, með og án baðs. Veitingasalur fyrir um 40-60 manns og bar. Fjölbreytt afþreying. Frábært umhverfi fyrir fuglaskoðun og almenna náttúruskoðun og ljósmyndun. Stutt á Látrabjarg (eitt stærsta fuglabjarg heims), Rauðasand, Kollsvík, Selárdal og fossinn Dynjanda. Í Örlygshöfn er m.a. hvít sandströnd, hestaleiga og Minjasafnið á Hnjóti. Heitar náttúrulaugar eru í nágrenninu. Hótel Látrabjarg er við veg 615. **Opið:** 15.05 – 15.09. Hægt að bóka hópa utan hefðbundins opnunartíma. **Næstu þéttbýli/sundlaug/verslun:** Patreksfjörður 40 km, Tálknafjörður og Bíldudalur 70 km. Einnig sjóræninga og sæskrýmslasafn. Ferjuhöfnin í Brjánslæk 70 km. **Gestgjafar:** Sigríður Huld Garðarsdóttir og Karl Eggertsson.

180 Breiðavík / Látrabjarg, 451 Patreksfjörður

S: 456-1575 – Netfang: breidavik@patro.is – Veffang: www.breidavik.is

Breiðavík er það gistihús sem er næst Látrabjargi. Látrabjarg er eitt stærsta fuglabjarg heims og er þekkt fyrir nálægðina við lundann og hið fjölbreytta fuglalíf sem þar er. Í Breiðavík eru 24 herbergi með baði í sér húseiningum. 2 herbergi án baðs (1 x 2ja og 1 x 3ja). Einnig svefnpokagisting í 8 x 2ja manna herbergjum. Veitingar og vínveitingar. Frítt kaffi fyrir gesti og gangandi. Í Breiðavík er mikið fuglalíf og falleg 6 km löng strönd sem einkennist af gullnum skeljasandi. Ekkert er rómantískara en ganga í kvöldsólinni en hana má sjá til hún hverfur í hafið. Silungsveiði er við bæinn og í fjallvötnum. Breiðavík stendur við þjóðveg 612 sem liggur til Látrabjargs. **Opið:** 15.05 – 15.09. **Næsta þéttbýli:** Patreksfjörður 50 km. **Gestgjafar:** Birna Mjöll Atladóttir og Keran Stueland Ólason.

183 Hótel Núpur, 471 Þingeyri

S: 456-8235 – Netfang: info@hotelnupur.is – Veffang: www.hotelnupur.is.

Gisting í notalegum skólabyggingum á fallegum stað í Dýrafirði. Í boði eru 39 herbergi, öll með handlaug. Einnig 1x2ja manna herbergi með sér baði. Eldunaraðstaða í boði. Á veitingastaðnum er áhersla lögð á staðbundin matvæli. Stórt tjaldsvæði. Ætið líf og fjör bæði á hótelinu og í nágrenninu eins og kajakferðir, sjóstangaveiði, hesta og hjóla-leiga, golf, gönguferðir og sundlaug. Nálægt mörgum náttúruperlum og áhugaverðum stöðum á Vestfjörðum s.s. Skrúð sem er elsti skrúðgarður Íslands, Dynjanda í Arnarfirði sem er einn mesti foss Vestfjarða, Vigur og Æðey tvær stærstu eyjar Ísafjarðardjúps. Hótel Núpur stendur við veg 624. **Opið:** 15.05-15.09. **Næsta þéttbýli/golf/sundlaug:** Þingeyri 20 km og Ísafjörður 41 km. **Gestgjafar:** Sigurður Arnfjörð og Guðmundur Helgi.

187 Kirkjuból í Bjarnardal, 425 Flateyri,

S: 456-7679, 898-2563 – Netfang: info@kirkjubol.is – Veffang: www.kirkjubol.is

Njóttu þess að gista í fallegu umhverfi í Önundarfirði í sumar. Boðið er uppá 4 x 2ja manna herbergi, með eða án baðs og fjölskylduherbergi án baðs (2 rúm og koja). Eldunaraðstaða og internetaðgangur fyrir gesti. Margar fallegar gönguleiðir í nágrenninu. Bærinn stendur við veg nr. 60. **Opið:** 01.06-15.09. **Næsta þéttbýli/verslun:** Ísafjörður 23 km og Flateyri 11 km. **Gestgjafar:** Fríða og Guðmundur.

190 Heydalur í Mjóafirði, Ísafjarðardjúpi, 420 Súðavík

S: 456-4824 – Netfang: heydalur@heydalur.is – Veffang: www.heydalur.is

Heydalur ævintýradalur í Djúpinu. Sveitahótel með gistingu í 8 x 2ja manna og 1 x 3 manna herbergjum með baði. Einnig sumarhús. Veitingar í glæsilegum sal. Afþreying í boði: Kajakróður í Mjóafirði, hestaleiga, silungsveiði í fjallavötnum, ýmsar gönguleiðir, fugla og plöntumerkingar. Heit náttúruleg laug, sundlaug í suðrænum gróðurskála og nýstárlegir pottar (onsen). Leiksvæði með leiktækjum fyrir börn og unglinga. Tjald-svæði með aðgangi að salerni og sturtum. Snjósleðaleiga. Heydalur er við veg 633. **Opið:** Allt árið. Á veturna þarf að panta fyrirfram. **Búskapur/gæludýr:** Hestar, köttur, hundur og talandi páfagaukur. **Næsta þéttbýli/verslun:** Hólmavík 110 km, Súðavík 120 km. **Gestgjafar:** Stella Guðmundsdóttir og Gísli Pálmason.

200 Urðartindur í Árneshrepp, 524 Norðurfjörður

S: 843-8110, 451-4017 - Netfang: urdartindur@urdartindur.is – Veffang: urdartindur.is

Tvö 25m² sumarhús (hjónaherbergi og svefnsófi í stofu) með eldunaraðstöðu og baðherbergi. Einnig svefnpokaað-staða í eldra 45 m² sumarhús fyrir 6 með eldhúsi og snyrtingu (sturtuaðstaða í sundlauginni í Krossanesi, 4 km). Tjaldsvæði. Urðartindur er við veg 643, um 100 km norðan við Hólmavík. Einstök náttúrufegurð í nágrenninu, margar gönguleiðir og einstakt mannlíf. Einnig gamlar síldarminjar, veitingastaðir og Minja og handverkshúsið Kört í Trékyllisvík (5 km). Skipulagðar ferðir til Hornstranda í boði. **Opið:** 01.05.-30.10. **Verslun:** Norðurfjörður 1 km. **Sundlaug:** Krossanes 4 km. **Gestgjafar:** Arinbjörn Bernharðsson og Sigríður Birna Magnúsdóttir.

Sveitahótel | Gistihús bænda | Heimagisting | Sumarhús

Við Árbakkann

Rómað kaffihús við þjóðveginn.
Opnar 29. maí til 15. september
Opið kl. 11:30 til kl. 22:00

Húnabraut 2 , 540 Blönduós
sími: 452 4678, 898 4685
Netf.: info@vidarbakkann.is
www.vidarbakkann.is

www.sveit.is

HEIMILISIÐNAÐARSAFNIÐ BLÖNDUÓSI

Safnið verður opið frá
1. júní til 31. ágúst
alla daga frá kl. 10 til 17.

Sími 452 4067
www.simnet.is/textile
Netfang: textile@simnet.is
Frítt fyrir 16 ára og yngri.

Restaurant

Potturinn Restaurant

Blönduósi

Norðurlandsvegi 4 · 540 Blönduósi
Tel. (+354) 453 5060 · Netfang: pot@pot.is - www.pot.is



Opið alla daga frá kl. 11:00 – 22:00

Norðvesturland

233 Kirkjuból við Steingrímsfjörð, 510 Hólmavík

S: 451-3474, 693-3474 – Netfang: kirkjubol@strandir.is – Veffang: strandir.is/kirkjubol

Gistihús miðsvæðis á Ströndum með fjölskylduvænar áherslur. Gisting í eins og tveggja manna herbergjum og fjölskylduherbergi. Setustofa og eldunaraðstaða. Fallegar gönguleiðir og útivistarsvæði í fjörunni. Á sumrin er kaffistofa og sögusýning um sauðfjárbúskap í félagsheimilinu Sævangi í göngufæri. Kirkjuból er við veg 68. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/golf/sundlaug/hestaleiga:** Hólmavík 12 km. **Gestgjafar:** Ester Sigfúsdóttir og Jón Jónsson.

I:15 CREDIT CARD

234 Snartartunga í Bitrufirði, 500 Staður

S: 451-3362

Lítil séríbúð (1 svefnherb. og svefnsófi í stofu) með sérinngangi á neðri hæð íbúðarhússins, eldunaraðstaða. Einnig 2 herbergi í heimagistingu (1 x 1 manns og 1 x 2ja manna). Vel staðsett til skoðunarferða um Strandirnar, Vestfirði, Dalina og Hólmavík. Góðar gönguleiðir. Snartartunga stendur við veg 68. **Opið:** 01.06-30.09. **Búskapur/gæludýr:** Kindur, hestar og hundur. **Næsta þéttbýli:** Hólmavík 54 km. **Verslun:** Hólmavík 54 km. **Sundlaug:** Laugarhóll 75 km. **Gestgjafar:** Gunnhildur Halldórsdóttir og Sigurkarl Ásmundsson.

I:5 CREDIT CARD

240 Staðarskáli í Hrútafirði, 500 Staður

S: 451-1150, 451-1190 – Netfang: vilborg@stadarskali.is – Veffang: stadarskali.is

Gistihús Staðarskála er 3ja stjörnu gististaður samkvæmt flokkun Ferðamálaráðs. Gisting í 26 vel útbúnum herbergjum með baði. Veitingaaðstaða fyrir allt að 80 manns. Hraðbanki er á staðnum. Byggðasafn 12 km. Við veg 701, 1 km frá þjóðvegi 1. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli:** Hvammstangi 34 km. **Sundlaug:** Hvammstangi 35 km. **Gestgjafar:** Kristinn Guðmundsson og Vilborg Magnúsdóttir.

IV:52 WiFi CREDIT CARD TV

260 Brekkulækur í Miðfirði, 531 Hvammstangi

S: 451-2938 Fax: 451-2998 – Netfang: brekka@nett.is – Veffang: www.abbi-island.is

Gistihús með herbergjum með og án baðs (eins – þriggja manna herbergi). Skipulagðar ferðir: Gönguferðir, hestaferðir, árstíðabundnar ferðir. Vikutilboð um jól og áramót. Brekkulækur er við veg 704, 9 km frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. Panta þarf fyrirfram sept – maí. **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli:** Laugarbakki 12 km. **Sundlaug:** Hvammstangi 19 km. **Gestgjafi:** Arinbjörn Jóhannsson.

I:14 III:12 CREDIT CARD

266 Neðra-Vatnshorn, 531 Hvammstangi

S: 451-2928, 866-7297 – Netfang: vatnshorn@vatnshorn.is – Veffang: www.vatnshorn.is

Gisting í sérhúsi. Uppbúin rúm í 2 x 2ja og 1 x 3ja manna herbergjum. Öll herbergi eru með handlaug. Eldunaraðstaða. Gestum gefst einnig kostur á að kynnast lífinu í sveitinni, t.d. sauðburði, réttum o.fl. Börn teymd á hestum. Hestaleiga og silungsveiði í nágrenninu. Boðið verður upp á kvöldgöngu frá bænum með leiðsögn. Góðar gönguleiðir frá bænum og í nágrenni. Göngustafir til afnota fyrir gesti. **Áhugaverðir staðir:** Sellátur á Vatnsnesi, Selasetur Íslands á Hvammstanga, Hvítserkur, Borgarvirki. Sjósiglingar með áherslu á selaskoðun fyrir alla fjölskylduna í boði frá Hvammstanga. Neðra-Vatnshorn er við veg 1. **Opið:** 15.04-01.10. **Búskapur:** Kindur og hestar. **Næsta þéttbýli/ sundlaug:** Hvammstangi 12 km. **Gestgjafar:** Andrea Laible og Rúnar Bragason.

II:7 WiFi CREDIT CARD

268 Gauksmýri, 531 Hvammstangi

S: 451-2927 – Fax: 451-3427 – Netfang: gauksmyri@gauksmyri.is – Veffang: gauksmyri.is

Á sveitasetrinu Gauksmýri er boðið upp á herbergi með og án baðs, veitingaaðstöðu, vínveitingar og fundaraðstöðu. Panta þarf fyrirfram fyrir hópa. Samhliða almennri ferðaþjónustu er rekin hestamiðstöð á staðnum. Hestaleiga — hestasýningar — reiðkennsla. Fuglaskoðun og gönguleið að Gauksmýrartjörn. Gauksmýri er við þjóðveg 1 mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar, 194 km til hvors staðar. **Opið:** 03.01-21.12. Panta þarf fyrirfram 15.10-15.05. **Húsdýr:** Um 60 hross og tveir hundar. **Næsta þéttbýli:** Hvammstangi 8 km, Laugarbakki 7 km. **Sundlaug:** Hvammstangi 8 km. **Gestgjafar:** Jóhann Albertsson og Sigríður Lárusdóttir.

I:4 II:17 III:34 CREDIT CARD WiFi

www.**visit**skagafjordur.is

Skagafjörður

fyrir stóra sem smáa!

Sparkvellir

Flottir sparkvellir eru á Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum og Varmahlíð.

Róló

Í Skagafirði eru margir skemmtilegir róluvellir.

Á hestbaki

Allir geta fundið hestaferðir við sitt hæfi í Skagafirði.

Sandfjörur

Á Borgarsandi við Sauðárkrók er allt fullt af sandi sem gaman er að leika í.

Fuglaskoðun

Í Skagafirði er fjölbreytt fuglalíf, t.d hafa hátt í 50 tegundir flækinga sést í Skagafirði á undanförnum árum.

Rafting

Flúðasiglingar eiga vaxandi vinsældum að fagna, enda sameinar slík ferð frábæra skemmtun, spennu og ferðalag um einstök náttúruundur.

Dorg & veiði

Þú getur auðveldlega krækt í marhnút á bryggjunni og silung í fjörunni – björgunarvesti eru til útláns við Sauðárkrókshöfn.

Sundlaugar

og heitir pottar eru á Sauðárkróki, á Hofsósi, í Varmahlíð, á Hólum, á Bakkaflöt, Steinsstöðum og Sólgörðum.

Svo miklu meira

Fjölmargt annað er hægt að gera sér til afþreyingar og skemmtunar í Skagafirði en hægt er að nálgast upplýsingar um það á **www.visitskagafjordur.is**

NYPRENT ehf.

Norðvesturland

275 Dæli í Víðidal, 531 Hvammstangi

S: 451-2566 – Fax: 451-2866 – Netfang: daeli@daeli.is – Veffang: www.daeli.is

Gisting í 4 x 2ja manna herb. án baðs og 6 x 2ja manna rúmgóðum herb. með baði, þar af 2 fjölskylduherbergi og herb. með aðgengi fyrir fatlaða. 1 x 2ja manna sumarhús (1 svefnherb. en einnig svefnsófi í stofu og svefnloft m/dýnum fyrir 4). 6 smáhýsi við tjaldsvæði m/snyrtingu. Eldunaraðstaða í þjónustuhúsi við tjaldsvæði. Matsalur fyrir allt að 60 manns. Hugguleg sveitakrá/kaffihús. **Áhugaverðir staðir:** Kolugljúfur, Borgarvirki, Hvítserkur, Bakkadalur. Veiðileyfi. Merkt gönguleið. Dæli er við veg 715, 6 km frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. Bóka þarf fyrirfram 01.09-15.05. **Búskapur:** Hestar. **Næsta sundlaug/verslun:** Hvammstangi 24 km. **Golf:** Blönduós 41 km. **Gestgjafar:** Sigrún Valdimarsdóttir og Víglundur Gunnþórsson.

II:8 III:12 | C:2 | 24 | CREDIT CARD

280 Húnavellir, 541 Blönduós,

S: 453-5600, 898-4685 – info@hotelhunavellir.is – Veffang: www.hotelhunavellir.is

Gisting í skólahúsnæði yfir sumartímann. Tveggja og eins manns herbergi án baðs (handvaskur inni á herbergjum). Einnig hægt að fá gistingu í svefnpokaplássi. Á staðnum er veitingastaður, sundlaug, heitur pottur, íþróttaaðstaða, grill og tjaldsvæði. Tilvalið fyrir hvataferðir, ráðstefnur og ættarmót. Húnavellir er við veg 724, norðan megin við Kjöl en Hveravellir eru í 1½ tíma fjarlægð. **Opið:** 04.06-20.08. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug:** Blönduós 18 km. **Gestgjafar:** Björn Þór Kristjánsson og Sandra Kaubriene.

II:51 | CREDIT CARD

282 Stekkjardalur við Svínavatn, 541 Blönduósi

S: 452-7171, 896-6011,893-1508. Netfang: stekkjardalur@emax.is

Gisting í íbúðarhúsi fyrir ofan hlaðið í Stekkjardal. Rúmgott hús á tveimur hæðum sem er leigt út í heilu lagi. Tilvalið fyrir fjölskyldur eða vinahópa. Þvottavél, þurrkari og frystikista í húsinu. Innifalið í gistingu er veiðileyfi sumar sem vetur í Svínavatni og skotveiðileyfi á gæs í landi Stekkjardals. Önnur afþreying í nágrenninu er sund og yfir vetrartímann má renna sér á skautum. Á haustin eru það fuglaveiði, stóð- og fjárréttir. Norðurljósin sjást oft vel yfir vetrartímann. Góð staðsetning fyrir þá sem fara um Kjöl. Stekkjardalur stendur við veg nr. 726. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, hross, kindur, köttur og hundar. **Sund:** Hótel Húnavellir 15 km, Blönduós 25 km og Varmahlíð 25 km. **Verslun:** Blönduós 25 km og Varmahlíð 25 km. **Gestgjafar:** Ægir Sigurgeirsson og Gerður R. Garðarsdóttir.

C:7 | TV | CREDIT CARD | Wi Fi

285 Hof í Vatnsdal, 541 Blönduós,

S: 452-4077, 844-8649 – Netfang: hof@simnet.is – Veffang: www.hof-is.com

Gistiaðstaða í sérhúsi á sveitabæ. 6 x 2ja manna herbergi með baði, 3 x 2ja manna herbergi án baðs. Eldhús og stór setustofa. Heitur pottur, grillhús og útigrillaðstaða. Góð aðstaða fyrir minni hópa. Sauðburður í maí, gisting og þátttaka. Fuglaskoðun. Silungsveiðileyfi útveguð. Landnámsjörð Vatnsdælasögu. Hof er í austanverðum Vatnsdal, við þjóðveg 722, 16 km frá hringveginum, þjóðvegi 1. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur, hross, skógrækt og hænur. **Næsta verslun:** Blönduós, 32 km **Gestgjafar:** Jón Gíslason og Eline Schrijver.

I:6 III:12 | CREDIT CARD

290 Stóra-Giljá á Ásum, 541 Blönduós

S: 452-4294 – Netfang: erlendurge@simnet.is

1 x 4 manna bústaður og 1 x 6 manna bústaður (2 svefnh. í báðum og svefnloft í 4ra manna húsinu). Heitir pottar. Áhugaverðar gönguleiðir og staðir: Þrístapar þar sem síðasta aftakan fór fram og kirkjustaðurinn Þingeyrar þar sem fyrsta klaustrið var stofnað hér á landi. Stóra-Giljá stendur við veg 1. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur og hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golfvöllur:** Blönduós 11 km. **Gestgjafar:** Helga Búadóttir og Erlendur Eysteinsson.

C:10

300 Geitaskarð í Langadal, 541 Blönduós

S: 452-4341, 895-6224, 897-4341 – Fax: 452-4301 – Netfang: geitaskard@geitaskard.com og geitaskard@emax.is

Heilsárshús með heitum pottum. Gæsaveiði. Góðar gönguleiðir: Skarðsskarð – Útsýni yfir Laxárdal. Geitaskarð stendur við veg 1. **Opið:** 01.06–01.10. **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golfvöllur:** Blönduós 10 km. **Gestgjafar:** Ásgerður Pálsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

I:10 | CREDIT CARD

ÁTTU LEIÐ UM SKAGAFJÖRÐ?

Verið velkomin á sýningar
Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ.

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
GLAUMBÆ - 551 SAUÐÁRKRÓKUR
Sími: 453 6173
Netfang: byggdasafn@skagafjordur.is
www.visitskagafjordur.is – www.glaumbaer.is

Þjóðlegar veitingar, minjagripaverslun, fundaraðstöðu og snyrtingar eru að finna í Kaffi Laufási
Opið daglega 30.5 -12.9 kl 9-18

Yfir vetrartímann er opið eftir samkomulagi.

Gamli bærinn Laufás -30 km austan við Akureyri
s: 463-3196 – www.minjasafnid.is
Sími 463 3196

Lystigarður Akureyrar

(Lifandi plöntusafn - undir berum himni)
www.lystigardur.akureyri.is

Lystigarðurinn er á suðurbrekkunni sunnan Menntaskólans og er hann rekinn í dag sem grasagarður og skrúðgarður. Almenningsgarðurinn var opnaður formlega 1912 en grasagarðurinn 1957. Garðurinn hefur verið stækkaður þrisvar frá upphafi og er nú um 3,6 hektarar.

Hlutverk garðsins er margþætt. Fyrst og fremst er þó lögð áhersla á að finna með innflutningi og prófunum, fallegar, harðgerar, erlendar plöntur sem eftirsóknarvert væri að rækta hérlendis auk þess að vera almenningsgarður sem nýtist fólki til fróðleiks og skemmtunar.

Garðurinn er rómaður fyrir fegurð og mikinn fjölda tegunda.

Opinn frá 1. júní - 30. september. Á virkum dögum kl. 08-22 og um helgar kl. 09-22.

Byggðasafnið Hvoll, Dalvík
við Karlsrauðatorg

Í byggðasafninu Hvoli er hægt að skoða muni sem tilheyra gamla tímanum. Náttúrugripir eru margir og hæst ber að nefna ísbjörninn ógurlega. Jóhann svarfdælingur var um tíma hæsti maður heims og á safninu eru tvær stofur honum tileinkaðar. Kristján Eldjárn var farsæll forseti Íslands í 12 ár en hann var svo margt meira líka og hægt er að kynnast hans störfum á annari hæð safnsins. Hvað gerðist á á Dalvík 2. júní 1934?

Opið alla daga vikunnar frá 1. júní - 31. águst kl. 11.00 - 18.00.
Vetraropnun á laugardögum kl. 14.00 - 17.00
hvoll@dalvikurbyggd.is – www.dalvikurbyggd.is/byggdasafn

Norðvesturland

320 Ferðaþjónustan Steinsstöðum, 560 Varmahlíð

S: 899-8762 og 845-8231 – Netfang: steinstadir@simnet.is – Veffang: http://www.steinsstadir.is

Húsnæðið sem áður var skóli hefur nú verið gert upp sem gistiheimili á tveimur hæðum, 16 herbergi með og án baðs. Á efri hæðinni er setustofa með sjónvarpi og á neðri hæðinni er borðstofa sem rúmar 35 - 40 manns. Við tjaldaðstöðu er búið að koma fyrir 7 herbergjum með snyrtingu, einnig er til útleigu 1 smáhýsi. Góðir afþreyingarmöguleikar í nágrenninu. Við veg 754. **Opið:** Allt árið. Sundlaug: 100 m. **Golf:** 9 holu golfvöllur á svæðinu. Skemmtilegar gönguleiðir. **Hestaleiga:** Lýtingsstaðir 6 km. **Flúðasiglingar:** 6 km. **Verslun:** Varmahlíð 11 km. Sauðárkrókur 36 km. **Gestgjafar:** Friðrik R. Friðriksson og Jóhanna Sigurðardóttir.

I:9 II:10 III:31 | CREDIT CARD

334 Sölvanes í Skagafirði, 560 Varmahlíð

S: 453-8068 – Netfang: solvanesskag@simnet.is – Veffang: solvanes.com

Vel staðsett til skoðunarferða um Skagafjörð og Skagafjarðardali. Stutt í skemmtilegar gönguleiðir, t.d. á Mælifellshnjúk og í Austurdal. Hestaleiga í nágrenninu. Sölvanes stendur við veg 752. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Sauðfé og hross. **Næsta þéttbýli:** Varmahlíð 21 km. **Sundlaug:** Steinsstaðaskóli 10 km, Varmahlíð 21 km. **Gestgjafar:** Elín Sigurðardóttir og Magnús Óskarsson.

I:15

335 Glæsibær, 551 Sauðárkróki

S: 892-5530 - Netfang: ragnheidur.bjorns@gmail.com - Veffang: glaesibaer.blogspot.com

Gisting í 4 herbergjum án baðs (3x2ja manna og 1xeins manns). Sameiginlegt baðherbergi og ágætis eldunaraðstaða. Morgunverður ef þess er óskað. Rúmgóð borðstofa og dagstofa. Heitur pottur, sólpallur og grill. Möguleikar til útivistar, gönguferða og fuglaskoðunar á friðlýstu svæði. Glæsibær stendur við veg nr. 75, um 15 km frá Varmahlíð. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Sauðfjárrækt og hrossarækt. **Næsta þéttbýli/sundlaug/verslanir:** Sauðárkrókur 9 km. **Skíðasvæði:** Tindastóli: 24 km. **Gestgjafar:** Ragnheiður Erla Björnsdóttir og Friðrik Stefánsson.

I:7

336 Keldudalur Gestahús, 551 Sauðárkróki,

S: 453-6233, 846-8185 – Fax: 453-6234 – Netfang: keldudalur@keldudalur.is – Veffang: www.keldudalur.is

Sumarhús og gisting í svefnpokaplássi. Sumarhús er fyrir 4-6 (52m^2). Þar eru tvö tveggja manna herbergi með tvíbreiðum rúmum og svefnloft. Stofa og baðherbergi. Vel útbúið eldhús, sjónvarp með DVD, útvarp, þvottavél, verönd með garðhúsgögnum og kolagrill. Á neðri hæð eru tvö tveggja manna herbergi leigð út sem svefnpokapláss. Eldunaraðstaða á neðri hæð. Fallegt útsýni, fuglaskoðunarsvæði. Gestir geta fengið að fara í fjós og sjá mjaltir. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir um Skagafjörð. Keldudalur stendur við veg 764. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, kindur og hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Sauðárkrókur 14 km, Hólar í Hjaltadal 33 km. Golfvöllur á Sauðárkróki. Skíðasvæði í Tindastól 20 km. **Gestgjafar:** Guðrún Lárusdóttir og Þórarinn Leifsson.

C:4 | 4 | CREDIT CARD | TV

344 Bjarnargil, 570 Fljótum

S: 467-1030, 846-7699, 866-8788 - Netfang: traustisveins@gmail.com

Á Bjarnargili í Fljótum er boðið uppá heimagistingu í faðmi fjalla og fallegrar náttúru. 2x2ja manna herbergi og 1x eins manns herbergi ásamt tveim baðherbergjum á sömu hæð, einnig setustofa með sjónvarpi. Morgunverður er innifalinn í gistingu en kvöldverð þarf að panta með fyrirvara. Margar gönguleiðir eru í nágrenninu og fjallgöngur í boði fyrir hópa með leiðsögumanni, panta þarf með góðum fyrirvara. Bjarnargil er við þjóðveg 82. **Opið:** 20.06-15.09. **Næsta þéttbýli:** Siglufjörður 27 km. **Sundlaug:** Sólgarðar 6 km. **Hestaferðir:** Sauðanes 22 km. **Golf:** Lónkot 23 km, Siglufjörður 27 km. **Gestgjafar:** Sigurbjörg Bjarnadóttir og Trausti Sveinsson .

I:5

349 Sveitasetrið Hofsstöðum, 551 Sauðárkróki

Gisting í 12 tveggja m. herbergjum (möguleiki á aukarúmi), öll með sérbaðherbergi og verönd. Veitingastaðurinn leggur áherslu á að bjóða upp á skagfirskan mat. Frábærar gönguleiðir með fallegu útsýni yfir Héraðsvötn, Drangey, Lundey og Málmey. Sveitasetrið er við veg 76, 18 km frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/verslun/golf/sundlaug:** Sauðárkrókur, 18 km. **Gestgjafar:** Þórólfur Sigurjónsson og Guðný Vésteinsdóttir.

III:24 | CREDIT CARD | TV

Akureyri

ÖLL LÍFSINS GÆÐI



www.visitakureyri.is

Menningarhúsinu Hofi | 600 Akureyri | 450 1050 | info@visitakureyri.is

Norðausturland

350 Hofsstaðir, 551 Sauðárkróki,

S: 453-6555, 849-6655, 898-6665 – Netfang: vesteinnv@simnet.is – Veffang: www.hofsstadir.is

Heimagisting í nýuppgerðu húsi sem er miðsvæðis í Skagafirði. Boðið er upp á gistingu í 4 x 2ja manna herbergjum með baði. Í veitingaastöðu Sveitasetursins (500m) er lögð áhersla á bjóðlega matargerð og hráefni úr héraði. Fallegar gönguleiðir og frábært útsýni yfir Skagafjörðinn. Góð staðsetning fyrir dagsferðir um Norðurland. Hólar 20 km – sögufrægur staður, sýningar, gönguleiðir. Vesturfarasafnið á Hofsósi, skíðasvæðið við Tindastól 35 km,flúðasiglingar og litbolti í Varmahlíð o.fl. Hofsstaðir eru við veg 76. **Opið:** 07.01-20.12. **Næsta þéttbýli/verslanir/sýningar:** Sauðárkrókur 18 km, Hofsós 26 km. **Sundlaugar:** Sauðárkrókur 18 km, Hofsós 26 km, Varmahlíð 24 km. **Golf:** Sauðárkrókur 18 km. **Gestgjafar:** Elínborg Bessadóttir og Vésteinn Vésteinsson

III:8 CREDIT CARD

353 Lauftún í Seyluhreppi, 560 Varmahlíð

S: 453-8133

Gistiaðstaða og tjaldsvæði með snyrti- og eldunaraðstöðu. Heitur pottur. Aðstaða fyrir tjaldvagna. Vel staðsett til skoðunarferða um Skagafjörð. Áhugaverðir staðir t.d. Víðimýrarkirkja, byggðasafnið Glaumbær og Hólar í Hjaltadal. Lauftún stendur við veg 1. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/ sundlaug:** Varmahlíð 500 m. **Golf:** Sauðárkrókur 25 km. **Gestgjafi:** Inda Indriðadóttir.

I:13

354 Flugumýri í Skagafirði, 560 Varmahlíð

S: 453 8814, 895-8814, 895-7814 — Netfang: flugumyri@flugumyri.com — Veffang: flugumyri.com

Flugumýri er fornt höfuðból í miðju Skagafjarðar, hins þekkta hrossaræktarhéraðs og heitir eftir hryssu Þóris dúfunefs sem var hvötust allra hrossa. Gisting í sérbúð með eldunaraðstöðu. Einnig er boðið upp á hestasýningar, heimsókn á hrossaræktarbúið og hestaferðir frá 1 klst. til lengri ferða. Flugumýri er við veg 76, 90 km. frá Akureyri og 290 km. frá Reykjavík og sérstaklega vel staðsett til skoðunarferða um Skagafjörð. **Opið:** 03.01-21.12. **Búskapur:** Hestar og kindur. **Næsta þéttbýli/ sundlaug:** Varmahlíð 7 km. **Golf:** Sauðárkrókur 33 km. **Gestgjafar:** Eyrún Anna Sigurðardóttir og Páll Bjarki Pálsson.

I:6 6 CREDIT CARD

357 Engimýri í Öxnadal, 601 Akureyri

S: 462 7518, 822-7518 – Netfang: engimyri@engimyri.is – Veffang: www.engimyri.is

Engimýri er gistihús staðsett við þjóðveg nr. 1, um 33 km vestan Akureyrar. Rúmgóður og bjartur veitingastaður er í gistihúsinu og er hann opinn öllum. Fallegar gönguleiðir eru við Engimýri m.a. um æskuslóðir Jónasar Hallgrímssonar þjóðskálds okkar Íslendinga. Stutt er í fjölbreytta afþreyingu. Tvö vötn, full af fiski eru við gistihúsið og er frítt að veiða. **Opið**: 01.03-31.10. **Næsta þéttbýli:** Akureyri 33 km. **Sundlaug:** Þelamörk 20 km. **Gestgjafar:** Guðlaug Jóhannsdóttir og Hannes Haraldsson.

II:12 III:4 TV CREDIT CARD WiFi

360 Syðri-Hagi á Árskógsströnd, 621 Dalvík

S: 466-1961, 855-1861

1 x 4ra manna sumarhús (2 svefnherbergi og svefnloft þannig að 6-8 manns geta verið í bústaðnum). Sjónvarp, örbylgjuofn og aðgangur að þvottavél. Frí stangveiði fyrir dvalargesti, skíðasvæði, berjatínsla og rjúpnaveiði. Við veg 82, 15 km frá Dalvík. **Opið:** Allt árið. **Búskapur/gæludýr:** Kindur, hestar, geitur, köttur og hundur. **Verslun:** Árskógssandur 3 km. **Hestaleiga:** Hringsholt 15 km. **Golf:** Akureyri 30 km. **Sundlaug:** Dalvík 15 km. **Gestgjafar:** Úlla May Rögnvaldsson og Ármann Rögnvaldsson.

C:4 TV

370 Ytri-Vík, Árskógsströnd, 621 Dalvíkurbyggð

S: 899 8000 - Netfang: sporttours@sporttours.is - Veffang: www.sportferdir.is – www.sporttours.is

1 x 16 manna hús (7 herbergi), 3 x 6 manna sumarhús (50 m^2 með 2 svefnherbergjum og svefnlofti) og 4 x 2ja manna sumar hús (2 x 36m^2 og 2 x 26m^2) með einu svefnherbergi. Heitir pottar við öll hús. Hestaferðir, sjóstangaveiði, strandveiði, silungsveiði í nágrenninu, berjatínsla, gönguleiðir og rjúpnaveiðiland. Vélsleða- og fjallaskíðaferðir. Ytri-Vík er við veg 82, 14 km frá Dalvík og 30 km frá Akureyri. **Opið:** Allt árið. **Verslun/sund:** Dalvík 14 km, Akureyri 30 km. **Golf:** Akureyri 31 km, Svarfaðardalur 20 km. **Hestaleiga:** Kálfsskinn 1 km og Svarfaðardalur 16 km. **Hvalaskoðun:** Hauganesi 5 km og Dalvík 14 km. **Gestgjafi:** Marinó Sveinsson.

D:26 16 TV CREDIT CARD

Álafossvegi 23, Mosfellsbæ
Sími: 566 6303

Opið:
Mánudaga til föstudaga: 9:00 - 18:00
og laugardaga 9:00 - 16:00

Síðan 1896

ÁLAFOSS
www.alafoss.is

Norðausturland

373 Dæli í Skíðadal, 621 Dalvíkurbyggð

S: 466-1658, 898-7033, 863-1698. Fax: 466-1658 – Netfang: daeli@islandia.is – Veffang: www.internet.is/daeli

Stórt, rúmgott og vel útbúið sumarhús á friðsælum og fallegum stað í Skíðadal. Rúm fyrir 7 manns eða svefnpokapláss fyrir 10 manns. Svæðið er paradís útivistarfólks að sumri sem vetri. Fjöldi kortlagðra gönguleiða, bæði auðveldar og erfiðar. Fuglaskoðun í Friðlandi Svarfdæla. Möguleiki á að fá að fylgjast með bústörfum. Staða fyrir húsbíla og tjöld einnig leyfð í samkomulagi við gestgjafa. Dæli er við þjóðveg 807. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** nautgripir og sauðfé. **Verslun/sundlaug/hestaleiga/skíðasvæði/hvalaskoðun/byggðasafn:** Dalvík 18 km. **Golfvöllur:** 10 km. **Gestgjafar:** Jóhanna Arnþórsdóttir og Óskar Gunnarsson.

C:7

374 Skjaldarvík í Eyjafirði, 601 Akureyri

S: 552-5200 – Netfang: skjaldarvik@skjaldarvik.is – Veffang: www.skjaldarvik.is

Í Skjaldarvík er boðið upp á gistingu í 27 fallega búnum herbergjum með sameiginlegri að- og snyrtiaðstöðu (eins -fjögurra manna herbergi). Mjög gott aðgengi er fyrir fatlaða. Boðið er uppá tveggja rétta kvöldverð yfir sumartíman. Að sjálfsögðu bjóðum við uppá mat fyrir hópa á öðrum tímum sé þess óskað. Hestaleiga er einnig starfrækt í Skjaldarvík og frábærar reiðleiðir eru í næsta nágrenni. Á lóðinni er notalegur trjálundur og í bakgarðinum er stór heitur pottur sem dásamlegt er að leggjast í og láta líða úr sér eftir langan dag. Skemmtilegt úrval af íslenskri vöru og hönnun er í boði sem best er að kynna sér á staðnum. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar, hundar, kanínur og hænur. **Næsta þéttbýli:** Akureyri 5 km. **Gestgjafar:** Dísa, Óli og stelpurnar.

II:36

BEINT FRÁ BÝLI

375 Sílastaðir í Hörgárbyggð, 601 Akureyri

S: 462-1924 – Fax: 462-1924 – Netfang: fagravik@fagravik.is – Veffang: fagravik.is

Sumarhúsin við Fögruvík: 6 x 6 manna (2 herb.), 1 x 8 manna (3 herb.), 2 x 9 manna (3 herb.), 1 x 12 manna (4 herb.) og 2 x 3ja m. smáhýsi (fl. B). Sjónvarp og útvarp í öllum húsunum. Heitir pottar við öll húsin. Mikið fuglalíf og aðstaða til stangveiði í sjó af klöppum. Gönguleiðir í ósnortinni náttúru og fjöru. Hentugt fyrir skíðafólk á veturna, skíðaaðstaða í Hlíðarfjalli og á Dalvík. Sílastaðir eru 500 m frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/ sund/golf:** Akureyri 5 km. **Gestgjafar:** Soffía Alfreðsdóttir og Eiríkur Sigfússon.

B:6
D:74

380 Pétursborg í Hörgárbyggð, 601 Akureyri

S: 461-1811 – Netfang: guesthouse@petursborg.com – Veffang: www.petursborg.com

Við bjóðum upp á eins til fjögurra manna herbergi með og án baðs. 2 x 2ja manna herbergi með baði eru í sérhús. Fallegur garður með grilli. Aðgangur að eldhúsi og þvottavél. Fjölskylduvænn gististaður. Mikið fuglalíf í nágrenninu, fallegt útsýni yfir Eyjafjörðinn. Hentug staðsetning fyrir skoðunarferðir um Norðurland eða skíði að vetri til. Pétursborg stendur við veg 817. **Opið:** Allt árið, (lokað 16.09-31.12 2011). **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Akureyri 5 km. **Gestgjafar:** Andrea Keel og Kristján Stefánsson.

II:6
III:6

382 Lónsá í Hörgárbyggð, 601 Hörgárbyggð

S: 462-5037, 895-1685 – Fax: 462-1685 – Netfang: lonsa@simnet.is

Gisting í uppbúnum rúmum fyrir 12 manns. Góð setustofa, borðstofa, sameiginlegt eldhús og snyrting. Morgunverður í boði ef óskað er eftir. Svefnpokapláss einnig í boði. Gistiheimilið Lónsá er í útjaðri Akureyrar. Þaðan er stutt í alla þjónustu og fjölbreytt úrval af afþreyingu. 10 mínútna akstur uppí Hlíðarfjall. Lónsá stendur við veg nr. 1. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Akureyri. **Gestgjafi:** Ásbjörn Á. Valgeirsson.

I:10 S:17

383 Öngulsstaðir III í Eyjafirði, 601 Akureyri

S: 463-1500 – Netfang: hrefna@ongulsstadir.is – Veffang: ongulsstadir.is

Gisting á fallegum stað í Eyjafjarðarsveit með útsýni yfir fjörðinn. 17 herbergi með baði (2ja, 3ja og 4ra manna herbergi). Boðið er upp á kvöldverð ef pantað er með fyrirvara. Fundaaðstaða, tilvalin fyrir námskeið og fyrirlestra. Góðar gönguleiðir í nágrenninu og stutt í áhugaverða staði. Öngulsstaðir eru við veg 829. **Opið:** 15.05-15.09. Opið eftir samkomulagi hina mánuðina. **Næsta þéttbýli:** Akureyri 10 km. **Golf:** Þverá 1 km, Leifsstaðir 7 km, Akureyri 10 km. **Sundlaug:** Hrafnagil 5 km. **Gestgjafi:** Hrefna Laufey Ingólfsdóttir.

III:38

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta.

LYKILLINN AÐ SVEIGJANLEIKA OG GÓÐRI ÞJÓNUSTU

Bílaleigubílar innanlands og erlendis

Aðalnúmer 461 6000 • holdur@holdur.is • holdur.is

Norðausturland

384 Leifsstaðir í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri

S: 462-1610, 861-1610 – Netfang: leifsstadir@sveit.is – Veffang: www.leifsstadir.is

Gisting og golf aðeins 3 km fyrir innan Akureyri. Á Leifsstöðum er 9 holu par 3 golfvöllur, einnig 18 holu pútt völlur og æfingasvæði fyrir golf. Frítt í golf fyrir næturgesti. Fallegt útsýni yfir Eyjafjörðinn. Pægileg staðsetning til að heimsækja Akureyri og aðra staði á Norðurlandi. Veitingastaður fyrir allt að 60 manns í sæti. Góð staðsetning fyrir fundi. Leifsstaðir eru við veg 829. **Opið:** 10.01-01.12. **Næsta nágrenni:** Akureyri 3 km. **Gestgjafar:** Gunnar Th. Gunnarsson og Árný Petra Sveinsdóttir.

II:7 III:18 | CREDIT CARD | Wi Fi

385 Ytra Laugaland í Eyjafjarðarsveit 601 Akureyri

S: 463-1472, 868-8436 – Netfang: villag@nett.is – Veffang: www.ytra-laugaland.net

Notaleg heimagisting í fallegu umhverfi Eyjafjarðarsveitar. 3 x 2ja manna herbergi og 1 x 3ja manna herbergi með 2 sameiginleg baðherbergi fyrir gesti. Eldhús með issköp og eldunaraðstöðu ásamt setustofu með sjónvarpi til afnota fyrir gesti. Morgunmatur er innifalinn í gistiverði og framreiddur eftir samkomulagi. Aðgengi að þvottaaðstöðu í samráði við gestgjafa. Möguleiki á að kíkja í fjósið í samráði við gestgjafann. Holtsel 4 km, þar er hægt að fá heimagerðan ís. Ytra Laugaland er við veg 829. **Opið:** 01.02-01.12. **Búskapur:** Kýr. **Næsta þéttbýli:** Akureyri 15 km, Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli 16 km. **Sund:** Sundlaug Þróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar í Hrafnagilsskóla 2,5 km. **Golf:** Þverá 3 km. **Hestaleiga:** Á næsta bæ (2 km). **Gestgjafi:** Vilborg Guðrún Þórðardóttir

I:8 | CREDIT CARD

387 Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri

S:463-1197, 693-6524 – Netfang:hrafnagil@gmail.com – Veffang:www.hrafnagil.is/guesthouse

Í gamla bænum í Hrafnagili er boðið upp á gistingu í 6 herbergjum án baðs á tveimur hæðum. Þrjú sameiginleg baðherbergi eru í húsinu. Eldhúsið er til afnota fyrir gesti eftir morgunmat, setustofa með dvd og interneti á neðri hæðinni, sólpallur og grill. Gestum er velkomið að kynna sér búskapinn og nýta sér þvottaaðstöðu í samráði við gestgjafana. Boðið uppá kvöldmat fyrir hópa. Hrafnagil er 12 km sunnan við Akureyri, vestan megin Eyjafjarðarár, við veg nr. 821. **Opið:** Allt árið, (lokað 19.-26. des) fyrirfram bókanir 01.09 til 31.05. **Búskapur:** Kýr, hestar, kindur, hænur og önnur gæludýr. **Næsta þéttbýli:** Akureyri 12km. **Sundlaug:** Hrafnagilsskóli 400 m. **Golf:** Þverá 8 km. **Hestaleiga:** Hestaleiga Kátur, 8 km. **Gestgjafar:** Berglind Kristinsdóttir og Jón Elvar Hjörleifsson.

I:12 | CREDIT CARD | Wi Fi

395 Hléskógar við Eyjafjörð, 601 Akureyri

S: 463-3112, 863-3112 – Fax: 463-3102 - Netfang: hleskogar@hleskogar.is - Veffang: www.hleskogar.is

Hléskógar eru staðsettir við austanverðan Eyjafjörð í næsta nágrenni við Grenivík. Þar er gistihús með þremur tveggja manna herbergjum og eldunaraðstöðu. Gistihúsið er einnig leigt út í heild og hentar vel fyrir fjölskyldur eða litla hópa. Hléskógar eru í næsta nágrenni við Kaldbak og Fjörður sem eru rómuð útivistarsvæði. Gamli bærinn í Laufási 4 km. Við veg 83, 5 km frá Grenivík. **Opið:** Allt árið. **Húsdýr:** Hestar, nautgripir, kindur, geitur, hundur, kettir, kanínur og hænur. **Hestaleiga:** Pólarhestar 1 km. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Grenivík 5 km., Akureyri 34 km. **Gestgjafar:** Birna Friðriksdóttir og Guðbergur E. Eyjólfsson.

I:6 | CREDIT CARD

398 Safnasafnið á Svalbarðsströnd, 601 Akureyri

S: 461-4066 - Netfang: safngeymsla@simnet.is - Veffang: safnasafnid.is - folkart.is

Íbúð í risi í húsi Kaupfélags Svalbarðseyrar (byggt 1900) sem var flutt á lóð Safnasafnsins árið 2006. Íbúðin er 67m2, á rishæð með sér inngangi frá bílastæði, útbúin með gömlum munum sem skapa „andrúmsloft fyrri hluta 20. aldar". Forstofa, baðherbergi, eldhús, eitt rúmgott svefnherbergi (hjónarúm og rúm fyrir barn allt að 12 ára) og stofa (eitt rúm fyrir fullorðinn og rúm fyrir barn allt að 12 ára). Umhverfið er skógi vaxið og rennur lækur meðfram húsinu. Í garðinum eru tvö grill, borð og bekkir. **Opið:** Allt árið. **Sundlaug:** Svalbarðsströnd 200 m, Akureyri 11 km. **Þéttbýli/verslun/golf:** Akureyri 11 km. **Gestgjafar:** Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir.

III:3 | Wi Fi

399 Gistiheimilið Bjarnargerði við Eyjafjörð, 601 Akureyri

S: 663-9363 - Netfang: info@bjarnargerdi.is - Veffang: www.bjarnargerdi.is

Bjarnargerði, fjölskyldurekið gistiheimili og heimagisting. Gistiheimilið býður upp á gistingu í 11 herbergjum, öll með baði, sjónvarpi og nettengingu. Heimagistingin er í stóru einbýlishúsi, þar sem boðið er upp á fjölbreytta og ódýrari gistimöguleika. Þar er eldunar- og grillaðstaða, nettenging og setustofa með sjónvarpi. Gestir geta farið yfir á Sveitahótelið til morgunverðar og kvöldverðar yfir sumartímann. Stutt er í margskonar þjónustu og afþreyingu. Skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu. Fallegt útsýni. **Opið:** Allt árið. **Verslun/sundlaug/golf:** Akureyri 15 km. **Gestgjafar:** Haukur Halldórsson og Bjarney Bjarnadóttir.

III:17 | CREDIT CARD | Wi Fi

UPPLIFÐU

HÚSAVÍK & ÓLAFSFJÖRÐ

MEÐ NORÐURSIGLINGU

HVALASKOÐUN

ÆVINTÝRASIGLINGAR
HAFNARSTEMNING
STRANDMENNING

- SÍMI: 464 7272
- NETFANG: INFO@NORDURSIGLING.IS
- WWW.NORDURSIGLING.IS

Norðursigling
HÚSAVÍK

Norðausturland

400 Hotel Natur – Þórisstöðum, 601 Akureyri

S: 862-7711, 467-1070 – Netfang: hotelnatur@hotelnatur.com – Veffang: hotelnatur.com

Gisting í eins, tveggja og þriggja manna herbergjum, öll með baði, sjónvarpi og nettengingu. Staðsett við þjóðveg nr. 1 með góðu útsýni yfir Eyjafjörð. Skjólgóður trjágarður með fjölbreyttu lífríki. Merktar gönguleiðir til fjalls og fjöru. Í Listasalnum „Haughúsinu" er sýnt handverk og list fólks af svæðinu. Einnig er afþreyingaraðstaða með sauna, poolborði, fjölþjálfa, borðtennisborði og fleiri leiktækjum í kjallara í tengslum við heitan pott og aðra útiaðstöðu svo sem léttgolfsvöll. Frábær staðsetning miðsvæðis á Norðurlandi, í ríki náttúrunnar en jafnframt í næsta nágrenni Akureyrar. **Opið:** 11.01-20.12. **Verslun/ golf:** Akureyri 14 km. **Sundlaug:** Svalbarðseyri 2 km. **Gestgjafar:** Inga Árnadóttir og Stefán Tryggvason.

IV:53

401 Sveitahótelið í Sveinbjarnargerði, 601 Akureyri

S: 462-4500 – Fax: 461-2096 – Netfang: countryhotel@countryhotel.is – Veffang: countryhotel.is

Sveitahótel staðsett á fallegum stað í austanverðum Eyjafirði aðeins 15 km frá Akureyri. Gisting í tveimur húsum, 33 herbergi – öll með sérbaðherbergi, sjónvarpi og síma. Frábær staðsetning til að fylgjast með sólsetrinu á sumrin og norðurljósunum á veturna. Góð ráðstefnu- og fundaraðstaða fyrir allt að 50 manns. Veislusalur fyrir allt að 100 manns í sæti, tilvalið fyrir árshátíðir og fundi. Arinn í setustofu og í borðsal. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir um Norðurlandið. Góðar gönguleiðir í nágrenninu og hentugt fyrir skíðafólk á veturna. Heitur pottur. Vinalegt og persónulegt andrúmsloft. **Verslun/sundlaug/golf:** Akureyri 15 km. **Opið:** Allt árið. Fyrirfram bókanir 01.10-30.04. **Gestgjafar:** Anný Larsdóttir, Jónas Halldórsson, Guðbjörg Lárusdóttir og Jónas H. Jónasson.

IV:71

402 Draflastaðir í Þingeyjarsveit, 601 Akureyri

Sími: 898-0444, 461-1726 - Netfang: sveitarsetrid@sveitarsetrid.is - Veffang: www.sveitarsetrid.is

Gisting í 5 fjölskylduherbergjum með handlaug. Einnig gisting í svefnpokaplássi. Heitur pottur, eldunaraðstaða og matsalur með fallegu útsýni. Mjög friðsælt og fallegt umhverfi. Fjórhjólaferðir allt frá 30 mín til dagsferða. Draflastaðir eru vel staðsettir fyrir skoðunarferðir um Norðurland, Akureyri (25 km), Mývatn (75 km), Húsavík (70 km) og Goðafoss eru innan við klukkustundar akstursfjarlægð. Draflastaðir eru við veg 834, 5 km frá þjóðvegi 1. **Opið:** Allt árið. **Verslun/sundlaug/golf:** Akureyri 25 km. **Gestgjafar:** Sigurður Arnar Jónsson og Helga Magnea Jóhannsdóttir.

II:10 | 10

403 Fosshóll í Bárðardal, 645 Fosshóll

S: 464-3108 – Netfang: fossholl@godafoss.is – Veffang: www.godafoss.is

Gistiaðstaða í sérhúsi og á bænum. Veitingar og vínveitingaleyfi. Tjaldsvæði með salernisaðstöðu. Pósthús og verslun. Bærinn stendur rétt við gljúfur Goðafoss, við veg 1, mitt á milli Akureyrar og Mývatns (við afleggjara upp á Sprengisand). **Opið:** 15.05–15.09. **Næsta þéttbýli/golf:** Húsavík 46 km. **Sundlaug:** Stóru Tjarnir 10 km. **Gestgjafi:** Sigríður Ingvarsdóttir.

I:2
II:14
III:30

404 Stóru-Laugar í Reykjadal

Sími: 464-2990, 897-7093 – Netfang: gisting@storulaugar.is, fossel@simnet.is – Veffang: www.storulaugar.is

Gisting í nýuppgerðu steinhúsi, 1 km frá framhaldsskólanum á Laugum. Herbergin eru björt og rúmgóð með sér baðherbergi. Verönd er fyrir framan húsið og stór heitur pottur. Frábært útsýni. Bærinn stendur við veg 846 (keyrt að framhaldsskólanum en síðan er beygt til vinstri). **Opið:** Allt árið. **Verslun/sundlaug:** Laugar 1 km. **Hvalaskoðun:** Húsavík 31 km. **Golf:** Akureyri 61 km. **Gestgjafi:** Elín Björk Einarsdóttir.

III:25

405 Gistihúsið Narfastöðum í Þingeyjarsveit, 650 Laugar

S: 464-3300 – Fax: 464-3319 – Netfang: farmhotel@farmhotel.is – Veffang: www.farmhotel.is

Notaleg gisting í tveimur húsum, herbergi með og án baðs, fjölskylduherbergi. Heitur pottur við bæði húsin. Morgunverður fylgir herbergjum, glæsilegt kvöldverðarhlaðborð öll kvöld í júní, júlí og ágúst. Aðra mánuði er einnig í boði kvöldverður ef þess er óskað. Fjölbreytt gróðurfar, mikið fuglalíf, gönguleiðir, hestagirðing. Vel staðsett m.t.t. skoðunarferða um Norðausturland: Mývatnssveit, Krafla, Dettifoss, Ásbyrgi, Hljóðaklettar. Narfastaðir eru við þjóðveg 1. **Opið:** 16.01-30.11 (fyrirfram bókanir yfir vetrartímann). **Hvalaskoðun/golf/verslun:** Húsavík 45 km. Glæsileg frjálsíþróttaaðstaða og ný sundlaug á Laugum 5 km. **Gestgjafar:** Ingi Tryggvason, Unnsteinn Ingason og Rósa Ösp Ásgeirsdóttir

II:27
IV:68

Sveitahótel | Gistihús bænda | Heimagisting | Sumarhús

Íslenskir ostar – hreinasta afbragð

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-1301

Norðausturland

406 Kiðagil í Bárðardal, 641 Húsavík

Sími: 464-3290 – Netfang: kidagil@kidagil.is - Veffang: kidagil.is

Kiðagil er staðsett í miðjum Bárðardal, vestan Skjálfandafljóts u.þ.b. klukkustundar akstursfjarlægð frá Akureyri og Húsavík. 12 herbergi (1-4 manna) án baðs, setustofa með sjónvarpi og aðgangur að tölvu. Sauna og tjaldstæði. Stór matsalur er í Kiðagili og veitingarstaður opinn milli kl. 11:00 og 22:00. Bar er á staðnum. Kiðagil er fyrsti gisti-/matsölustaðurinn eftir að komið er niður af Sprengisandi. Áhugaverðir staðir í nágrenninu s.s. Goðafoss, Aldeyjarfoss, Sexhólagil ofl. Kiðagil er við veg nr. 842. **Opið:** 15.06. - 30.08. Bóka þarf með fyrirvara á öðrum tímum. **Sund:** Stórutjarnir 32 km, Laugar 35 km. **Péttbýli/verslun:** Húsavík 70 km, Reykjahlíð 70 km, Akureyri 75 km. **Gestgjafar:** Magnús Skarphéðinsson, Sigurgeir Ólafsson, Sigurlína Tryggvadóttir og Guðrún Tryggvadóttir.

III:26

408 Rauðaskriða í Aðaldal, 641 Húsavík

S: 464-3504, 895-6721, 895-6730 – Fax: 464-3644 – Netfang: hotel@hotelraudaskrida.is – Veffang: www.hotelraudaskrida.is

Reyklaust sveitahótel með rúmgóðum 2ja-3ja manna herbergjum með og án baðs. Björt og hlýleg veitingastofa. Fallegt útsýni. 2 x 10 manna heitir pottar. Í nágrenni eru: Goðafoss 20 km, Mývatn 50 km, Ásbyrgi og Dettifoss. Rauðaskriða er við veg 85. **Opið:** 01.05-20.09. Panta þarf fyrirfram 15.09.-15.05. **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli/golf:** Húsavík 28 km, Akureyri 65 km. **Sundlaug:** Heiðarbær 25 km. **Gestgjafar:** Kolbrún Ulfsdóttir og Jóhannes Haraldsson.

II:10
IV:39
B:3

415 Gistiheimilið Stöng í Mývatnssveit, 660 Mývatn

S: 464-4252 – Fax: 464-4352 – Netfang: stongmy@emax.is – Veffang: www.stong.is

Gisting í uppbúnum rúmum; 11 x 2ja manna herbergi, 1x 3ja manna og 2 fjölskylduherbergi, öll með handlaug. Einnig 5 manna sumarhús (3 svefnherbergi). Morgunverður og kvöldverður í boði, einnig aðrar máltíðir ef pantað er fyrirfram. Eldunaraðstaða og borðsalur fyrir 35 manns í sérhúsi. Gestir hafa afnot af tveimur heitum pottum. Fallegar gönguleiðir í nágrenninu. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir um Mývatn. Stöng er við veg nr. 1. **Opið:** 01.03-31.10. **Búskapur:** Kýr og kindur. **Næsta verslun:** Laugar 24 km, Reykjahlíð 29 km. **Sundlaug:** Laugar 24 km, Jarðböðin 31 km. **Gestgjafar:** Ásmundur Jón Kristjánsson og Svala Gísladóttir.

II:29
C:5

420 Skútustaðir við Mývatn, 660 Mývatn

S: 464-4212 – Fax: 464-4322 – Netfang: info@skutustadir.com – Veffang: skutustadir.com

Gistiaðstaða í séríbúð á efri hæð á bænum. Einnig 5 herb. með baði í sér húseiningum og sumarhús með 2 herbergjum og svefnlofti. Skipulagðar skoðunarferðir í Öskju, Ásbyrgi, Jökulsárgljúfur og Dettifoss eru farnar frá Reykjahlíð. Jarðböðin við Mývatn 15 km. Bærinn stendur við Mývatn og veg 1, 15 km frá Reykjahlíð. **Opið:** Allt árið (lokað 23.12 –06.01 og um páska). Á tímabilinu 01.10–30.04 er aðeins boðið upp á gistingu í herbergjum án baðs (fl. I). **Búskapur:** Kýr, kindur, hestar. **Verslun/veitingastaður:** Á staðnum. Fuglasafnið á Neslöndum 10 km, 18 km í jarðböðin við Mývatn og 15 km í golfvöll. **Sundlaug:** Reykjahlíð 15 km. **Gestgjafar:** Ásta Þ. Lárusdóttir og Björn Yngvason.

I:12
III:10
C:4

425 Vogafjós, 660 Mývatn

S: 464-3800 og 464-4303 – Netfang: vogar@emax.is – Veffang: www.vogafjos.net

Gistihús, veitingasala og sveitabúð í Vogafjósi. Hægt er að horfa á þegar kýrnar eru mjólkaðar kl. 7:30 og 17:30. Við bjóðum gestum að smakka spenvolga mjólk beint úr kúnum. Opið er fyrir veitingar frá 7:30-23:00 yfir sumartímann en styttri opnunartími vor og haust. Panta þarf fyrirfram fyrir hópa. Áhersla á heimagerðar afurðir beint frá búinu og einnig boðið upp á að kaupa afurðir búsins í sveitabúðinni. Jólahangikjötið tvíreykta fæst hjá okkur. Vogafjós stendur við þjóðveg nr. 1. **Opið:** 1. apríl-22. des 2011. **Búskapur:** Kýr, kindur og hænur. **Næsta þéttbýli/verslun/sund/golf:** Reykjahlíð 2,5 km. **Gestgjafar:** Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir, Jón Reynir Sigurjónsson, Leifur Hallgrímsson og Gunnhildur Stefánsdóttir.

III:46

BEINT FRÁ BÝLI

430 Eldá/Reykjahlíð við Mývatn, 660 Mývatn

S: 464-4220 – Netfang: info@elda.is – Veffang: www.elda.is

Gistihús og heimagisting í Reykjahlíð. Uppbúin rúm í fl. I/II. (Lágmarksdvöl 2 nætur 21.06.–31.08). Ýmsar áhugaverðar skoðunarferðir eru í boði á staðnum. Bátaleiga og bátsferðir um vatnið. Silungsveiði. Margar gönguleiðir. **Opið:** Allt árið. **Sundlaug/golfvöllur/verslun:** Á svæðinu. **Gestgjafar:** Jón Illugason, Guðrún Þórarinsdóttir.

I:4
II:58

Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

VERÐ FRÁ
6.990 KR.
EINTAKIÐ



P10.01.209

Farðu inn á www.oddi.is
og búðu til persónulega bók.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

ODDI

Norðausturland

450 Þinghúsið Hraunbær í Aðaldal, 641 Aðaldalur

S: 464-3695 – Fax: 464-3595 – Netfang: thinghus@simnet.is

Húsið stendur á fögrum stað við Laxá í Aðaldal. Vel staðsett til skoðunarferða um Norðurland. Í nágrenni eru Laxárgljúfur, Byggðasafnið á Grenjaðarstað og Aðaldalshraun. Stutt í hvalaskoðun til Húsavíkur. Mývatn 36 km og Ásbyrgi 90 km. Þinghúsið er við veg 845. **Opið:** 15.05.-05.09. **Næsta þéttbýli/ golf:** Húsavík 23 km, Akureyri 75 km. **Sundlaug:** Laugar 15 km, Heiðarbær 13 km. **Gestgjafar:** Jón Gauti Böðvarsson, Þórdís Jónsdóttir.

II:12 | CREDIT CARD

451 Hagi I í Aðaldal, 641 Húsavík

S: 464-3526 – Netfang: bergljot@simnet.is

1 x 4ra manna sumarbústaður (1 svefnherbergi, svefnsófi í stofu og svefnloft), með fallegu útsýni. Einnig gisting á efri hæð á bænum. Vel staðsett fyrir skoðunarferðir um Norðurland, Mývatnssveit, Dettifoss og Ásbyrgi. Hagi stendur við veg 853. **Opið:** 01.06-15.09. **Búskapur:** Hestar. **Verslun:** Húsavík 26 km. **Sundlaug:** Heiðarbær 14 km. **Golf:** Húsavík 26 km. **Gestgjafi:** Bergljót Hallgrímsdóttir.

II:4 | C:4 | CREDIT CARD | WiFi | @

455 Garður í Aðaldal, 641 Húsavík

Sími: 464-3569 - Netfang: gaestehaus-gardur@hotmail.com Veffang: http://www.gardur.de

Gisting á neðri hæð íbúðarhússins. Gisting í þremur 2ja manna herbergjum, sameiginlegt baðherbergi, eldhús og setustofu. Inngangur er sameiginlegur með gestgjöfum en önnur aðstaða er aðskilin frá heimilinu. Afþreyingarmöguleikar í boði eru styttri hestaferðir, m.a. er leitt undir börn á hestbaki. Einnig er góð aðstaða til fuglaskoðunar. Góð staðsetning fyrir skoðunarferðir á Norðurlandi, þ.e. Mývatn, Goðafoss, Jökulsárgljúfur, Dettifoss og Ásbyrgi. Stutt frá er safnið á Grenjaðarstöðum. Við veg 845. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar, kálfar og kettir. **Verslun/golf/hvalaskoðun:** Húsavík 20 km. **Sundlaug:** Heiðarbær 12 km. **Gestgjafar:** Enrice Ernst og Guðmundur Skarphéðinsson.

I:6

456 Brekka í Aðaldal, 641 Húsavík

S: 899-4218, 892-3008 - brekka@brekkubol.is - Veffang: www.brekkubol.is

Heimagisting og gisting í sérhúsum mitt á milli Húsavíkur og Mývatns, 3 km frá Laxárvirkjun. 1x2ja manna herbergi, fjölskylduherbergi (hjónaherbergi og koja/setustofu í fremra herbergi), þriggja manns herbergi og 8 herbergi með baði gengið beint að utan inní hvert herbergi. Kvöldmatur af matseðli. Góð staðsetning fyrir dagsferðir til Húsavíkur þar sem m.a. er hægt að fara í hvalaskoðun, Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, að Mývatni og Herðubreið. Grenjaðarstaðir 5 km, Goðafoss 17 km. Mývatn 32 km. Brekka er við veg 853. **Opið:** Allt árið, fyrirfram bókanir 15.09-31.05. **Næsta þéttbýli/ golf:** Húsavík 30 km. **Sundlaug:** Heiðarbær. **Gestgjafar:** Reynir Baldur Ingvason og Hólmfríður Eiríksdóttir.

I:8 III:32 | CREDIT CARD

457 Klambrasel / Langavatn, 641 Húsavík

S: 464-3514, 895-2514, 899- 2664 - Netfang: ksel@emax.is. Veffang: www.langavatn.com

Gisting í gömlu en nýuppgerðu steinhúsi við Langavatn, 2 km frá bænum Klambraseli. Stofa, eldhús og baðherbergi neðri hæð og herbergi 4 herbergi efri hæð hússins. Einnig smáhýsi (fl. III). Gisting í séribúð í húsi gestgjafanna, tilvalið fyrir fjölskyldur; hjónaherbergi, stofa með tveimur rúmum, eldhús og baðherbergi. Stangveiði, fuglaskoðun og húsdýr til sýnis á bænum. Hvalaskoðun frá Húsavík, Grenjaðarstaðir og Laxárvirkjun eru líka í nágrenninu. Klambrasel er mitt á milli Húsavíkur og Mývatnssveitar yfir Hólasand, við veg 87. **Opið:** Allt árið (lokað um jól og áramót). **Búskapur:** Sauðfé, hestar. **Veitingar/sundlaug/heitir pottar:** Heiðarbær 2 km. **Sund/golf/verslun:** Húsavík 25 km og Reynihlíð 25 km. **Gestgjafar:** Gunnar Hallgrímsson og Ragnheiður Jóhannesdóttir

I:8 III:6 | TV

458 Árdalur í Kelduhverfi, 671 Kópaskeri

S: 465 2282 - Netfang: ardalur@ardalur.is - Veffang: www.ardalur.is

Heimagisting við Litlá, fallega á umkringda af fjölbreyttu fuglalífi. Gisting í 3 x 2ja manna herbergjum, matur í boði ef pantað er fyrirfram. Áhersla lögð á eigin framleiðslu og framleiðslu næsta nágrennis, þar sem lífrænt lambakjöt spilar stórt hlutverk (vottað af Túni). Gestir geta tekið þátt í sveitastörfum. Fuglaskoðun. Merktar gönguleiðir. Veiðileyfi. Hestaleiga, 5 km. Dettifoss, Ásbyrgi, og Hljóðaklettar í næsta nágrenni. **Opið:** Allt árið, bókað fyrirfram 01.09-01.06. **Búskapur:** Hestar, kindur, hænur, hundur. **Næsta þéttbýli:** Húsavík, 47 km. **Sundlaug:** Lundur, 13 km. **Verslun/Golf:** Ásbyrgi, 12 km, Húsavík, 47 km. **Gestgjafar:** Matthías Guðmundsson, Ólöf Sveinsdóttir

I:6

MINJASAFNIÐ Á BUSTARFELLI

Bustarfell er fallegur og vel varðveittur torfbær í Vopnafirði. Á safnadeginum, annan sunnudag í júlí, sýnir fjöldi fólks gamla verkhefð. Amman segir sögur á meðan börnin vinna að ýmsu handverki. Sjáið spunnið og hnýtt úr hrosshári í vinnusmiðjunni „Sparðinu. Skiltuð gönguleið er að Álfkonusteini sem segja þjóðsögur og hjartarbeinafund frá því fyrir ísöld. Tiltæk leiðsögn.

Opið daglega frá 10. júní – 10. sept. Frá kl. 10:00 – 18:00

Kaffihúsið Hjáleigan

Opið frá kl. 12:00 – 18:00
Sími 471-2211 og 844-1153
Netfang: bustarfell@simnet.is
Heimasíða: www.bustarfell.is

Minjasafnið Mánarbakka

Ef þú ert á ferðinni um Tjörnesið, ættirðu að líta við í Minjasafninu á Mánarbakka. Þar er fjölbreytt safn ýmissa muna allt frá Land-námsöld til okkar daga. Vísir að sérsöfnum svo sem gömul póstkort og eldspýtustokkar.

Sími 464-1957 – Fax 464-1957 – manarbakki@visir.is

Skriðuklaustur

Menningarsetur & sögustaður

Sími: 471 2990
Fax: 471 2991
Café: 471 2992
klaustur@skriduklaustur.is
klausturkaffi@skriduklaustur.is
www.skriduklaustur.is

HÚS Gunnars Gunnarssonar, byggt 1939. Einstakt hús sem skáldið gaf íslensku þjóðinni árið 1948.

SÖGUSTAÐUR með rústum miðalda-klausturs frá 16. öld. Sýning um klaustrið og leiðsögn um fornleifasvæðið. Fornleifauppgröftur að sumri.

Skriðuklaustur er í Fljótsdal fyrir botni Lagarfljóts, 39 km frá Egilsstöðum, 11 km frá Hallormstað.

Opið alla daga kl. 10-18 í júní – ágúst. Kl. 12-17 maí og 1/2 sept.

ACCESS ICELAND

GOTT AÐGENGI

www.GottAdgengi.is

Norðausturland

460 Hóll í Kelduhverfi, 671 Kópasker

S: 465-2270, 465-2353, 697-3812, 846-3835 – Netfang: hrefnamaria@magnavik.is og hrund@kopasker.is

Heimagisting í 4 x 2ja m. herbergjum. Styttri og lengri hestaferðir í boði. Gæsaveiði. Jökulsárgljúfur, Ásbyrgi og Hljóðaklettar skammt frá. Hóll stendur við veg 85, á milli Húsavíkur og Kópaskers. **Opið:** Allt árið. Panta þarf fyrirfram 01.09.-01.06. **Búskapur:** Hestar, kindur og hundur. **Næsta þéttbýli:** Húsavík 57 km. **Sundlaug:** Lundur 10 km. **Golf:** Ásbyrgi 5 km, Húsavík 57 km. **Gestgjafar:** Kristinn Rúnar Tryggvason, Hrund Ásgeirsdóttir.

I:8 | CREDIT CARD

461 Keldunes II í Kelduhverfi 671 Kópaskeri,

S: 465-2275, 861-2275 – Netfang: keldunes@isl.is – Veffang: keldunes.is

Í Keldunesi er gistiaðstaða í sex tveggja manna herbergjum með handlaug og tveimur litlum bústöðum (16 m²). Setustofa sem má einnig nota sem veislusal. Eldunaraðstaða, þvottahús, baðaðstaða og heitur pottur. Á stórum svölum er grillaðstaða og gott útsýni yfir Skjálftavatn, þar sem er fjölskrúðugt fuglalíf. Ef óskað er, býðst gestum veitingaþjónusta. Gæsa- og rjúpnaveiði. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli:** Húsavík 47 km. **Sundlaug:** Lundur 13 km. **Golf/verslun:** Ásbyrgi 8 km, Húsavík 47 km. **Gestgjafar:** Bára Sigurlaugsdóttir og Sturla Sigtryggsson.

II:12 III:2 | A:4 | CREDIT CARD | @

475 Ytra-Áland í Þistilfirði, 681 Þórshöfn

S: 468-1290, 863-1290 – Fax: 468-1390 – Netfang: ytra-aland@simnet.is – Veffang: ytra-aland.is

Notaleg heimagisting þar sem áhersla er lögð á persónulega þjónustu. M.a. er boðið upp á þjóðlegar veitingar, fiskrétti, íslenska kjötsúpu, pönnukökur og kleinur að hætti hússins.Veitingasalur í sólstofu rúmar 30 manns. Ytra-Áland er vel staðsett til skoðunarferða um Þistilfjörð og Langanes. Stutt er í náttúruperlurnar Ásbyrgi, Dettifoss og Hljóðakletta. Boðið er upp á skoðunarferðir með leiðsögn. Góð aðstaða fyrir hestamenn og frábærar reiðleiðir. Í næsta nágrenni eru merktar gönguleiðir Rauðanes. **Opið:** Allt árið. Einnig er hægt að fá gistingu í Svalbarðsskóla 15.06. - 10.08. Ytra-Áland er við veg 85. **Næsta þéttbýli/sundlaug/ verslun:** Þórshöfn 20 km. **Gestgjafar:** Bjarnveig Skaftfeld og Skúli Ragnarsson.

I:8 III:4 | CREDIT CARD | @ | BEINT FRÁ BÝLI | OPINN LANDBÚNAÐUR

478 Grímstunga I í Fjallahreppi, 642 Reykjahlíð

S: 464-4294, 471-1530, 899-9991 – Netfang: sigben@simnet.is – djupadokk@simnet.is – Veffang: grimstunga.com

Gisting í þremur húsum, herbergi með og án vasks. Matur eftir samkomulagi. Á Fjöllum er umhverfið sérstætt og friðsælt. Miðsvæðis þegar kemur að dagsferðum inn á hálendið. Jarðböðin Mývatni 38 km, Askja 100 km, Herðubreiðalindir 60 km og Dettifoss 25 km. Grímstunga er 4 km frá vegi nr. 1 milli Mývatnssveitar og Egilsstaða. **Opið:** Allt árið. Panta þarf fyrirfram yfir vetrartímann. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Reykjahlíð 38 km. **Gestgjafar:** Elvar Daði Guðjónsson, Anna Björk Jónsdóttir og Kristín Axelsdóttir.

I:16 II:7 | CREDIT CARD | Wi Fi

485 Síreksstaðir, 690 Vopnafirði

S: 473-1458, 848-2174. – Netfang: sirek@simnet.is – Vefsíða: www.sireksstadir.is

2 x 4ra manna sumarhús (32 m²) 500 metra frá Síreksstöðum. Í hvoru húsi er eitt svefnherbergi með hjónarúmi og koju, svefnsófi í stofu. Stór verönd með grilli og heitum potti við bæði húsin. Einnig gistihús með 7 x 2ja manna herbergjum með handlaug og góðum rúmum. Sameiginleg eldunaraðstaða, setustofa með TV, sturta- og wc aðstaða í miðrými hússins. Merktar gönguleiðir um Smjörvatnsheiði og Hofsborgartungu. Möguleiki á veiði í vötnum. Minjasafnið Bustarfell er í 8 km fjarlægð en þar er kaffihús opið á sumrin. Hofskirkja (12 km). Síreksstaðir eru við veg nr. 919. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur, nautgripir, hundar og endur. **Golf:** Skálum (20 km). **Sundlaug:** Selárdalur (30 km). **Næsta þéttbýli/verslun:** Vopnafjörður (22 km). Egilsstaðir: 90/120 km. **Gestgjafar:** Sigríður Bragadóttir og Halldór Georgsson.

D:8 | II:14 | TV | CREDIT CARD | BEINT FRÁ BÝLI

490 Syðri-Vík í Vopnafirði, 690 Vopnafjörður

S: 473-1199, 473-1535, 848-0641 – Fax: 473-1449 – Netfang: holmi56@vortex.is

Gistihús með 6 x 2ja manna herbergjum, fullbúið eldhús, borðstofa, setustofa og 2 snyrtingar. Gott aðgengi fyrir fatlaða og þvottavél. Einnig lítil íbúð með sér inngangi. Tvö sumarhús, 1x4 manna (3 svefnh) og 1x8 (4 svefnh). Gasgrill við hvert hús og leiktæki. Hestaleiga og veiðileyfi seld í Hofsá (silungasvæði), betra að panta fyrirfram. Sjóstangveiði (8 km), 9 holu golfvöllur (8 km). Útisundlaug og heitir pottar (17 km). Minjasafn/kaffihús á Bustarfelli (20 km). Merktar gönguleiðir t.d. Árvík, Fuglabjargarnes. Syðri-Vík stendur við veg 917. **Opið:** 01.03-31.10. **Búskapur:** kindur, hestar, hundar. **Næsta þéttbýli/verslun/veitingar:** Vopnafjörður 8 km. **Gestgjafar:** Kristín Brynjólfsdóttir.

I:6 II:6 III:2 | B:5 B:8 | CREDIT CARD

GRILLAÐAR Lambakótilettur

- SUMARSMELLUR MEÐ HIMNESKRI GRILLSÓSU

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

12 - 14 kótilettur (3-4 kótilettur á mann) • 3 msk hunang • 3 msk balsamik edik • 2 dl Pasific Papaya Hot Spot sósa eða Mango Jalapeno Hot Spot sósa.

Pískið hunang, edik og Hot Spot sósu saman í skál. Leggið kótiletturnar á heitt grillið, penslið kjötið með sósunnni þegar einungis 4 - 5 mínútur eru eftir af eldunninni á kjötinu, þá mun sósan brúnast aðeins og taka í sig smá reykjarbragð. Algjör sumarsmellur - þú verður að prófa!

Himnesk grillsósa:

Blandið afganginum af grillsósunni saman við sýrðan rjóma - himnesk grillsósa.

Borið fram með bakaðri kartöflur, salati og himneskri sósu - njótið vel!

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

Norðausturland

498 Skjöldólfsstaðir í Jökuldal, 701 Egilsstöðum

S: 471-2006, 895-1085. Netfang: allij@centrum.is. Veffang: http://www.ahreindyraslodum.is/

Gistihúsið „Á hreindýraslóðum" er í Skjöldólfsstaðarskóla. Uppbúin rúm með sameiginlegri snyrtingu og svefnpokagistingu. Þema staðarins eru hreindýrin. Leiksvæði fyrir börnin bæði úti og inni. Sundlaug og heitur pottur á staðnum. Einnig tjaldsvæði. Húsdýragarður og vinnustofa þar sem unnið er úr hreindýraleðri í Klausturseli (17 km). Margar góðar dagleiðir frá staðnum, t.d. á Kárahnjúkasvæðið, Jökuldalsheiðina, í Vopnafjörðinn, á Hérað og til Borgarfjarðar. Skjöldólfsstaðir eru við þjóðveg nr. 1. **Opið:** 01.06-30.09. Fyrirfram pantanir á öðrum árstímum. **Búskapur:** Hreindýr á Klausturseli. **Næsta þéttbýli:** Egilsstaðir 50 km. **Gestgjafi:** Aðalsteinn Jónsson.

I:32 | 5 | CREDIT CARD

500 Hótel Svartiskógur í Jökulsárhlíð, 701 Egilsstöðum

S: 471-1030, 471-1035 – Fax: 471-1016 – Netfang: svartiskogur@mi.is

Gisti- og veitingastaður staðsettur í fallegu skógi vöxnu landi, góður áningarstaður fyrir einstaklinga og hópa sem hrifast af íslenskri náttúru, fuglasöng og friðsæld. Stutt í laxveiðiár. Vel staðsett til skoðunarferða um Fljótsdalshérað, Borgarfjörð eystri, Vopnafjörð, Seyðisfjörð, Fjarðarbyggð o.s.frv. Hótel Svartiskógur er við veg 917, 8 km.frá vegi 1. **Opið:** 02.05-15.10. **Næsta þéttbýli/sundlaug golfvöllur:** Egilsstaðir 30 km, Seyðisfjörður-Norræna 58 km. **Gestgjafar:** Helga Jónsdóttir og Benedikt Hrafnkelsson.

III:41 | CREDIT CARD

503 Ferðaþjónustan Ekru, 701 Egilsstöðum

S: 471-3054, 868-0957. Netfang: ekra701@simnet.is. - Veffang: http://www.sumarhusekru.blogspot.com/

2 x 5 manna sumarhús, á fallegum stað í Ekrulandi. Tvö svefnherbergi (hjónaherbergi og eitt kojuherbergi), baðherbergi, eldhúskrókur og stofa. Sjónvarp, DVD og grill á veröndinni. Nettenging í gegnum 3G Símans. Fallegt útsýni frá bústöðunum þ.e. yfir Lagarfljótið, vötn, hamrar, klettar, tindar, lyng og tún. Veiðileyfi eru seld á bænum. Í nágrenninu eru gamall torfbær á Galtastöðum og gamla skólasetrið að Eiðum. Þá er tilvalið að fara í dagsgöngu í Stórurð sem er ógleymanleg upplifun. Bærinn Ekra stendur við Lagarfossveg, nr. 944. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur. **Næsta þéttbýli/verslun/þjónusta/sund:** Egilsstaðir 30 km. **Gestgjafar:** Kristjana Júníusdóttir og Sigmundur Halldórsson.

C:10 | TV | CREDIT CARD

504 Borg í Njarðvík, 720 Borgarfirði eystra

S: 472-9805 Netfang: hlid@centrum.is - Fésbók: Lífið í sveitinni

Gisting í sérhúsi með tveimur íbúðum. Neðri hæðin er leigð út í heilu lagi; 2 svefnherbergi (hjónaherbergi og kojuherbergi), eldhús, stofa og baðherbergi. Á efri hæðinni eru leigð út herbergi í uppbúnum rúmum með sameiginlegu baðherbergi og í svefnpokaplássi. Morgunverður í boði ef þess er óskað. Aðgangur að þvottavél. Gestum gefst kostur á að kynnast lífi bænda í leik og starfi, kynnast dýrunum á bænum og njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða í Njarðvík. Víkin er umlukin fögrum fjallahring og fjaran steinsnar frá bænum. Borg stendur við veg 9460. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur, hundar og hestur. **Næsta þéttbýli/verslun:** Bakkagerði 10 km. Egilsstaðir 61 km. **Gestgjafar:** Jakob Sigurðsson og Margrét B. Hjarðar.

C:4 | I:5 | 2 | CREDIT CARD

505 Gistiheimilið Álfheimar, 720 Borgarfirði eystra

S: 861-3677. Netfang: info@elftours.is. Heimasíða: www.borgarfjordureystri.is

Nýlegt gistiheimili við þorpið Bakkagerði á Borgarfirði eystra. Í boði eru 17x2ja manna herbergi með baði og möguleiki á aukarúmi. Veitingastaður með áherslu á svæðisbundin matvæli. Fuglaskoðun í höfninni í Hafnarhólma sem er þekkt fyrir lunda. Kjarvalssafn og ævintýraland fyrir börnin. Rómuð gönguparadís á Víknaslóðum og Stórurð í nágrenni Dyrfjalla. Gestum er velkomið að fylgjast með daglegu lífi á bænum, t.d. sauðburði á vorin og göngum og réttum á haustin. **Opið:** Allt árið (fyrirfram bókanir 01.10 - 01.04). **Búskapur:** Sauðfé. **Verslun:** 400 m. **Næsta þéttbýli:** Egilsstaðir 69 km (vegur 94). **Gestgjafar:** Jóhanna Borgfjörð, Ásgeir Arngrímsson, Arngrímur Viðar Ásgeirsson og Þórey Sigurðardóttir.

III:34 | CREDIT CARD | WI FI

520 Eyvindará II, 700 Egilsstöðum

S.: 471 1200, 867 4551 – Fax: 471-1279 – eyvindara2@simnet.is – www.eyvindara.is

Gistiheimilið Eyvindará er staðsett í fögru umhverfi, mikill gróður, tré og klettar setja svip á landslagið. Fjölbreytt gistiaðstaða; 10 herbergi með baði í sér húsalengju, herbergi án baðs í aðalhúsi, 3 herbergi með baði í smáhýsum (fl. III) og eitt sumarhús í flokki C (svefnherbergi og svefnsófi í stofu). Setustofa og sólpallur fyrir gesti. Eldunaraðstaða fyrir gesti í sumarhúsinu og einu smáhýsinu. Kvöldverður í boði fyrir nætugesti frá 01.06-31.08. Aðgangur að þvottavél. Eyvindará er við veg 94, ca. 500 m. frá afleggjaranum til Seyðisfjarðar. **Opið:** 01.03-15.11. **Næsta þéttbýli/sundlaug/veitingastaður/golf:** Egilsstaðir 2 km. **Skíðasvæði:** Stafdalur 15 km, Oddskarð 60 km. **Gestgjafi:** Sigurbjörg Inga Flosadóttir.

I:17 II:4 III:31 | C:2 | WI FI | CREDIT CARD

CINTAMANI BANKASTRÆTI 7
101 REYKJAVÍK, S. 533 3390

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533 3003

CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

Suðausturland

530 Skipalækur í Fellum, 701 Egilsstöðum

S: 471-1324, 895-1324 – Fax: 471-2413 – Netfang: bokun@skipalaekur.is - Veffang: www.skipalaekur.is

Skipalækur stendur við Lagarfljót, miðsvæðis á Fljótsdalshéraði. Tilvalin staðsetning fyrir dagsferðir um einstaka Austfirðina. 5 sumarhús á bökkum Lagarfljóts: 3 x 4ra manna (1-2 svefnh. og svefnloft) og 2 x 2ja manna (1 svefnh.). Gistiaðstaða í sérhúsum með einstakt útsýni yfir fljótið, einnig á efri hæð á bænum. Eldunaraðstaða fyrir þá sem gista í flokki I og í svefnpokagistingu. Tjaldsvæði með snyrtiaðstöðu og heitum potti. Hestaleiga. Veiðileyfi. Við veg 931. Fellabær 500 m, verslun, veitingahús og bakarí. **Opið:** allt árið, lokað jól og áramót. **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli/Sundlaug:** Egilsstaðir 3 km. **Golf:** Ekkjufell, 500 m. **Gestgjafi:** Þórunn Sigurðardóttir.

I:18 II:4 III:12 | B:16 | 8 | CREDIT CARD | TV

532 Gistihúsið Egilsstöðum, 700 Egilsstöðum

S: 471-1114 – Fax: 471-1266 – Netfang: hotel@lakehotel.is – Veffang: www.lakehotel.is

Gistihúsið er staðsett á bökkum Lagarfljóts. Í húsinu er rekið fyrsta flokks hótel og veitingastaður. Rómantík og gamlar hefðir eru hafðar í öndvegi og gestir njóta fyrsta flokks þjónustu í einstakri umgjörð íslenskrar náttúru. Gistihúsið er 300 m frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr og hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Egilsstaðir 300 m. **Golf:** Fellabær 2 km. **Gestgjafar:** Gunnlaugur Jónasson og Hulda E. Daníelsdóttir.

IV:37 | CREDIT CARD | TV | WiFi | @

536 Útnyrðingsstaðir á Héraði, 701 Egilsstöðum

Sími: 471-1727, 869-8210 – Netfang: gaedingatours@simnet.is - Veffang: www.gaedingatours.is

Gisting í uppbúnum rúmum með morgunverði í íbúðarhúsi á tveimur hæðum. Á neðri hæð eru 2 fjölskylduherbergi með sér inngangi og á efri hæð eru 3x2ja manna herbergi með sameiginlegri snyrtingu og borðstofu. Boðið er upp á hestaferðar með leiðsögn frá 1 klst upp í 7 daga ferðar. Frábærir möguleikar til styttri gönguferða á malbornum stígum. Á býlinu er rekið hrossabú, tamningastöð og ferðaþjónusta / hestaferðir - Gæðingatours. Útnyrðingsstaðir eru við þjóðveg nr. 1 (6 km sunnan við Egilsstaði). **Opið:** 07.06-30.09. **Búskapur:** Hestar, kindur. skógrækt. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Egilsstaðir 7 km. **Golf:** Fellabær 9 km. **Gestgjafi:** Stefán Sveinsson.

I:12 | CREDIT CARD

538 Eyjólfsstaðir á Héraði, 701 Egilsstöðum

S: 471-2171 – Netfang: eyjolfsst@simnet.is – Veffang: www.eyjolfsstadir.is

Gisting í rúmgóðu og fallegu timburhúsi með tveggja, þriggja og fjögurra manna herbergjum án baðs. Rúmgóðar setustofur. Þráðlaust internet. M.a. boðið uppá lífrænt ræktaða matvöru frá Vallanesi og heimabökuð brauð á morgunverðarborði. Matur fyrir hópa ef bókað er fyrirfram. Fallegt og friðsælt umhverfi og stutt til margra fallegra staða. Eyjólfsstaðir eru við veg 1, 9 km sunnan við Egilsstaði. **Opið:** 15.05 - 15.09. **Búskapur:** Skógrækt. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Egilsstaðir 9 km. **Golf:** Fellabær 12 km. **Gestgjafi:** Unnar Erlingsson.

I:8 II:42 | CREDIT CARD | WiFi

540 Hafursá við Hallormsstað, 701 Egilsstöðum

S: 893-1428, 899-9028 - Netfang: kells@visir.is

Tvö 40 m^2 sumarhús sem deila sameiginlegum palli með góðu útsýni yfir Lagarfljótið. Í öðru húsinu er 1 svefnherbergi með 4 rúmum og í hinu eru 2 svefnherbergi með gistirými fyrir 6 manns. Skemmtilegar gönguleiðir eru um Hallormsstaðarskóg, sem m.a. liggja við Hafursá. Á Hallormsstað er ýmis afþreying í boði s.s. sundlaug og hestaleiga. Bátaleiga er í Atlavík og hægt er að fara í siglingu á Lagarfljótsorminum. Hafursá stendur við veg nr. 931. **Opið:** 15.05-15.09. **Næsta þéttbýli/verslun:** Egilsstaðir 22 km. **Sundlaug:** Hallormsstaður 5 km. **Gestgjafar:** Þorkell Sigurbjörnsson og Anna Hjaltadóttir.

C:10 | CREDIT CARD

542 Fljótsdalsgrund í Fljótsdal, 701 Egilsstöðum

S: 865-1683 og 863-5215 – Netfang: fljotsdalsgrund@fljotsdalur.is

10x2ja manna stúdíóíbúðir með sérbaðherbergi, eldunaraðstöðu og sjónvarpi. Svefnsófi er í tveimur íbúðum sem hentar vel fjölskyldufólki. Stórt sameiginlegt rými og stór verönd. Morgunverður í boði ef bókað er fyrirfram. Svefnpokapláss í sal fyrir allt að 20 manns, fullbúið tjaldsvæði með aðstöðu fyrir húsbíla. Hentugt fyrir ættarmót, með aðstöðu fyrir varðeld. Einnig góð staðsetning fyrir hreindýraveiðar og skoðunarferðir (t.d. Skriðuklaustur, Hengifoss, Hallormsstaðaskógur, Kárahnjúkar). Fljótsdalsgrund stendur við veg nr. 933 við hliðina á Félagsheimilinu Végarði. **Opið:** Allt árið. **Næsti matsölustaður:** Klausturkaffi 1,5 km. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug:** Egilsstaðir, 40 km. Golf: Ekkjufell, 37 km. **Gestgjafar:** Helga Hallbjörg Vigfúsdóttir, Jósef Valgarð Þorvaldsson

III:20 | 20 | TV | CREDIT CARD

Glacier Jeeps – Ice & Adventure

Our popular tour is Super jeep tour from the main road up to Jöklasel and skidoo tour, jeep or glacier hiking tour on the great glacier.

Departure from F985 daily from
May - Oct. at 9.30 AM and at 14.00 PM
Minimum: 2 persons
Duration: 3 hours, one hour on skidoo snowmobile.

Tours on offer all year around.
Reservations need to be made.

THE VATNAJOKULL REGION
THE SOUTH-EAST OF ICELAND
WOW!

Glacier Jeeps – 781 Vagnsstaðir, Iceland
Tel: +354 4781000 (+354) 8943133
www.glacierjeeps.is - glacierjeeps@simnet.is

Allir lesa

Bændablaðið

Suðausturland

545 Aðalból II í Hrafnkelsdal, 701 Egilsstöðum

S: 471-2788, 864-2788 – Netfang: sambo@simnet.is – Veffang: simnet.is/samur

Gisting í heimahúsi og í sérhúsi, 13 rúm í eins til þriggja manna herbergjum. Morgunverður, nesti og máltíðir eftir pöntun – vínveitingaleyfi (Sámsbar). Leiðsögn með hreindýraveiðum. Skotveiði á heiðagæs. Aðalból er aðili að Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu en þar reisti Hrafnkell Hallfreðarson sér bú. Aðalból stendur við veg F923. **Opið:** 01.06 – 15.09. Á öðrum tíma eftir samkomulagi. **Næsta þéttbýli:** Egilsstaðir 100 km. **Sundlaug**: Skjöldólfsstaðir 44 km. **Gestgjafar:** Kristrún Pálsdóttir og Sigurður Ólafsson.

550 Sólbrekka, 715 Mjóafirði

S: 476-0007, 894-9014 – Fax: 476-0020 – Netfang: mjoi@simnet.is

Gisting í 2 x 2ja manna sumarhúsum (svefnsófi í stofu og svefnloft) og gisting í svefnpokalássi á Sólbrekku. Á Sólbrekku er eldunaraðstaða, borðstofa, setustofa m/sjónvarpi, þvottavél og þurrkara, einnig 3 snyrtingar m/sturtum. Möguleiki á aukarúmum og morgunverði. Heitur pottur í sér húsi. Fallegt útsýni yfir fjörðinn. Skemmtilegar gönguleiðir, sumar stikaðar. Göngukort í boði. Möguleikar á sjóstangaveiði og bátsferðir í skoðunarferðir um fjörðinn. Gott berjaland. Sólbrekka er við veg 953. **Opið:** Sumarhús 01.06-31.10. Kaffisala í Sólbrekku opin frá 01.07.-15.08. **Húsdýr:** Kindur, hestar, hænur, kanínur og hundar. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Egilsstaðir 45 km. **Gestgjafi:** Jóhanna Lárusdóttir.

555 Skarð í Breiðdal, 760 Breiðdalsvík

S: 475-6798 – haaleiti@hotmail.com – www.vortex.is/sissi

Gisting í sérhúsnæði heima á bænum Skarði; 3 eins manns herbergi án baðs og 1 x 2ja manna herbergi með baði, rúmgóð setustofa. Morgunverður í boði. Náttúran í Breiðdal er rómuð fyrir fegurð og veðursæld og ýmsar gönguleiðir í boði eins og létt ganga yfir Jórvíkurskarð og lengri ganga yfir Reyndalsheiði. Möguleiki á að sækja fólk fyrir eða eftir göngu. Skarð er við veg 962. **Opið:** 15.05-15.09 **Húsdýr:** Kindur. **Næsta þéttbýli/sundlaug/verslun:** Breiðdalsvík 20 km. **Gestgjafi:** Ásdís Gísladóttir.

560 Hótel Staðarborg, 760 Breiðdalsvík

S: 475-6760 – Fax: 475-6761 – Netfang: stadarborg@simnet.is – Veffang: www.stadarborg.is

Gisting í 23 rúmgóðum herbergjum, öll með sérbaði og sjónvarpi. Veitingar í boði: Morgunverður og kvöldverður, einnig hádegisverður fyrir hópa. Góð aðstaða til funda, veisluhalda eða ættarmóta. Á staðnum er tjaldsvæði og heitur pottur til afnota fyrir gesti. Eldunar- og hreinlætisaðstaða fyrir tjaldgesti. Staðarborg er staðsett í fögru umhverfi Breiðdalsins. Fallegar gönguleiðir, fjölbreytt dýra- og fuglalíf. Möguleiki á lax- og silungsveiði og einnig gæsaveiði. Hestaleiga á staðnum (1 klst. ferðir) og bátur til útleigu fyrir siglingu um eyjarnar. Staðarborg er við veg 1, 7 km frá Breiðdalsvík. **Opið:** Allt árið. **Næsta þéttbýli:** Breiðdalsvík 7 km. **Gestgjafi:** Arnór Stefánsson.

584 Árnanes V, 781 Höfn

S: 478-1550 – Fax: 478-1819 – Netfang: arnanes@arnanes.is – Veffang: www.arnanes.is

Gisting í 5 aðskildum húsum – herbergi með og án baðs. Veitingasala. Hestaferðir. **Afþreying:** Fuglaskoðun, silungsveiði, jöklaferðir, gönguleiðir, sigling á Jökulsárlóni, fjórhjólaferðir, jöklagöngur o.fl. Árnanes er við þjóðveg nr. 1. Flugvöllur 1 km. Verslun 1 km. **Opið:** Allt árið (lokað 22.12-02.01). **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli/ sundlaug/ golfvöllur:** Höfn 6 km. **Gestgjafi:** Ásmundur Gíslason.

586 Brunnhóll á Mýrum, 781 Höfn

S: 478-1029, 867-8036, 861-0279 – Fax: 478-1079 – Netfang: brunnholl@brunnholl.is – Veffang: www.brunnholl.is

Velbúið reyklaust gistihús með björtum og rúmgóðum herbergjum, setustofum og eldunaraðstöðu. Góð aðstaða fyrir fatlaða. Sjónvarp/hárþurrkur á herbergjum. Sími og internet í sameiginlegu rými. Kvöldverðarhlaðborð fyrir næturgesti. Heimalagaður rjómaís, beint frá býli. Falleg jöklasýn. Merktar gönguleiðir með fræðsluskiltum við jaðar þjóðgarðs (6 km). Ýmis konar afþreying í nágrenninu s.s. daglegar ferðir á Vatnajökul (14 km) sigling á Jökulsárlóni (50 km). Jöklasýning á Höfn (30 km) Þórbergssetur (35 km). Vönduð gönguleiðakort og lopavara til sölu. Brunnhóll er við þjóðveg nr. 1, vestan við Höfn. **Opið:** 01.04.-31.10. **Búskapur:** Kýr, hestar, hundur og köttur. **Næsta þéttbýli/ sundlaug/golfvöllur/söfn:** Höfn 30 km. **Gestgjafar:** Sigurlaug Gissurardóttir og Jón Kristinn Jónsson.

Sveitahótel | Gistihús bænda | Heimagisting | Sumarhús

Í RÍKI VATNAJÖKULS
WOW!
Ríki Vatnajökuls - ferðaþjónustu-, matvæla- og menningarklasi Suðausturlands býður upp á einstaka upplifun allan ársins hring.
• Girnilegur matur úr héraði
• Mikið úrval gistingar
• Fjölbreyttir afþreyingarmöguleikar
• Gestrisni heimamanna
Nánari upplýsingar á www.visitvatnajokull.is
WOW!
DIMMS / www.dimms.is

Suðausturland

587 Lambhús á Lambleiksstöðum, 781 Höfn

S: 662-1029 - Netfang: info@lambhus.is - Veffang: lambhus.is

Lambhús eru staðsett við bæinn Lambleiksstaði 30 km vestan við Höfn. 3x4ra manna smáhýsi 15 m² (tvíbreið koja) og 1x4-6 manna smáhýsi (20 m², tvíbreið koja og svefnsófi). Eldunaraðstaða og salerni eru í húsunum en sturta í þjónustuhúsi. Á svæðinu eru margar gönguleiðir, góð tækifæri til fuglaskoðunar og myndatöku. Húsdýragarður á Hólmi, heitir pottar við Hoffell og jöklaferðir á Skálafellsjökul. Veitingastaðir á nágrannabæjum. Lambhús er við veg nr. 1. **Opið:** 15.05. – 01.09. **Húsdýr:** Hestar, hænur, gæsir og hundur. **Verslun:** Höfn 30 km. **Sundlaug:** Höfn 30 km. Golf: Höfn 30 km. **Gestgjafar:** Steinvör Haraldsdóttir og Gunnar Gunnarsson.

A:16

588 Hólmur á Mýrum, 781 Höfn

S: 478-1037, 478-2063, 861-5959 – Netfang: holmur@eldhorn.is – Veffang: www.eldhorn.is/mg/gisting

Gistiaðstaða í gömlu hlýlegu húsi 6x2ja manna herbergi. Einnig er boðið upp á 2x2ja manna herbergi á heimili gestgjafa. Morgunverður er í boði og einnig kvöldverður ef pantað er fyrirfram. Eldunaraðstaða í boði 16.09-31.05. Veitingaaðstaða er í gömlu endurgerðu fjósi og boðið er upp á kaffi og kökur, ásamt léttum veitingum yfir daginn. Á bænum er rekinn húsdýragarður með fjölbreyttum dýrategundum. Skemmtilegar gönguleiðir eru í nágrenninu t.d. inn að, og við Fláajökul. Nálægt bænum er fjölbreytt fuglalíf. Einnig eru í boði ferðir niður á fjörur með leiðsögn allt árið og hreindýraskoðunarferðir á veturna. Hólmur er við veg nr.1. **Opið:** Allt árið. Lokað yfir jól og áramót. **Búskapur:** Blandaður búskapur. **Næsta þéttbýli:** Höfn 33 km, þar er jöklasafn, byggðasafn,sundlaug, golf og verslun. **Gestgjafar:** Guðrún Guðmundsdóttir og Magnús Guðjónsson

I:16

589 Nýpugarðar á Mýrum, 781 Höfn

S: 893 1826 - Netfang: nypu@simnet.is

Nýpugarðar eru 33 km vestan við Höfn og 45 km austan við Jökulsárlón. 5 x 2ja manna herbergi með sameiginlegum baðherbergjum og eldhúsi. Fallegt útsýni til Vatnajökuls og fjögurra skriðjökla. Fjölbreyttar gönguleiðir í nágrenninu og mikið fuglalíf á sumrin. Húsdýragarður er á bænum Hólmi 4 km. Ýmis konar afþreying í nágrenninu s.s. snjósleða- og jeppaferðir á Vatnajökul 10 km, sigling á Jökulsárlóni 45 km, Jöklasýning á Höfn 33 km, Þórbergssetur 35 km. Við veg 9825, 3,5 km frá þjóðveginum. **Opið:** Allt árið. **Búskapur/gæludýr:** Kindur, hestar og hundur. **Gestgjafi:** Elínborg Baldursdóttir.

I:10

591 Skálafell I í Suðursveit, 781 Höfn

S: 478-1041, 849-5454. Fax: 478-2061. Netfang: skalafell@simnet.is

Gisting í 2ja-3ja manna herbergjum með og án baðs. Skálafell er staðsett milli Hafnar og Jökulsárlóns, 600 metra frá þjóðvegi 1. Merktar gönguleiðir með upplýsingum um sögulegar minjar og þjóðsögur, t.d. gönguleið að Skálafellsjökli (1 klst). Göngukort fáanleg í móttöku. Daglegar ferðir á Vatnajökul (við veg nr. 985, 3 km), siglingar á Jökulsárlóni (40 km). **Opið:** Allt árið. **Búskapur/húsdýr:** Hestar, kindur og íslenskur hundur. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf/söfn:** Höfn 40 km. Bensínstöð: 7 km. Gestgjafar: Þóra V. Jónsdóttir og Þorsteinn Sigfússon.

II:8
III:12

592 Smyrlabjörg í Suðursveit, 781 Höfn

S: 478-1074 – Fax: 478-2043 – Netfang: smyrlabjorg@smyrlabjorg.is – Veffang: smyrlabjorg.is/

Velbúið sveitahótel við rætur Vatnajökuls, þar sem lögð er áhersla á að matvæli komi úr heimabyggð. Á sumrin er boðið upp á kvöldverðarhlaðborð með fjölda rétta úr ríki Vatnajökuls. Góð ráðstefnu- og fundaraðstaða, einnig veislusalur sem tekur um 100 manns í sæti sem er tilvalin fyrir árshátíðir, afmæli og aðra viðburði. Gönguleiðir eru í nágrenninu sem henta til skoðunar á fuglum, gróðri og fjölbreyttri náttúru. Allir velkomnir að kíkja við í kaffi, mat eða gistingu. **Opið:** 05.01-21.12. **Búskapur/gæludýr:** Kindur, hestar, nautgripir, hænur, endur og hundar. **Verslun/sundlaug/golfvöllur:** Höfn 45 km. **Gestgjafar:** Laufey Helgadóttir og Sigurbjörn J. Karlsson.

I:7
IV:90

BEINT FRÁ BÝLI

595 Gerði í Suðursveit, 781 Höfn

S: 846-0641, 478-1905 – bjornborg@centrum.is

Gisting á tveimur hæðum; 8 x 2ja manna herbergi, einnig 2 x 3ja manna og 1xeins manns herbergi. Morgunverður og kvöldverður í boði. Eldunaraðstaða í boði utan háannatíma. Stutt í fjöruna en auk þess eru fleiri áhugaverðar gönguleiðir í boði. Þórbergssetur 150 m. Jökulsárlón 13 km. Ferðir á Vatnajökul 20 km. Skaftafell 70 km og Ingólfshöfði 50 km. Gerði er 200 m frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. **Húsdýr:** Kindur og hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf/verslun:** Höfn 70 km. **Gestgjafi:** Björn Borgþór Þorbergsson.

II:24

Þægindi og góður aðbúnaður

Sveitahótel með 37 herbergjum staðsett miðja vegu milli þjóðgarðsins í Skaftafelli og Jökulsárlóns.

Þægileg setustofa, bað og hvíldaraðstaða með heitum potti, gufubaði og sturtum.

Allt sameiginlegt rými er skreytt með íslenskri nútímamyndlist.

GISTIHEIMILIÐ
FROST OG FUNI
ÞÆGINDI OG GÓÐUR AÐBÚNAÐUR

Hofi-Öræfum | sími: 478-2260 | fax: 478-2261 | www. frostogfuni.is | hof@frostogfuni.is

Suðvesturland

596 Hali í Suðursveit, 781 Höfn

S: 478-1073, 867-2900 – Netfang: hali@hali.is – Veffang: www.hali.is, www.thorbergssetur.is

Gisting í eins, tveggja og þriggja manna herbergjum í tveimur húsum við þjóðveg 1 í Suðursveit. Góð eldunaraðstaða og setustofur eru í báðum húsunum. Morgunverður og veitingar m.a. með mat beint frá býli eru í veitingasal í Þórbergssetri. Merktar gönguleiðir og ratleikur í nánasta umhverfi þar sem sagan bíður við hvert fótmál. Áhugavert safn í Þórbergssetri, þar er góð aðstaða fyrir námskeið og minni ráðstefnur utan háannatíma. Sérkjör að vetri. Heitur pottur. Jökulsárlón 13 km, Jöklajeppar 20 km. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Bleikjueldi og sauðfé, framleidd Jöklableikja. **Næsta þéttbýli:** Höfn 70 km. **Gestgjafar:** Þorbjörg Arnórsdóttir og Fjölnir Torfason.

II:22

599 Litla-Hof í Öræfum, 785 Öræfum

S: 478-1670 – Fax: 478-1696

Gistingin er á sérhæð á bænum, með sérinngangi. Einnig 2 herbergi í sérhúsi. Tilvalinn dvalarstaður fyrir þá sem ætla að skoða þjóðgarðinn í Skaftafelli (20 km) eða sigla á Jökulsárlóni (37 km). Litla-Hof er við veg 1. **Opið:** 01.02-30.11. **Búskapur:** Kindur, hestar. **Næsta þéttbýli:** Kirkjubæjarklaustur 80 km. **Sundlaug:** Kirkjubæjarklaustur 80 km. **Golf:** Efri-Vík 85 km. **Gestgjafar:** Guðbjörg Magnúsdóttir, Sigurjón Gunnarsson.

II:14 | 6

600 Frost og Funi Hof 1 785 Öræfum

S. 478 2260 – Fax 478 2261, – Netfang: hof@frostogfuni.is – Veffang: www.frostogfuni.is

Gisting í 36 tveggja manna herbergjum og 1 eins manns herbergi. Herbergi með og án sér baðherbergis. Á jarðhæð í aðalgistihúsinu er baðhús fyrir gesti gistiheimilisins með heitum potti, gufubaði, sturtum og búningsklefum fyrir karla og konur auk hvíldaraðstöðu. Veitingar: Morgunverður, kvöldverður, nestispakkar og vínveitingar. Áhugaverðir staðir: Þjóðgarðurinn í Skaftafelli 20 km, Jökulsárlón 37 km. Ferðir í Ingólfshöfða og skipulagðar gönguferðir í þjóðgarðinum. Hof er við hlíðar Öræfajökuls og þjóðveg 1. **Opið:** 19.05 - 07.09. **Næsti þéttbýlisstaður:** Kirkjubæjarklaustur 80 km. **Verslun:** Freysnes 15 km. **Gestgjafar:** Anna Sigríður Jóhannsdóttir og Knútur Bruun.

I:16 II:22 III:34

630 Hótel Laki/Efri-Vík í Landbroti, 880 Kirkjubæjarklaustri

S: 487-4694 – Fax: 487-4894 – Netfang: hotellaki@hotellaki.is – Veffang: www.hotellaki.is

Nýtt hótel, 40 vel útbúin herbergi með baði. Einnig gisting í 15 smáhýsum (hjónarúm og koja). **Veitingar:** Morgunverður, kvöldverður, vínveitingaleyfi, góð aðstaða fyrir árshátíðir og fundarhöld. **Afþreying:** Merkt gönguleið, 9 holu golfvöllur og veiði. Skaftafell 72 km, Eldgjá 77 km – daglegar ferðir. Efri-Vík er við veg 204. **Opið:** Allt árið, panta þarf fyrir fram 01.10-01.05. **Gæludýr:** Hundur. **Næsta þéttbýli/ sundlaug:** Kirkjubæjarklaustur 5 km. **Gestgjafar:** Salóme Ragnarsdóttir, Hörður Davíðsson, Eva Björk Harðardóttir og Þorsteinn Kristinsson.

II:30 IV:80

635 Geirland á Síðu, 880 Kirkjubæjarklaustri

S: 487-4677, 897-7618 – Fax: 487-4815 – Netfang: geirland@centrum.is – Veffang: geirland.is

Gisting í 28 herbergjum með baði og 4 herbergjum án baðs á sérhæð í bænum. Veitingahús á staðnum sem rúmar 80 manns í sæti. Bar. Góð aðstaða fyrir hópa. Daglegar skoðunarferðir yfir sumarið m.a. í Laka, Eldgjá, Landmannalaugar, Langasjó og Skaftafell. Gönguleiðir og hellaskoðun með stuttri gönguferð að Lambhagafossi. Geirland er 2 km frá veg 1. **Opið:** Allt árið. Panta þarf fyrirfram 01.09.-31.05. **Búskapur:** Hestar, kindur. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Kirkjubæjarklaustur 3 km. **Golf:** Efri-Vík 8 km. **Gestgjafar:** Erla Ívarsdóttir og Gísli Kjartansson.

III:28 IV:27

636 Hunkubakkar á Síðu, 880 Kirkjubæjarklaustri

S: 487-4681, 865-2652 – Fax: 487-4881 – Netfang: hunku@simnet.is – Veffang: hunkubakkar.is

Gisting í 2ja eininga smáhýsum, bæði með sér baði og sameiginlegu baði. Góð aðstaða fyrir litla hópa. Áhugav. staðir t.d. Fjaðrárgljúfur, Lakagígar, Fagrifoss 20 km, Skaftafell 78 km, Skálafellsjökull 150 km og Eldgjá 67 km. Daglegar skoðunarferðir á þessa staði á sumrin. Hunkubakkar eru 1 km frá vegi 1 – á leiðinni að Lakagígum. **Opið:** Allt árið. Panta þarf fyrirfram 01.10-01.05. **Búskapur:** Sauðfé og hundur. **Næsta þéttbýli/sund:** Kirkjubæjarklaustur 7 km. **Golf:** 12 km. **Gestgjafar:** Jóhanna Jónsdóttir og Pálmi Harðarson.

I:6 II:12 III:20

VELKOMIN Í SKAFTÁRHREPP!

www.klaustur.is

Þórbergssetur

- Hala Suðursveit

Safn - Sýning - Veitingar
Saga Suðursveitar - Heimur Þórbergs
Skemmtun og fróðleikur fyrir alla fjölskylduna
Opið daglega frá 1.5.-15.10. kl. 9-21,
Annars samkvæmt samkomulagi
Sími 478-1078/867-2900 www.thorbergur.is

BÁTSFERÐIR Á JÖKULSÁRLÓNI!

Bjóðum upp á 30-40 mín. siglingu um Lónið.
Tilvalin afþreying fyrir alla fjölskylduna.
Sími: 478-2222.

Opið frá 10-17 í maí og september og
9-19 frá 1.júní - 31. ágúst.

Síðasta ferð fer um einni klukkustund fyrir lokun.

www.jokulsarlon.is

Náttúran veit best!

Leyfðu henni að hjálpa þér að grænvæðast!

- **Eldhúsgarðurinn** - *góð ráð í matjurtargarðinum*
- **Grasa-Gudda** - *allt um villtar jurtir*
- **Náttúrumarkaður** - *vefverslun með hugsjón*
- **Húsið og umhverfið** - *ráð fyrir allt innan heimilisins*
- **Grænar síður og kort** - *grænt á öllu landinu; söfn og menningarsetur, umhverfisvæn ferðaþjónusta, heimavinnsluaðilar, bændamarkaðir og býlin sem bjóða þig velkomin í sumar.*

www.natturan.is

http://www.natturan.is

Suðvesturland

637 Mið-Hvoll í Mýrdal, 870 Vík

S: 863-3238– Netfang: mid.hvoll@gmail.com – Veffang: www.hvoll.com

Gisting í 2 bústöðum fyrir allt að 5 manns (1 x 3ja manna svefnherbergi og svefnsófa í stofu). Stór verönd með grilli. Bústaðirnir eru vel útbúnir og einstaklega vel staðsettir með fallegu útsýni að Mýrdalsjökli, Dyrhólaey, Reynisdröngum og Vestmannaeyjum. Í göngufæri frá ströndinni og skemmtilegar gönguleiðir. Hestaleiga og fjölbreyttir reiðtúrar, t.d. á ströndina (1 klst), til Dyrhólaeyjar (2 klst), og lengri ferðir ef bókað er fyrirfram. Miðhvoll er við veg 2160 **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur, kýr, hænur, hestar. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug/Golf:** Vík, 15 km. **Gestgjafar:** Guðný Sigurðardóttir, Kristján Ólafsson og Sigurður Magnússon.

C:6

638 Höfðabrekka í Mýrdal, 871 Vík

S: 487-1208 – Fax: 487-1218 – Netfang: hotel@hofdabrekka.is – Veffang: hofdabrekka.is

62 herbergi, öll með sér baðherbergi og sjónvarpi. Eldunaraðstaða í sérhúsi. Heitir pottar. Góð veitingaaðstaða – vínveitingar. Vel staðsett til að skoða Dyrhólaey. Fuglalíf. Jöklaferðir á Mýrdalsjökul. Silungsveiði. Höfðabrekka er 5 km austan Víkur, við veg 1. **Opið:** 01.03-31.10. **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Vík 5 km. **Gestgjafar:** Sólveig Sigurðardóttir, Jóhannes Kristjánsson og Björgvin Jóhannesson.

IV:124

639 Steig í Mýrdal, 871 Vík

Sími/fax: 487-1324 Gsm: 868-7651. Netfang: steig@islandia.is

Notalegt gistihús við þjóðveg 1 ca. 14 km vestur af Vík og 20 km austur af Skógum. Tólf tveggja manna herbergi með baði, möguleiki á aukarúmi. Einnig 4 herbergi með handlaug; uppbúin rúm og svefnpokapláss. Tvö baðherbergi, setustofa og eldhús fyrir gesti. Morgun- og kvöldverður í boði, vinsamlega pantið kvöldverð fyrir fram. Gistihúsið er afar vel staðsett til göngu- og skoðunarferða og einnig er fjölbreytt afþreying í nágrenninu. **Opið:** Allt árið (lokað 24, 25, 31. desember. og 1. janúar). Panta þarf fyrirfram 15.09.-01.05. **Búskapur/gæludýr:** Kindur, íslenskar hænur og hundar. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Vík 15 km. **Gestgjafar:** Ásrún Helga Guðmundsdóttir og Ólafur Stígsson.

II:6
III:24
S:4

640 Hótel Dyrhólaey/Brekkur í Mýrdal, 871 Vík

S: 487-1333 – Fax: 487-1507 – Netfang: dyrholaey@islandia.is

68 herbergi, öll með baði. Í nágrenninu: Dyrhólaey – heimili lunda og fleiri fuglategunda. Snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul, bátsferðir frá Dyrhólaey, Brydebúð í Vík, Byggðasafnið Skógum. Gönguleið á Búrfell. Brekkur eru 700 m frá vegi 1. **Opið:** 02.01-23.12. Panta þarf fyrirfram 01.09.-31.05. **Búskapur:** Kindur. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Vík 9 km. **Gestgjafar:** Margrét Harðardóttir, Steinþór Vigfússon.

IV:136

641 Vellir í Mýrdal, 871 Vík

S: 487-1312 – Netfang: f-vellir@islandia.is – Veffang: f-vellir.123.is

Gistiheimili á fallegum stað við fjallið Pétursey. 3 x 2ja manna og 2 x 3ja manna herbergi með baði. Einnig 4 herbergi með handlaug og sameiginlegri snyrtingu. Kvöldverður og morgunverðarhlaðborð í björtum matsal. Fallegt útsýni er frá gistiheimilinu til Mýrdalsjökuls, Dyrhólaeyjar og til sjávar. Hestaleiga. **Afþreying í boði í nágrenninu:** Bátsferðir með hjólabát (10 km), snjósleðaferðir á Mýrdalsjökli (10 km). Fallegar gönguleiðir frá fjöru til fjalla. Vellir eru við veg 219 (1,2 km frá þjóðvegi 1). **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kindur, hestar og hundar. **Næsta þéttbýli:** Vík 19 km. **Sundlaug:** 15 km. **Gestgjafar:** Sigurbjörg G. Tracey og Einar Einarsson.

II:8
III:12

642 Eystri-Sólheimar í Mýrdal, 871 Vík

Sími: 487-1316 – Netfang: eystrisolheimar@aol.com – Veffang: www.eystri-solheimar.is

Gisting í 4 x 2ja manna herbergjum. Svefnpokapláss og eldunaraðstaða fyrir 7 manns á neðstu hæðinni. Reyklaust gistirými. Vel staðsett til skoðunarferða á Dyrhólaey – fjölskrúðugt fugla- og plöntulíf, fallegar gönguleiðir í nágrenninu, vélsleðaferðir á Mýrdalsjökul í boði á nágrannabæ, Byggðasafnið á Skógum 14 km. Eystri-Sólheimar eru við veg 1. **Opið:** 01.06–31.08. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug:** Vík 22 km. **Gestgjafar:** Ólafur H. Þorsteinsson, Sigrún R. Þorsteinsdóttir.

II:8

7

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

ÞJÓÐ VERÐUR TIL
– MENNING OG SAMFÉLAG Í 1200 ÁR

Grunnsýning sem veitir innsýn í sögu þjóðarinnar frá landnámi til nútíma. Fjölbreyttar sýningar fyrir alla fjölskylduna. Úrval gjafavöru í safnbúð. Veitingastofan Kaffitár.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

www.natmus.is
Suðurgata 41 / 101 Reykjavík
Tel. +354 530 2200

Opið:
Sumar (1. maí – 15. september):
Daglega kl. 10-17
Vetur (16. september – 30. apríl):
Þriðjudaga – sunnudaga kl. 11-17.
Lokað mánudaga.

Fíton/SÍA

Suðvesturland

644 Sólheimahjáleiga í Mýrdal, 871 Vík

S: 487-1318, 864-2919 – Netfang: booking@solheimahjaleiga.is – Veffang: www.solheimahjaleiga.is

Í Sólheimahjáleigu er boðið er upp á herbergi með og án baðs. Bærinn er vel staðsettur til skoðunarferða um Suðurland. Í nágrenninu eru t.d. Dyrhólaey, Reynisfjara, Vík, Þakgil, Sólheimajökull og Byggðasafnið í Skógum. Um 45 mínútna akstur er í Landeyjahöfn. Ýmiskonar afþreying í boði í byggðarlaginu, t.d. snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul, jöklaganga og ísklifur á Sólheimajökli og hestaleigur. Stutt í fallega sandfjöru. Gestum gefst kostur á að skoða búskapinn í samráði við gestgjafa. Sólheimahjáleiga er 1.3 km frá þjóðvegi 1, 24 km vestan við Vík. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, kindur, hestar og hænsni. **Verslun:** Vík 24 km. **Sundlaug:** Vík 24 km. **Gestgjafar:** Elín Einarsdóttir og fjölskylda.

I:8 III:20 CREDIT CARD

645 Hótel Anna, Moldnúpi, Eyjafjöllum, 861 Hvolsvelli

Sími: 487-8950, 899-5955 — Fax: 487-8955 – Netfang: hotelanna@hotelanna.is – Veffang: hotelanna.is

Gisting í 7 rómantískum herbergjum með baði,sjónvarpi og síma. Veitingahús með létta rétti yfir daginn, en kvöldmatseðill fyrir gesti og gangandi. Sérstakur hópamatseðill. Heitur pottur og sauna fyrir hótelgesti. Aðstaða til fundahalda og veislna. **Nýtt** - Sýningin „Fjósakona fer út í heim“ ævi og störf Önnu frá Moldnúpi í sal sem tekur 70 sæti. Hestaleiga á næsta bæ. Moldnúpur er við veg nr. 246 90 mín frá Reykjavík. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** kindur, hestar, hænur. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Hvolsvöllur 33km. **Gestgjafar:** Eyja Póra Einarsdóttir og Jóhann Frímannsson.

IV:14 CREDIT CARD TV @

646 Drangshlíð A-Eyjafjöllum, 861 Skógum

S: 487-8868, 860-8868, 863-8868, 487-8869 – Fax: 487-8868 – Netfang: drangshlid@drangshlid.is

Gisting í 3 húsum. Aðgengi fyrir fatlaða. Mögulegt að leigja húsin fyrir fjölskyldur eða hópa (í húsunum eru 6, 7 og 18 herbergi). Í stærsta húsinu er 80 manna veitingasalur og í 6 herbergja húsinu er lítill salur og eldhúskrókur. Afþreying í nágrenninu: Hestaleiga, jöklagöngur á Sólheimajökul, bátsferðir á hjólabát við Dyrhólaey og veiði. Áhugaverðir staðir: Skógafoss, Byggða- og samgöngusafnið á Skógum, gönguleið um Fimmvörðuháls, Sólheimajökull og Dyrhólaey. Flug frá Bakkaflugvelli til Vestmannaeyja, 25 km. Ferja frá Landeyjarhöfn til Vestmannaeyja, 20 km. Við veg 1. **Opið:** 01.05-15.10. Panta þarf fyrirfram 16.10-30.04. **Næsta þéttbýli:** Vík í Mýrdal 28 km, Hvolsvöllur 46 km. **Gestgjafar:** Oddný Hólmbergsdóttir og Jón Guðmundsson.

II:8 III:52 CREDIT CARD

647 Vestri Pétursey II í Mýrdal, 871 Vík

S: 487-1307, 893-9907, 845-9907 - Veffang: petursey@isl.is

Tvö sumarhús skammt frá bænum Vestri Pétursey sem er við rætur fjallsins Pétursey. Húsin eru 46 m^2 og í þeim eru 2 svefnherbergi með gistirými fyrir 4. Fallegt útivistarsvæði; stutt að fara upp í brekku og fjaran er í 2,5 km fjarlægð. Ýmis afþreying er í boði í nágrenninu t.d. hestaleiga, bátsferðir og snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul (10 km). Byggðasafnið á Skógum 16 km. Bærinn er við veg 219. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, naut, gulrótaræktun. **Hestaleiga:** Vellir 200 m. **Sundlaug:** Skógar 15 km, Vík 19 km. **Næsta þéttbýli/verslun:** Vík í Mýrdal 19 km. **Gestgjafar:** Bergur Elíasson og Hrönn Lárusdóttir.

C:8

648 Ásólfsskáli V-Eyjafjöllum, 861 Hvolsvelli

S: 487 8989, 861 7489, 898 6189 - Netfang: asolfsskali@simnet.is - Veffang: www.eyjafjoll.is

2 x 5 manna sumarbústaðir á fallegum stað undir Eyjafjöllum. Tvö svefnherbergi og svefnloft með dýnum. Heitir pottar og gasgrill við hvort hús. Merktar gönguleiðir um fjalllendið upp undir Eyjafjallajökul, frábært útsýni, sérstök gil og gljúfur. Silungsveiði og hestaleiga í nágrenninu. Stutt frá hinum þekktu stöðum Þórsmörk, Seljalandsfossi, Skógum, Dyrhólaey og Mýrdalsjökli. Flug til Vestmannaeyja frá Bakkaflugvelli um 20 km. Vinsæll staður fuglaskoðara. Ásólfsskáli stendur við veg 246 um 2 km. frá þjóðvegi 1. **Opið:** Allt árið. **Húsdýr:** Kýr. **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Hvolsvöllur 35 km. **Gestgjafar:** Katrín Birna Viðarsdóttir og Sigurður Grétar Ottósson.

D:10 TV

649 Stóra Mörk III V-Eyjafjöllum, 861 Hvolsvelli

S: 487-8903, 698-0824 – Fax: 487-8903 – Netfang: storamork@simnet.is – Veffang: simnet.is/storamork

Gistiaðstaða með sérinngangi á neðri hæð íbúðarhússins, sólstofa og veitingasalur, fallegt útsýni. Gestum er boðið upp á að heimsækja dýrin á bænum. Fjölskylduvænt umhverfi. Leiksvæði fyrir börn. Merktar gönguleiðir frá bænum á fallega staði, s.s. Nauthúsagil og Bæjargil. Boðið er upp á skemmtilegar dagsferðir í Þórsmörk, með leiðsögn. Stutt í hina sögufrægu Fljótshlíð og á suðausturströndina – Dyrhólaey, Skógarfoss, Skógar, Seljalandsfoss og Mýrdalsjökull. Stóra Mörk er við veg 248, 9 km frá vegi 1. **Opið:** Allt árið. **Búskapur/gæludýr:** Kýr, kindur, hundur, kettir. **Þéttbýli/sundlaug/golf:** Hvolsvöllur 24 km. **Gestgjafar:** Ragna Aðalbjörnsdóttir og Ásgeir Árnason.

II:5 III:7 CREDIT CARD

Velkomin til Vestmannaeyja

Flug frá Reykjavíkurflugvelli – 20 mín.

Sigling frá Landeyjarhöfn – 35 mín.







Upplýsingamiðstöð ferðamála
Safnahusinu við Ráðhúsið
Sími ***481-3555***

tourinfo@vestmannaeyjar.is
www.vestmannaeyjar.is

Suðvesturland

650 Hótel Fljótshlíð, Smáratúni, 861 Hvolsvelli

Sími: 487 1416, 694 9610 – Fax: 487-8373 – Netfang: smaratun@simnet.is – Veffang: www.smaratun.is

Notalegt sveitahótel í miðri Fljótshlíðinni, 14 herb. með sér baði. Gistiheimili með sameiginlegu baðherbergi, svefnpokapláss og uppbúin rúm. Tvö 6-10 manna og eitt 6 manna sumarhús með heitum potti í flokk D. Eitt 4-6 manna sumarhús í flokk C og fjögur 4ra manna smáhýsi í flokki II. Rúmgóð eldunaraðstaða í sal í boði fyrir alla gesti. Tveir veitinga- og ráðstefnusalir. Kvöld- og hádegisverðir eftir pöntun. Hestaleiga, gæsa- og silungsveiði á staðnum. Næsti golfvöllur að Hellishólum (2 km). Kaffi Langbrók, kaffihús og sveitakrá (2 km). Daglegar rútuferðir í Þórsmörk frá Hvolsvelli og í Landmannalaugar frá Hellu. 25 mínútna akstur til Landeyjarhafnar í Bakkafjöru. Barnvænt umhverfi. Gæludýr ekki leyfð. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Nautgripir, hestar, aliendur, íslenskar landnámshænur, akurhænur og kanínur. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Hvolsvöllur 13 km **Gestgjafar:** Guðný Geirsdóttir, Sigurður Eggertsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir og Ívar Þormarsson.

I:4 II:8 III:14 IV:14 | 4 | C:4 D:18 | CREDIT CARD | BEINT FRÁ BÝLI

651 Fagrahlíð í Fljótshlíð, 861 Hvolsvelli

S: 863-6669 – Netfang: liljan@liljan.is – Veffang: www.farmhousevacation.is

Lítil og notaleg gisting á bænum Fögruhlíð í Fljótshlíð, en húsið var byggt árið 1934. 2 x 2ja manna og 1x3ja manna herbergi með sameiginlegu baðherbergi. Hjólaleiga er á staðnum og hægt er að fara í skipulagðar hjólaferðir frá bænum. Fljótshlíðin er um 105 km frá Reykjavík sem er um klukkustundar akstur. Fegurð Fljótshlíðar felst í kyrrð og krafti náttúrunnar þar sem umhverfið mótast annars vegar af jöklum (Mýrdalsjökull og Eyjafjallajökull) og hins vegar af endalausri víðáttu út á ysta sjóndeildarhring. Fagrahlíð er við veg nr. 261. **Opið:** 15.05-15.09. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Hvolsvöllur 5 km. **Hestaleiga:** Miðhús 5 km. **Golf:** Hellishólar: 3 km. **Gestgjafi:** Bergþóra Reynisdóttir.

I:7

652 Hellishólar í Fljótshlíð, 861 Hvolsvelli

S: 487-8360, 660-7610, 660-7600 – Fax: 487-8364 – Netfang: hellisholar@hellisholar.is – Veffang: www.hellisholar.is

Sumarhús og tjaldsvæði, veitingastaður og golfvöllur. Öll húsin eru með eldunaraðstöðu, örbylgjuofn. Sjónvarp í stærstu húsunum (fl C). Veitingasalur fyrir allt að 170 manns, hentugur fyrir fundahöld, veislur eða ættarmót. Baðhús á staðnum með sturtum, heitum pottum, þvottavél og þurrkara. Góð aðstaða fyrir húsbíla og tjaldvagna með rafmagni. Leiksvæði fyrir börn. Veiði í Hellishólavatni og einnig laxveiði í Þverá. Glæsilegur golfvöllur er í landi Hellishóla sem ber heitið Þverárvöllur og er aðili að GSÍ. **Opið:** Allt árið. **Húsdýr:** Kindur. og hænur **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Hvolsvöllur 10 km. **Golf:** Átján holu golfvöllur á staðnum. **Gestgjafar:** Laila Ingvarsdóttir og Viðir Jóhannsson.

A:27 B:30 C:20 | CREDIT CARD | @ | WiFi | TV

654 Búðarhóll í Rangárþingi-eystra 861 Hvolsvelli

S: 487-8578, 893-4578, 898-4578 – Fax: 487-8678. Netfang: budarholl@simnet.is

Í boði er íbúð á jarðhæð með sérinngangi, þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Morgunmatur í boði ef óskað er eftir. Búðarhóll stendur við veg 253 í Austur-Landeyjahreppi hinum forna 4 km. frá flugvellinum á Bakka og 9 km. frá Landeyjahöfn. Héðan er stutt í Þórsmörk, Vestmannaeyjar, Seljalandsfoss og Skóga. Njálusloð ekki langt undan. Fögur fjallasýn í fríðsælu umhverfi. Dvalargestir geta keypt veiðileyfi. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr og hross. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug:** Hvolsvöllur 23 km. **Golf:** Strandarvöllur 30 km. **Gestgjafar:** Haraldur Konráðsson og Helga Bergsdóttir.

I:7

656 Vestri Garðsauki, 861 Hvolsvelli

Sími: 487-8078, 867-3440 – Fax: 487-8078 – Netfang: info@gardsauki.is – Veffang: www.gardsauki.is

Gisting í 3 x 2ja og 1 x 3ja manna herbergjum á sérhæð. Hægt er að bæta við aukarúmi og barnarúm er til staðar. Tvö baðherbergi sameiginleg, eitt eldhús og einn eldhúskrókur. Hægt er að leigja tvö herbergi ásamt eldhúsi og baðherbergi sem heila íbúð. Bærinn stendur við þjóðveg nr. 1. Vel staðsett fyrir ferðir um allt Suðurland, Gullfoss/Geysi, Þingvelli, Þjórsárdal, Landmannalaugar, Þórsmörk, Vestmannaeyjar og suðurströnd. Áætlunarbílar stoppa að Hlíðarenda, 500 m frá bænum. Hestaferðir í nágrenninu. Stutt í laxveiðiár. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hross, nautgripir, hundar, kettir og hænsni. **Næsta þéttbýli:** Hvolsvöllur, þar sem er sundlaug, verslun, og öll almenn þjónusta ásamt Njálusetrinu (500 m) **Golf:** Strönd 5 km, Fljótshlíð ca 10 km. **Gestgjafar:** Christiane L. Bahner og Jón Logi Þorsteinsson.

I:8

662 Hestheimar í Ásahreppi, 851 Hellu

Sími: 487-6666, 696-1332 Netfang: hestheimar@hestheimar.is Veffang: www.hestheimar.is

Gisting í notalegu gestahúsi með heitum potti. Einnig 8 tveggja manna herbergi í aðalbyggingu. Morgun- og kvöldverður í boði. Svefnpokagisting á hlöðuloftí fyrir 18 manns og fullbúið eldhús. Rúmgóður matsalur fyrir allt að 180 manns er undir sama þaki og reiðhöllin. Tilvalið fyrir alls konar uppákomur, s.s. hvata- og óvissuferðir, dansleiki, línudans og kvöldverð. Hestaleigan er opin allt árið. Margar góðar reiðleiðir í nágrenninu og lengri hestaferðir í boði yfir sumarið. Góðar gönguleiðir í nágrenninu. Hestasala. Sveitadvöl. Helgarreiðnámskeið. Hestheimar eru við veg 281, 3 km frá þjóðvegi 1, 50 mín. akstur frá Reykjavík. **Opið:** 10.01-20.12. **Búskapur:** Hestar, hundur og köttur. **Verslun:** Hella 10 km. **Sundlaug:** Í Laugarlandi 8 km. Golf: 15 km. **Gestgjafar:** Lea Helga Ólafsdóttir og Marteinn Hjaltested.

I:8 III:22 | 18 | @ | WiFi | CREDIT CARD | BEINT FRÁ BÝLI

Sveitahótel | Gistihús bænda | Heimagisting | Sumarhús

SKÁLHOLT

Bláskógarbyggð

Skálholtskirkja: Messa á sunnudögum kl. 11:00 eða 14:00, á sumrin kl. 17:00.

Sumartónleikar: Tónlistarveisla í Skálholtskirkju fimm helgar í júlí og ágúst.

Skálholtsskóli: Veitingar og gisting allt árið.

Gestastofa: Sögusýning og minjagripasala

Merkt söguslóð. Fornminjar.

Sími staðarins: 486-8870, netfang: skoli@skalholt.is, www.skalholt.is

Verið velkomin

KELDUR Á RANGÁRVÖLLUM

Á Keldum er torfbær af fornri gerð og er hann jarnframt eini stóri torfbærinn sem varðveist hefur á Suðurlandi. Timburgrind skálans er með stafverki, prýdd strikum af rómanskri gerð. Úr skálanum liggja jarðgöng, sem talin eru frá 12. eða 13. öld og eru líklega undankomuleið á ófriðartímum. Auk þess hefur fjöldi útihúsa varðveist.

Opið 15. júní – 15. ágúst alla daga 9:00-17:00

TÍU ÞÚSUND FINGUR

Meira en tíu þúsund fingur hafa leikið fagra tónlist á þetta píanó, síðan það kom í Húsið á Eyrarbakka, árið 1871. Það var flutt á seglskipi til landsins, í árabáti upp í fjöru, þaðan sem fjórir menn báru það heim í grenjandi rigningu. En þú getur snert það núna í Húsinu á Eyrarbakka.

HÚSIÐ Á EYRARBAKKA

Söfnin við Suðurströndina

Opið alla daga frá 15. maí til 15. sept. milli kl 11 - 18. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
sími 483 1504 | husid@husid.com | www.husid.com

ÞJÓÐVELDISBÆRINN Í ÞJÓRSÁRDAL

Sími 488 7713

Skoðið endurgerð húsakynni eins og þau voru á þjóðveldisöld.

Opið 1. júní - 1. september alla daga vikunnar

kl. 10.00-12.00 og kl. 13.00-18.00.

Verið velkomin

www.tjodveldisbaer.is

Suðvesturland

665 Heimaland í Landsveit, 851 Hellu

Sími: 487-5787 – Netfang: heimaland@heimaland.is – Veffang: www.heimaland.is

Heimaland er fallegur gististaður við rætur Heklu. Gisting í notalegum tveggja manna herbergjum þar sem ferðalangar geta notið hvíldar eftir viðburðaríkan dag. Tilvalinn staður til að njóta kyrrðar og þess besta sem Suðurland hefur upp á að bjóða. Gott útsýni til Heklu, Tindfjalla, Eyjafjallajökuls og Þríhyrnings. Möguleiki á veiði í næsta nágrenni. Heimaland er við veg nr. 26. **Opið:** Allt árið. Panta þarf fyrirfram yfir vetrartímann. **Næsta þéttbýli/verslun:** Hella 17 km. **Sundlaug:** Laugaland 7 km. **Golf:** Strandarvöllur 20 km. **Gestgjafar:** Jónína Arndal, Þorsteinn Hjaltason.

I:7 II:4 CREDIT CARD

670 Hrauneyjar Hálendismiðstöð, v/Sprengisandsveg

S: 487-7782 Fax: 487-7781 – Netfang: hrauneyjar@hrauneyjar.is – Veffang: www.hrauneyjar.is

Hálendismiðstöðina er kjörið að hafa sem dvalarstað og fara þaðan í dagsferðir, jafnt að sumri sem vetri. Í næsta nágrenni eru flestar þekktustu og fjölsóttustu náttúruperlur hálendisins s.s. Landmannalaugar, Hekla, Þjórsárdalur, Veiðivötn og Sprengisandur. Gisting, hádegis- og kvöldverðarhlaðborð í boði yfir sumartímann, funda- og námskeiðsaðstaða. Kortlagðar og merktar gönguleiðir í nágrenni, sumar þeirra góðar skíðagöngu- og reiðleiðir. Síðasta þjónusta með bensín o.fl. áður en lagt er á hálendið. Hrauneyjar eru við veg 26, malbik alla leið úr Reykjavík. **Opið:** Allt árið (lokað yfir jóla og áramót). Áætlunarbílar stoppa í Hrauneyjum. **Næsta þéttbýli:** Flúðir 90 km, Hella/Selfoss 100 km. **Gestgjafar:** Jórunn Eggertsdóttir og Friðrik Pálsson.

I:112 II:40 Wi Fi

671 Hótel Háland — v/Sprengisandsveg

Sími: 487-7750 – Fax: 487-7781 – Netfang: hrauneyjar@hrauneyjar.is – Veffang: www.hotelhighland.is

Hótel Háland er rekið af Hótel Rangá í samstarfi við Hálendismiðstöðina í Hrauneyjum. Í hótelinu eru 16 herbergi í IV. flokki, 2 tveggja til fjögurra manna lúxussvítur og 2 fjögurra til sex manna fjölskyldusvítur. Þar er gufubað, heitur pottur, góður veitingastaður og 40 manna ráðstefnu- og veislusalur. Kortlagðar og merktar gönguleiðir í nágrenninu, sumar þeirra góðar skíðagönguleiðir og reiðleiðir. Í næsta nágrenni eru margar náttúruperlur hálendisins s.s. Landmannalaugar, Hekla, Þjórsárdalur, Veiðivötn og Sprengisandur. Síðasta þjónusta með bensín o.fl. áður en lagt er á hálendið. Hótel Háland er við veg 26, sem er malbikaður alla leið úr Reykjavík. Áætlunarbílar stoppa í Hrauneyjum. **Opið:** 15.06-15.09. Opnum sérstaklega fyrir hópa með 12 eða fleiri herbergi. **Næsta þéttbýli:** Flúðir 90 km, Hella/Selfoss 100 km. **Gestgjafar:** Jórunn Eggertsdóttir og Friðrik Pálsson.

IV:40 CREDIT CARD TV @ Wi Fi

680 Efra Sel – Kaffi Sel, 845 Flúðum

S. 486-6454, 891-7811, 661-5935, 486-6690 – Fax: 486-6509 – Netfang: info@kaffisel.is – Veffang: www.kaffisel.is

Veitingastaður og golfskáli sem tekur 120 manns í sæti. 18 holu golfvöllur æfingasvæði, púttflötur og æfingaglompur. Gómsætar veitingar og veislumatur fyrir hópa. Veitingasalurinn hentar vel fyrir hvers konar tækifæri. Boðið er upp á lítið svæði fyrir tjaldvagna við golfskálann og er það einkum fyrir gesti golfvallarins. Á staðnum er einnig handverksstofa þar sem lögð er áhersla á efnivið úr íslenskum skógi. Efra-Sel er í rúmlega 1 klst. fjarlægð frá Reykjavík, 3 km. frá Flúðum. **Opið:** 01.05-15.09, alla daga frá kl. 8.00-21.00. Í mars og apríl er opið á föstudögum (17:00-20:30) og á laugardögum (12:00-20:30). Á öðrum árstímum er hægt að panta fyrir hópa – með góðum fyrirvara. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug/hraðbanki:** Flúðir 3 km. **Gestgjafar:** Ástríður G. Daníelsdóttir, Halldór Guðnason, Unnsteinn Eggertsson og Halldóra Halldórsdóttir.

CREDIT CARD

683 Dalbær III í Hrunamannahreppi, 845 Flúðum

Sími: 486-4472, 898-7472 – Netfang: dalbaer@simnet.is

Dalbær býður upp á gistingu í 5 tveggja manna herbergjum án baðs. Uppbúin rúm og svefnpokapláss. Vel staðsett fyrir skoðunarferðir um Suðurland, Gullfoss, Geysir, Hekla, Þingvellir í nágrenninu. Á Dalbæ er glervinnustofa, glermunir, skálar, kertastjakar o.fl. Dalbær er við veg nr. 30, 4 km frá Flúðum. **Opið:** Allt árið. **Búskapur/húsdýr:** Hestar, köttur. **Næsta þéttbýli/sundlaug/verslun:** Flúðir 4 km. **Golf:** Efra-Sel 7 km, Ásatúnsvöllur 8 km. **Gestgjafar:** Rut Sigurðardóttir og Magnús Páll Brynjólfsson.

I:11 Wi Fi

684 Hestakráin á Skeiðum, 801 Selfossi

Sími: 486-5616 – Netfang: hestakrain@hestakrain.is – Veffang: hestakrain.is

Hestakráin er með gistingu í 10 tveggja manna herbergjum öll með sérbaðherbergi. Hestakráin er einnig sveitakrá og veitingastaður sem tekur um 50-70 gesti í sæti, tilvalinn staður fyrir árshátíðir eða aðra mannfagnaði. Hestaferðir í boði 01.05-01.09, styttri og lengri ferðir. Hestakráin er vel staðsett fyrir skoðunarferðir um Suðurland. Staðsett við veg 30. **Opið:** 01.03-01.12. **Búskapur:** Kindur, hestar. **Næsta þéttbýli/ verslun/ golf:** Flúðir 17 km. **Sundlaug:** Brautarholt 300 m. **Gestgjafar**: Aðalsteinn Guðmundsson, Ástrún Davíðson.

IV:20 CREDIT CARD @ TV

Grímsborgir Luxury Guesthouse

Veitingastaður í Grímsnesinu

Opið alla daga

Borðapantanir í síma 555 7878

eða sendið okkur e-mail

guesthouse@grimsborgir.com

Erum í hvítu húsunum við Sogið

Ásborgir 1 í Grímsnesi

www.grimsborgir.com

Suðvesturland

685 Hótel Hekla, Brjánsstöðum á Skeiðum 801 Selfossi

S: 486-5540 – Fax: 486-5640 – Netfang: info@hotelhekla.is – Veffang: hotelhekla.is

36 herbergi með baði. Ráðstefnusalur fyrir 60 og 100 manna matsalur. Heitur pottur. Vel staðsett fyrir skoðunarferðir á Suðurlandi t.d. Gullfoss, Geysir, Þingvellir, Þjórsárdalur. Hestaleiga 3 km. Brjánsstaðir eru við veg 30, Reykjavík 80 km. **Opið:** 04.01-19.12. **Næsta þéttbýli/golf:** Flúðir 20 km, Selfoss 25 km. **Sundlaug:** Brautarholt 2 km. **Gestgjafar:** Sigrún Hauksdóttir og Jón Þorsteinn Hjartarson.

IV:69

686 Vorsabær 2 á Skeiðum, 801 Selfossi

Sími: 866-7420 - Netfang: bjornjo@vorsabae2.is - Veffang: www.vorsabae2.is

Sumarhús við hliðina á bænum, staðsett í hjarta Suðurlands með tveimur svefnherbergjum (hjónarúm og kojuherbergi), einnig rúmgott svefnloft. Vel útbúið eldhús ásamt setustofu með sjónvarpi og útvarpi. Skjólgóð verönd með útigrilli. Tilvalin staðsetning fyrir þá sem ferðast um Suðurland. Skammt norður af bænum er Vörðufell, en á fjallinu er að finna skemmtilegar gönguleiðir. Gestir geta fengið að skoða dýrin eða komast á hestbak í samráði við gestgjafa. Vorsabær er við veg nr. 324. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Hestar, kindur, geitur, nautgripir, hænur hundar og kettir. **Næsta þéttbýli:** Flúðir 17 km (verslun, golf), Selfoss 30 km (öll almenn þjónusta) Brautarholt 2 km (sundlaug, kertasmiðja og sjoppa). **Gestgjafar:** Stefanía Sigurðardóttir og Björn Jónsson.

C:5

687 Vatnsholt v/Villingaholtsvatn, 801 Selfossi

S: 899-7748 - Netfang: info@stayiniceland.is - Veffang: www.stayiniceland.is

Fallegt sveitabýli í aðeins 16 km fjarlægð frá Selfossi. Eitt viðasta útsýni í byggð á landinu. Gisting í uppbúnum rúmum. Hægt er að leigja stóran sal í uppgerðu fjósi. Þar er matsalur, eldhús og tvö baðherbergi. Tilvalið fyrir hópa og einstaklinga. Þráðlaus nettenging, stórt útigrill, heitur pottur, reiðhjólaleiga á staðnum og hægt er að leigja árabát og veiðistangir á Villingaholtsvatni Leiksvæði með veglegum útileiktækjum fyrir börnin. **Opið:** 01.03-30.09. **Búskapur:** Hestar, nautgripir, kindur, kanínur, hundar og kettir. **Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug/golf:** Selfoss 16 km. **Gestgjafar:** Margrét Ormsdóttir og Jóhann Helgi Hlöðversson.

I:11
II:2
IV: 22

688 Friðheimar, í Bláskógarbyggð 801 Selfossi

S: 486-8815, 897-1915 – fridh@centrum.is – www.fridheimar.is

Á Friðheimum er boðið upp á hestasýningar. Hér er um faglega sögu- og gangtegundasýningu að ræða sem tekur um 12 mínútur í flutningi. Sýningin er hnitmiðuð, hvoru tveggja fræðandi og skemmtileg upplifun. Hún veitir innsýn í eitt merkasta hestakyn heims sem hefur verið samofið menningu og þjóð í gegnum aldirnar. Eftir sýninguna er ferðamönnum boðið inn í hesthús þar sem hægt er að komast í návígi við hrossin, taka myndir og spjalla við knapana. Þeir sem hafa áhuga á grænmetisræktun gefst kostur á að skoða tómatræktunina á bænum í framhaldi af hestatengdu uppákomunni. Hægt að panta sýningu fyrir hópa 10 manns og fleiri. Sýningin er til á ýmsum tungumálum. Friðheimar eru í Reykholti, um 90 km frá Reykjavík við veg 35. **Opið:** 01.06-01.10. **Húsdýr:** Hestar. **Gestgjafar:** Knútur Ármann og Helena Hermundardóttir.

689 Hrosshagi 2 í Bláskógabyggð, 801 Selfossi

Sími: 486 8905, 861 1915 – Fax: 486-8914 – Netfang: gunnarsv@simnet.is – Veffang: www.hrosshagi.com

Útleiga á sumarbústað á fallegum stað í Biskupstungum. Bústaðurinn er hlýlegur og vel búinn. Eitt svefnherbergi með hjónarúmi og koju, svefnsófi í stofu og möguleiki á aukarúmi. Heitur pottur við húsið. Stutt í margar náttúruperlur og sögustaði; Geysi, Gullfoss, Skálholt, Laugarvatn og Þingvelli. Útsýni yfir vatnasvæði til Heklu og Eyjafjallajökuls. Heföbundinn búskapur er stundaður á bænum og fólk velkomið að koma í fjós. Skógrækt á jörðinni og þar eru skemmtilegar gönguleiðir. Einnig mikið fuglalíf á Hrosshagavík. Við veg 35. **Opið:** Allt árið **Búskapur/húsdýr:** Kýr, kálfar, hestar og kettir. **Verslun:** Reykholt 5 km, Selfoss 40 km. **Sundlaug:** Reykholt 5 km. **Golf:** Úthlíð 15 km. Geysir 25 km. Miðdalur, 20 km. **Gestgjafar:** Sigríður J. Sigurfinnsdóttir og Gunnar Sverrisson.

D:4

690 Sel í Grímsnesi, 801 Selfossi

S: 486-4441 – Netfang: fly@mi.is

Heimagisting og smáhýsi fyrir svefnpokapláss. 1 x 4ra manna sumarbústaður (2 svefnherbergi og svefnloft). Vel staðsett fyrir skoðunarferðir um Suðurland. Silungsveiði í Brúará. Skemmtilegar gönguleiðir. Sel stendur við veg 35. **Opið:** 03.01-22.12. **Húsdýr:** Hænsni, hundur, köttur. **Næsta þéttbýli:** Selfoss 32 km. **Sundlaug:** Reykholt 7 km. **Golf:** Kiðjaberg 20 km, Flúðir 30 km. **Gestgjafar:** Skúli Kristinsson og Unnur Ása Jónsdóttir.

I:7 | 5 | B:6

Á ferð um landið með Ferðaþjónustu bænda

Bændagisting – sveitahótel – sumarhús

Veitingar að hætti heimamanna

Fjölskyldan og húsdýrin

Gönguferðir - hestaferðir - veiði - golf - kajakar - hjól

Slökun í heitum potti / náttúrulaug

Fundir og mannamót

Eitthvað fyrir alla!

ferðaþjónusta bænda
sveit.is

725 Hótel Eldhestar Vellir,-Ölfusi, 810 Hveragerði

S: 480-4800 – Fax: 480-4801 – Netfang: info@eldhestar.is – Veffang: hoteleldhestar.is

Sveitahótel með öllum þægindum; herbergi með baði, sjónvarp og nettenging í hverju herbergi. Hótelið er tileinkað umhverfinu og sögu íslenska hestsins. Fyrsta hótelið sem fær viðurkenningu norræna umhverfismerkisins Svansins. Matsalur fyrir 60 manns, bar og ráðstefnuaðstaða. Auk gistingar bjóða Eldhestar upp á fjölbreytt úrval hestaferða – allt frá 1 klst. upp í vikulangar hestaferðir. Vellir eru staðsettir við veg 1. **Opið:** Allt árið (að jólum og áramótum undanskildum). **Næsta þéttbýli/sundlaug/golf:** Hveragerði 2 km. **Gestgjafi:** Hróðmar Bjarnason.

IV:62 CREDIT CARD TV

Suðvesturland

691 Efsti-Dalur 2, 801 Laugarvatni

S: 486-1186 – Fax: 486-1086 – Netfang: efstadal@efstadal.is – Veffang: efstadal.is

Heföbundinn sveitabær. Gisting í uppbúnum rúmum 3 x 2ja manna og 1 x 1 manns á neðri hæð. Einnig 10 x 2ja manna herbergi í sérhúsi. Heitur pottur. Fallegt útsýni og áhugaverðar gönguleiðir um nágrennið (Brúarskörð, Kóngsvegur), silungsveiði í Brúará. Hestaleiga fyrir gesti. Við veg nr. 37. **Opið:** Allt árið. **Búskapur:** Kýr, hestar, svín, hundar, kettir og kanína. **Næsta þéttbýli/sundlaug:** Laugarvatn 13 km, Geysir 15 km, Reykholt 13 km. **Golf:** Miðdal 8 km, Úthlíð 5 km. **Gestgjafar:** Björg Ingvarsdóttir og Snæbjörn Sigurðsson.

II:7 III:20 | CREDIT CARD | @ | Wi Fi

692 Hótel Gullfoss við Brattholt, 801 Selfossi

S: 486-8979, 897-5991 – Fax: 486-8919 – Netfang: info@hotelgullfoss.is – Veffang: hotelgullfoss.is

Sveitahótel á bökkum Hvítár. 16 tveggja manna herbergi vel útbúin með baði og sjónvarpi. 70 manna veitingasalur með fallegu útsýni. Boðið er upp á fjölbreyttan mat. Brattholt er síðasti bær áður en lagt er á hálendið um Kjalveg. Stutt er á sögufræga staði t.d. Geysi, Gullfoss, Skálholt og Þingvelli. Brattholt er við veg 35. **Opið:** Allt árið (lokað 15.12-15.01). **Búskapur:** Hestar. **Næsta þéttbýli:** Selfoss 60 km, Reykholt 25 km. **Sundlaug:** Geysir 6 km, Reykholt 25 km. **Golf:** Úthlíð 15 km, Flúðir 30 km. **Gestgjafar:** Lára Ágústsdóttir, Njörður Jónsson, Jón Harrý Njarðarson.

IV:32 | CREDIT CARD | TV | @ | Wi Fi

693 Hótel Geysir, 801 Selfossi

S: 480-6800 - Netfang: geysir@geysircenter.is - Veffang: hotelgeysir.is

Fjölskyldurekið heilsárshótel við Geysir sem samanstendur af glæsilegum veitingastað, herbergjum með sérbaðherbergi og náttúrulegri hvera sundlaug. Góð aðstaða til veislu-og fundahaldna fyrir allt að 600 manns. Á svæðinu er Geysisstofa sem er safn með margmiðlunarsýningu, minjagripaverslun, veitingasala, hestaleiga og tjaldsvæði. Einnig er fjórhjólaleiga á staðnum og stutt í ferðir á Langjökul sem og hálendisferðir. Þar af leiðandi er Geysissvæðið tilvalið til ferðalaga þar sem stutt er í fjölda möguleika afþreyingar á svæðinu. Hótel Geysir er við veg F35. **Opið:** Allt árið (en lokað í janúar, opið fyrir bókaða stærri hópa) **Næsta þéttbýli:** Reykholt (19 km), Flúðir (25 km), Laugavatn (30 km) og Selfoss (60 km). **Sundlaug:** Náttúruleg hverasundlaug á staðnum, aðgangur innifalinn fyrir hótelgesti. **Golf:** Geysir Golf, 9 hola golfvöllur er staðsettur við hlið hótelsins. **Verslanir:** Flúðir, Laugavatn, Reykholt og Selfoss. **Gestgjafi:** Mábil Gróa Másdóttir.

IV:48 | TV

696 Skálabrekka við Þingvallavatn, 801 Selfossi

S: 892-4266- Netfang: cottages@lakethingvellir.is

Fjórir þægilegir 4ra manna bústaðir (36m2), vel staðsettir með stórkostlegu útsýni yfir Þingvallavatn. Eldunaraðstaða og uppbúin rúm. Í göngufæri frá þjóðgarðinum. Dagsferðir á marga áhugaverða staði í nágrenninu: Gullfoss og Geysir, Borgarfjörður; Hvalfjörður. Einnig spennandi jeppaferðir í boði.Skálabrekka er við veg 36. Opið: 01.04-30.09. Næsta þéttbýli/verslun/sundlaug: Mosfellsbær, 30 km og Laugarvatn, 30 km. Gestgjafar: Tóta og Doddi Sigurjónsson.

C:16 | CREDIT CARD | Wi Fi

710 Geirakot, 801 Selfossi

S: 482-1020, 482-1050, 895-8493. - Netfang: geirakot@simnet.is

Gisting í nýuppgerðu húsnæði á bænum Geirakoti, 4 km frá Selfossi, áleiðis að Eyrarbakka. 3 herbergi án baðs á efri hæð og 2x2ja manna kojuherbergi á neðri hæð hússins (svefnpokapláss). Eldhús, baðherbergi, sjónvarpsherbergi og rúmgóð stofa. Aðgangur að tölvu og netsamband. Möguleiki á tjaldgistingu. Geirakot stendur við veg 310, beygt af vegi 34 hjá afleggjara að Votmúla. **Opið:** 01.05-01.09. **Næsta þéttbýli/sundlaug/verslun:** Selfoss 4 km, Eyrarbakki 8 km og Stokkseyri 9 km. **Búskapur:** Kýr. **Gestgjafar:** María Hauksdóttir og Ólafur Kristjánsson.

I:5 | 4 | TV | CREDIT CARD | @ | Wi Fi

722 Núpar I-II í Ölfusi 801 Selfoss

S: 898-6107 – nupar@nupar.is – http://www.nupar.is

8 bjálkahús staðsett á fallegum stað í Ölfusi, þar af 4 x 4ra manna hús (35 m2) með hjónaherbergi og einu kojuherbergi. Svefnsófi í stofu. Einnig 4 x 2ja manna hús (22 m^2) með hjónaherbergi og svefnsófa í stofu. Öll húsin eru með eldhúskrók, salerni/sturtu, sjónvarpi, videói og útvarpi með geislaspilara. Verönd með heitum potti og grilli við hvert hús. Húsin standa hátt - gott útsýni yfir Ölfusið og á góðum degi blasir Eyjafjallajökull við. Góðar gönguleiðir í nágrenninu. **Opið:** Allt árið. Hestaleiga í næsta nágrenni. Núpar standa við veg nr. 38, 3 km frá Hveragerði. **ATH:** Lyklar eru afhentir á veitingastaðnum Hoflandsetrið í Hveragerði, við aðalgötu. **Næsta þéttbýli/Sund/verslun:** Hveragerði 3 km. **Gestgjafi:** Sigurður H. Tryggvason

D:24 | CREDIT CARD

Skoðaðu margmiðlunarsýningu þar sem fjallað er um virkjun jarðhitans á Hengilssvæðinu, jarðfræði og sérþekkingu Íslendinga á sviði jarðvarma. Jarðhitasýningin í Hellisheiðarvirkjun er opin alla daga frá kl. 9:00 – 17:00

Sími: 412 5800.
Netfang: orkusyn@orkusyn.is
Allar nánari upplýsingar á www.orkusyn.is
Við erum á Facebook!
Gps 64°02"248' - 21°24"079'

ORKUSÝN

Um Beint frá býli

Framleiðsla og vörusala beint frá býli gefur möguleika á að framleiða og þróa vörur úr villtri náttúru landsins, vörur sem erfitt getur verið að framleiða og koma á markað víðs fjarri framleiðanda. Þarna er um að ræða vörur af fjölbreytilegum uppruna.

Bændur í mörgum löndum bjóða almenningi upp á afurðir sínar og þjónustu, m.a. matvæli í beinni sölu. Starf þetta tengist mjög vaxandi ferðaþjónustu og kröfum neytenda um aukið vöruúrval og nýja þjónustu.

Íslenskir bændur hafa í auknum mæli farið inn á þessa braut og stofnað félagsskapinn „Beint frá býli“.

Grundvallarhugmyndafræði félagsins er eftirfarandi:

- Að nýta fornar, sögulegar hefðir, nýjar og staðbundnar aðferðir.
- Að varðveita menningararf og kynna hann nýjum kynslóðum.
- Að auka gagnkvæman skilning framleiðenda og neytenda og færa þá nær hver öðrum.
- Að skila andvirði vöru og þjónustu í auknum mæli til frumframleiðenda.

Enn fremur byggir hugmyndin á að styrkja búsetu og efla atvinnu í dreifbýli. Auk þessa eru vörur, sem framleiddar eru í anda stefnu Beint frá býli aðeins framleiddar í smáum stíl, þ.e. þær eru ekki fjöldaframleiddar.

Beint frá býli telur rúmlega 100 félagsaðila sem eru að framleiða eða hyggjast framleiða íslenskar matvörur og handverk. Bændurnir eru komnir mislangt í framleiðsluferlinu, sumir eru að stíga sín fyrstu skref, meðan aðrir eru farnir að framleiða og selja.

Um það bil helmingur selur vörur beint frá býlum sínum og fer þeim fjölgandi. Margir selja enn sem komið er einungis í fjarsölu, þ.e. taka við pöntunum og senda svo vörurnar til viðskiptavina sinna.

Alls bjóða nú 77 býli vörur til sölu, þar af 54 beint frá býlum sínum en 23 selja enn sem komið er einungis í fjarsölu, þ.e. taka við pöntunum og senda svo vörurnar til viðskiptavina sinna.

Býlunum hér á eftir er skipt í tvo kafla; bls. 64-77 telur þau býli sem eru með söluaðstöðu heimavið og á bls. 78-81 eru þau býli sem selja eingöngu í fjarsölu, þ.e. taka við pöntunum á vörum og senda heim. Nýjustu uppfærslu á félagatali og vöruframboði er að finna á beintfrabyli.is.

Sjá kort á bls. 80.

Gæðamerki félagsins „Frá fyrstu hendi“

Á árinu 2009 tók Beint frá býli í notkun gæðamerki sem hugsað er til merkingar á vöruumbúðum. Til að fá notkunarrétt á gæðamerkinu þurfa býlin að sækja um leyfi til félagsins. Leyfið er veitt ef býlið stenst gæðakröfur og úttekt af hálfu félagsins. Athugað er t.d. hvort öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framleiðslunni, auk þess sem aðkoma og nánasta umhverfi býlanna þarf að vera snyrtilegt.

Allmörg býli hafa fengið gæðamerkið Hægt er að sjá nýjustu uppfærslu á úthlutun gæðamerkisins á beintfrabyli.is.

Háls

Kjós,
270 Mosfellsbæ

Vörur:	**Nautakjöt í neytendapakkningum (þurrkað, reykt, saltað, ferskt), chutney, sinnep, sultur, þykkni.**
Sími:	897 7017 og 566 7017
Netfang:	doddi@hals.is
Veffang:	hals.is
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	föstudagar-sunnudagar. Lokað um hávetur.
Aðstaða:	Söluaðstaða og snyrting.

Bjarteyjarsandur

Hvalfirði,
301 Akranes

Vörur:	**Handverk, lambakjöt.**
Ábúendur:	Arnheiður Hjörleifsdóttir og Guðmundur Sigurjónsson
Sími:	891 6626, 433 8851 og 433 8831
Netfang:	arnheidur@bjarteyjarsandur.is
Veffang:	bjarteyjarsandur.is
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	Allt árið eftir pöntunum.
Aðstaða:	Sýningarsalur, snyrting, leiksvæði fyrir börn.

Umsjón BFB: Guðmundur Jón Guðmundsson. Teikningar: Brian Pilkington

Grímsstaðir 2

Reykholti,
320 Borgarnes

Vörur:	**Nýsmíði og viðgerðir á reitygjum, lambakjöt og egg.**
Ábúendur:	Guðmundur Kristinsson og Jóhanna Steinunn Garðarsdóttir
Sími:	435-1191 og 862-0191
Netfang:	grimsstadir@vesturland.is
Veffang:	
Tökum á móti:	
Opnunartími árs:	Eftir samkomulagi
Aðstaða:	

Háafell

Hvítársíðu,
311 Borgarnesi

Vörur:	**Kiðlinga-/geitakjöt, egg, handverk, sápur.**
Ábúendur:	Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Þorbjörn Oddsson
Sími:	435 1448 og 845 2331
Netfang:	haafell@gmail.com
Veffang:	www.geitur.com
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	Allt árið eftir samkomulagi.
Aðstaða:	Rósagarður og barnvæn aðstaða.

Norðtunga 3

Þverárhlíð,
311 Borgarnesi

Vörur:	**Lambakjöt, nautakjöt.**
Ábúendur:	Steinunn Júlía Steinarsdóttir og Georg Magnússon
Sími:	566 7414
Netfang:	sjulia@hive.is
Veffang:	beintfrabyli.is/nordtunga3
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	Allt árið
Aðstaða:	Nei.

Örnólfsdalur

Þverárhlíð,
311 Borgarnesi

Til sölu:	**Lambakjöt, ærkjöt, sultur, saft.**
Ábúendur:	Heidi L. Andersen og Egill J. Kristinsson
Sími:	869 9617
Netfang:	thyra123@hotmail.com
Veffang:	beintfrabyli.is/ornolfsdalur
Tökum á móti:	Einstaklingum og hópum.
Opnunartími árs:	Eftir samkomulagi.
Aðstaða:	Nei.

Ystu-Garðar

Kolbeinsstaðahreppi,
311 Borgarnesi

Vörur:	**Lambakjöt, andaregg.**
Ábúendur:	Þóra Sif Kópsdóttir og Andrés Ölversson
Sími:	845 6647 og 435 6646
Netfang:	grana@simnet.is og grana@vortex.is
Veffang:	beintfrabyli.is/ystugardar
Tökum á móti:	Einstaklingum þegar skilti er við þjóðveg v/andareggja.
Opnunartími árs:	Andaregg febrúar-september, lambakjöt september-október.
Aðstaða:	Fjárhús.

Hundastapi

Mýrar,
311 Borgarnesi

Vörur:	**Sápur, kerti, handverk, egg, te og krydd.**
Ábúendur:	Agnes Óskarsdóttir og Halldór J. Gunnlaugsson
Sími:	437-2352, 836-1252 og 8952352
Netfang:	hundastapi@emax.is
Veffang:	
Tökum á móti:	
Opnunartími árs:	
Aðstaða:	wc, verslun

Beint frá býli

Álftártunga

Mýrar,
311 Borgarnesi

Vörur:	**Ýmsar sauðfjárafurðir.**
Ábúendur:	Svanur Pálsson, Anna Kristín Svansdóttir og Gísli Kristjánsson
Sími:	895-4547, 897-4669 og 861-4669
Netfang:	annaoggisli@simnet.is
Veffang:	www.beintfrabyli.is/alftartunga
Tökum á móti:	
Opnunartími árs:	
Aðstaða:	Söluaðstaða í uppbyggingu

Foss

Staðarsveit,
356 Snæfellsbæ

Vörur:	**Sala á eignarkindum og fósturkindum, landnámshænuegg, handverk.**
Ábúendur:	Helga María Magnúsdóttir, Sveinn Gíslason og Hlédís Sveinsdóttir
Sími:	892 1780, 861 2511 og 435 6720
Netfang:	kindur@kindur.is, hmmfoss@gmail.com
Veffang:	www.kindur.is
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum eftir samkomulagi.
Opnunartími árs:	Eftir samkomulagi.
Aðstaða:	Nei.

Erpsstaðir

Miðdölum,
371 Búðardal

Vörur:	**Heimagerðar mjólkurvörur, s.s. ís, ostur og skyr.**
Ábúendur:	Þorgrímur Einar Guðbjartsson og Helga Elínborg Guðmundsdóttir
Sími:	434 1357, 868 0357 og 843 0357
Netfang:	erpur@simnet.is
Veffang:	erpsstadir.is
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum. Panta þarf fyrir hópa.
Opnunartími árs:	Júní-ágúst alla daga frá kl. 13:00 – 17:00. Annar tími eftir pöntunum.
Aðstaða:	Salerni, bekkir og borð úti.

Þurranes

Saurbæ,
371 Búðardal

Vörur:	**Heimareykt hangikjöt.**
Ábúendur:	Ólafur Skagfjörð Gunnarsson og Ingunn Jóna Jónsdóttir
Sími:	434 1556 og 847 8660
Netfang.	thurranes@centrum.is
Veffang:	centrum.is/thurranes
Tökum á móti:	Smærri hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	Allt árið.
Aðstaða:	

Staður

Reykhólasveit,
380 Reykhólahreppi

Til sölu:	**Heimareykt hangikjöt, heimareyktur rauðmagi, æðardúnn.**
Ábúendur:	Eiríkur Snæbjörnsson og Sigfríður Magnúsdóttir Kristján Þór Ebenezarson og Rebekka Eiríksdóttir
Sími:	893 1389 og 845 7653
Netfang:	stadur@simnet.is
Veffang:	beintfrabyli.is/stadur
Tökum á móti:	Einstaklingum, og minni hópum eftir pöntunum.
Opnunartími árs:	Allt árið.
Aðstaða:	**Nei.**

Skálholt

Barðaströnd,
451 Patreksfirði

Vörur:	**Lambakjöt, heimareykt hangikjöt, handverk.**
Ábúendur:	Silja Björg Jóhannsdóttir og Þórður Sveinsson
Sími:	456 2080 og 848 1062
Netfang:	silja@snerpa.is, skalholt@snerpa.is
Veffang:	beintfrabyli.is/skalholt
Tökum á móti:	Einstaklingum.
Opnunartími árs:	Allt árið.
Aðstaða:	Nei

Höfði

Dýrafirði,
471 Þingeyri

Vörur: **Egg, handverk, plómur seinni hluta júlí.**

Ábúendur: Kristín Álfheiður og Sighvatur Jón Þórarinsson
Sími: 456 3042
Netfang: hofdi@snerpa.is
Veffang: beintfrabyli.is/hofdi
Tökum á móti: Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs: Allt árið.
Aðstaða: Leiksvæði og barnvænt umhverfi.

Gemlufall

Dýrafirði,
471 Þingeyri

Vörur: **Handverk, þ.e. skartgripir úr horni og beini.**

Ábúendur: Elsa María Thompson og Jón Skúlason
Sími: 456 8123 og 891 6381
Netfang: gemlufall@simnet.is
Veffang: beintfrabyli.is/gemlufall
Tökum á móti: Einstaklingum.
Opnunartími árs: Allt árið.
Aðstaða: Nei.

Núpur II (Rani)

Dýrafirði,
471 Þingeyri

Vörur: **Rabarbara- og bláberjasulta, þurrkaðar kryddjurtir.**

Ábúendur: Sigurður Arnfjörð Helgason, sveitasæla ehf.
Sími: 456 8235 og 864 9737
Netfang: info@hotelnupur.is
Veffang: hotelnupur.is
Tökum á móti: Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs: Júní-ágúst og á aðventunni.
Aðstaða: Veitingaaðstaða.

Æðey

Ísafjarðardjúpi,
401 Ísafirði

Vörur: ***Æðardúnn, sængur, handprjónaðar vörur.***

Ábúendur: Jónas Helgason og Katrín Alexíusdóttir
Sími: 456 4816 og 864 0150
Netfang: jonashelgason@visir.is
Veffang: beintfrabyli.is/aedey
Tökum á móti: Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs: Tekið á móti gestum júní til ágúst. Æðardún o.fl. má panta allt árið.
Aðstaða: Skoðunarferðir um Æðey.

Húsavík

Steingrímsfirði,
510 Hólmavík

Til sölu: **Lostalengjur – sérverkað kindakjöt, hangikjöt, lambakjöt.**

Ábúendur: Matthías Sævar Lýðsson og Hafdís Sturlaugsdóttir
Sími: 451 3393 og 845 8393
Netfang: husavik@simnet.is
Veffang: strandalamb.is
Tökum á móti: Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs: Allt árið. Gera þarf boð á undan sér.
Aðstaða: Nei.

Dæli

Víðidal,
531 Hvammstanga

Vörur: **Handverk.**

Ábúendur: Sigrún Valdimarsdóttir og Víglundur Gunnþórsson
Sími: 451 2566
Netfang: daeli@daeli.is
Veffang: daeli.is
Tökum á móti: Einstaklingum og hópum.
Opnunartími árs: Allt árið.
Aðstaða: Almenn veitingaaðstaða.

Gil
Skagafirði,
551 Sauðárkrókur

Vörur:	**Sultur, sýrt grænmeti (pickles), reyktur silungur, heimabakstur, handverk.**
Ábúendur:	Jens Berg Guðmundsson og Pálína Skarphéðinsdóttir
Sími:	453 5780 og 849 6701
Netfang:	palina.skarphedinsdottir@gmail.com
Veffang:	beintfrabyli.is/gil
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	1./5. – 15./12.
Aðstaða:	sölu- og veitingaaðstaða og snyrting.

Laugarmýri
Skagafirði,
560 Varmahlíð

Til sölu:	**Salat, kryddjurtir, blóm.**
Ábúendur:	Jónína Friðriksdóttir og Stefán Sigurðsson
Sími:	898 8039
Netfang:	dagnys09@ru.is
Veffang:	beintfrabyli.is/laugarmyri
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	20. maí -30. september.
Aðstaða:	Nei.

Stórhóll
Skagafirði,
560 Varmahlíð

Vörur:	**Handverk.**
Ábúendur:	Sigrún Helga Indriðadóttir og Þórarinn Guðni Sverrisson
Sími:	453 8883 og 823 2441
Netfang:	runalist@runalist.is
Veffang:	runalist.is
Tökum á móti:	Einstaklingum.
Opnunartími árs:	Allt árið eftir samkomulagi, gera þarf boð á undan sér.
Aðstaða:	Nei.

Garður
Eyjafjarðarsveit
600 Akureyri

Vörur:	**Nautakjöt**
Ábúendur:	Aðalsteinn Hallgrímsson og Garðar Hallgrímsson
Sími:	867-3826
Netfang:	naut@nautakjot.is
Veffang:	http://nautakjot.is
Tökum á móti:	Hópum
Opnunartími árs:	Allt árið, sé pantað með fyrirvara
Aðstaða:	

Holtsel
Eyjafjarðarsveit
601 Akureyri

Vörur:	**Heimagerður rjómaís, sorbe, ís fyrir sykursjúka og fólk með mjólkuróþol, jógúrt, egg, nautakjöt.**
Ábúendur:	Guðrún Egilsdóttir og Guðmundur Jón Guðmundsson
Sími:	463 1159 og 861 2859
Netfang:	holtsel@holtsel.is
Veffang:	holtsel.is
Tökum á móti:	Hópum og einstaklingum.
Opnunartími árs:	Íssala allt árið. Kaffihús júní - sept., eftir samkomulagi á öðrum tímum.
Aðstaða:	Snyrting og aðstaða fyrir fatlaða.

Litli-Dunhagi
Hörgársveit
